# Íþróttabandalag Akraness

***Stofnað 1946***

# Ársskýrsla 2022




**79. ársþing 2023**

## Skýrsla stjórnar ÍA starfsárið 2022

## Stjórn ÍA árið 2022 skipuðu:

| | |
|---|---|
| **Formaður:** | Hrönn Ríkharðsdóttir |
| **Varaformaður:** | Emililía Halldórsdóttir |
| **Meðstjórnendur:** | Gyða Bergþórsdóttir, Erla Ösp Lárusdóttir, Heiðar Mar |
| **Varamenn:** | Marella Steinsdóttir og Trausti Gylfason. |

### Starfsmenn ÍA 2022:

Berglind Björgvinsdóttir – umsjón með samskiptum vegna Afrek þjálfara og FVA
Gunnlaugur Sölvason – sá um viðhald á tækjum í þreksal ofl. til júní 2022.
Jóhann Pétur Hilmarsson – tók við viðhaldi og umsjón á þreksal í júli 2022
Guðmunda Ólafsdóttir – framkvæmdastjóri – daglegur rekstur bandalagsins
Petrea Emilía Pétursdóttir – bókhald.

## Formenn aðildarfélaga ÍA árið 2022 voru:

Brynja Kolbrún Pétursdóttir formaður Badmintonfélags ÍA

Valgerður Ása Kristjánsdóttir formaður Blakfélagsins Bresa

Steinar Helgason formaður Fimleikafélags Akraness

Pétur Ottesen formaður Golfklúbbsins Leynis

Ása Hólmarsdóttir formaður Hestamannafélagsins Dreyra

Bjarni Þór Benediktsson formaður Hnefaleikafélags Akraness

Sigurlaug Njarðardóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts

Gyða Einarsdóttir formaður Karatefélags Akraness

Ársæll Rafn Erlingsson formaður Keilufélags Akraness

Sigurður Reynisson formaður Klifurfélags ÍA

Eggert H. Herbertsson formaður Knattspyrnufélags ÍA

Sveinbjörn Hlöðversson formaður Knattspyrnufélagsins Kára

Einar Örn Guðnason formaður Kraftlyftingafélags Akraness

Fannar Helgason formaður Körfuknattleiksfélags ÍA

Guðmundur Benediktsson formaður Sigurfara - siglingafélags Akraness

Sigfús Agnar Jónsson formaður Umf. Skipaskaga

Stefán Gísli Örlygsson formaður Skotfélags Akraness

Ágúst Júlíusson formaður Sundfélags Akraness

Jóhann Pétur Hilmarsson formaður Vélhjólaíþróttafélags Akraness

## Ávarp formanns

Kæru félagar og ágætu gestir.

Það er mér mikil ánægja að bjóða ykkur velkomin á ársþing ÍA 2023. Í þetta sinn stend ég hér sem formaður Íþróttabandalags Akraness og er afar stolt af því.

Íþróttabandalagið hefur verið stór hluti af mínu lífi alla tíð. Íþróttaiðkun fjölskyldunnar hefur verið alltaf verið mikil. Pabbi spilaði fótbolta, mamma æfði frjálsar, við systur æfðum sund og frjálsar og Jón Leó bróðir minn fótbolta og frjálsar. Barnabörnin hafa líka staðið sig ágætlega. Þar er að finna landsliðsmann og konu í knattspyrnu, Olympíufara í sundi, verðlaunakylfinga og upprennandi flott íþróttafólk. Ég nefni þetta vegna þess að meðal okkar allra, í fjölskyldum okkar allra er að finna einstaklinga sem hafa staðið sig vel með einum eða öðrum hætti. Ekki endilega í íþróttum, og ekki endilega með verðlaunum, heldur með því að leggja sig fram og vilja gera sitt besta á hverjum tíma og síðan bæta sig enn frekar. Hér vil ég leggja áherslu á mikilvægi hvatningar og stuðnings frá foreldrum, fjölskyldum, skólasamfélaginu og bæjarfélaginu. Það geta ekki allir orðið afreksfólk en það geta allir lagt sig fram og gert sitt besta í hverju sem þeir taka sér fyrir hendur.

Íþróttabandalagið hefur átt langt og farsælt samstarf við Akraneskaupstað, bæjarstjórn og starfsmenn hans. Við viljum hér þakka Sævari Frey Þráinssyni, fyrrum bæjarstjóra fyrir frábært samstarf og óskum honum velfarnaðar í nýju starfi. Við bindum miklar vonir við samstarf við nýjan bæjarstjóra Harald Benediktsson. Að öðrum ólöstuðum hefur samstarf okkar verið mest við Sævar Frey, Steinar, Valgerði meðan hún var og nú Dagnýju ásamt skóla- og frístundaráði. Þeim og öllum starfsmönnum bæjarins og bæjarstjórn eru færðar þakkir, án ykkar allra væri margt öðru vísi en raun ber vitni. Við hlökkum til áframhaldandi farsæls samstarfs við ykkur.

Miklar framkvæmdir hafa verið á síðustu árum og bærinn komið mjög rausnarlega að uppbyggingu íþróttamannvirkja, svo sem frístundamiðstöðvar að Garðavöllum, reiðhöll og fimleikahús. Núna standa yfir framkvæmdir við íþróttahús á Jaðarsbökkum. Allt þetta skiptir máli fyrir Akranes og íbúa bæjarins. En samt vantar........

Knattspyrnumennirnar okkar hafa í áratugi verið í fremstu röð. Undanfarin ár hefur heldur hallað undan og má með nokkurri sanngirni segja að aðstaða þeirra til æfinga og keppni hafi þar haft áhrif. Viljayfirlýsing Akraneskaupstaðar, Ísoldar fasteignafélags, Knattspyrnufélags ÍA og ÍA snýst m.a. um að bæta þar úr. Fyrir hönd Íþróttabandalagsins get ég sagt að við gengum til þessa verkefnis með opnum huga og af einlægni. Eins og alltaf og alls staðar bíðum við eftir að sjá hugmyndir, teikningar og nánari útfærslu áður en lengra verður haldið.

En gleymum ekki sundfólkinu okkar. Það hefur æft við fullkomlega óviðunandi aðstæður í langan tíma. Ég sé t.d. ekki knattspyrnumennina okkar og konurnar æfa við hliðina á eða með almenningi á sínum æfingasvæðum en það gera sundmennirnir. Stundum við lítinn skilning hins almenna bæjarbúa. En í þeirra hópi eru samt Ólympíufarar og Íslandsmeistarar. Forsvarsmenn Sundfélagsins hafa í áraraðir gert tilkall til þess að fá innanhússlaug sem væri lögleg keppnislaug. Stjórn Íþróttabandalags Akraness stendur einhuga að baki Sundfélaginu um að gera skýra kröfu um að fyrsta skóflustungan að slíkri laug verði tímasett.

Dagskrá ársþingsins er með hefðbundnum hætti í samræmi við reglur þar að lútandi. Það er Sundfélagið sem stendur fyrir veitingum í hlé og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Þau eru sérfræðingar á þessu sviði í okkar huga.

Hrönn Ríkharðsdóttir– formaður ÍA

## 78. ársþing ÍA

25. apríl 2022 var 78. ársþing Íþróttabandalags Akraness haldið í Tónbergi, sal Tónlistarskólans. Marella Steinsdóttir formaður ÍA setti þingið og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir var kjörinn þingforseti. Í kjöri til stjórnar varð breyting því Marella Steinsdóttir gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður Íþróttabandalags Akraness og var það Hrönn Ríkharðsdóttir sem kjörin var formaður,  Emilía Halldórsdóttir kjörin varaformaður Íþróttabandalagsins. Gísli Karlsson og Líf Lárusdóttir gáfu ekki kost á sér til endurkjörs til stjórnar og í þeirra stað voru Gyða Bergþórsdóttir og Heiðar Mar kjörin til stjórnar.  Erla Ösp og Trausti Gylfason sitja áfram í stjórn ÍA.

Marellu Steinsdóttur var þakkað innilega fyrir hennar störfs sem formaður ÍA, hún gaf kost á sér til setu í varastjórn og var hún kjörin til þess.

Gísla og Líf var þakkað fyrir þeirra miklvægu störf í þágu íþrótta á Akranesi.

Fram kom að rekstur ÍA og aðildarfélaga er í ágætis efnum þrátt fyrir miklar takmarkanir á öllu starfi sem einkenndi árið 2021, mikillar bjartsýni gætir með framhaldið, sérstaklega þegar litið er til þeirra miklu framkvæmda sem nú eru á íþróttamannvirkjum bæjarins.






# Bandalagsmerki ÍA

Níu einstaklingar voru sæmdir bandalagsmerki ÍA fyrir langt og farsælt starf í þágu ÍA og aðildarfélaga þess. Þeir sem hlutu viðurkenningu á 78. ársþingi voru í stafrófsröð :

Drífa Harðardóttir Badmintonfélag Akraness

Garðar Jónsson Körfuknattleiksfélag Akraness

Guðmundur Egill Ragarsson Körfuknattleiksfélag Akraness

Hörður Harðarson Körfuknattleiksfélag Akraness

Inga Ósk Jónsdóttir Hestamannafélagið Dreyri

Ingibjörg Stefánsdóttir Golfklúbburinn Leynir

Kristvin Bjarnason Golfklúbburinn Leynir

Olga Magnúsdóttir Körfuknattleiksfélag Akraness

Ólöf Húnfjörð Samúlesdóttir Hestamannafélagið Dreyri

Samúel Guðmundsson Körfuknattleiksfélag Akraness

Viktor Elvar Viktorsson Golfklúbburinn Leynir.





## Starfsemi íþróttabandalagsins 2022

Árið 2022 var árið sem allt byrjaði eiginlega aftur. Fólk þyrsti í samveru og viðburði.

Breytingar urðu á starfsmannahópi Íþróttabandalagsins frá því 2022. Gunnlaugur Sölvason lét af störfum hjá bandalaginu. Hann hafði í nokkurn tíma séð um viðhald og verði með umsjón á þrektækjum í eigu bandalagsins. Íþróttabandalagið sendir honum bestu þakkir fyrir allt hans starf. Samið var við Jóhann Pétur Hilmarsson að sinna þessu viðhaldi og umsjón í stað Gunnlaugs. ÍA fékk til sín starfsnema frá Háskólanum í Reykjavík frá september til desember Kolbrún Helga Hansen heitir hún og er búsett á Akranesi, Hún að ljúka mastersnámi í íþróttastjórnun sem er bæði frá Háskólanum í Reykjavík og háskólanum í Molde í Noregi. Petrea Emelía Pétursdóttir færði allt bókhald fyrir ÍA og hélt utan um það vel eins og undanfarin ár.

Stjórn ÍA hélt reglulega fundi á árinu ásamt því að halda tvo vinnudaga stjórnar, þar sem stjórn hittist í nokkra klukkutíma og fer yfir ýmis mál. Stjórn ÍA hélt að auki tvo formannafundi, einn í október og annan jólafund í desember. Á þeim fundum er farið yfir það helsta sem brennur á formönnum aðildarfélaganna og málefni sem snerta hreyfinguna í heild sinni eru tekin fyrir og rædd. Á fundi í október voru ný lands lög í þágu barna kynnt sem ganga undir heitinu „Farsældarlög“. Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri innleiðingar hjá Akraneskaupstað kom og kynnti þau. Á þessum fundi fór Hrönn formaður stjórnar ÍA yfir hugmyndir að íþróttagrunn fyrir 1-4 bekk í grunnskóla Akraness, fundurinn veitti stjórn ÍA heimild til þess að móta þessar hugmyndir áfram og góðar umræður sköpuðust um þessa hugmynd. Á þessum fundi var einnig rætt um samstarfið við Akraneskaupstað og nýr forstöðumaður íþróttamannvirkja kynntur. Rætt var einnig í október mikilvægi þess að góð mæting sé ársþing og á þá fundi sem boðað er til. Á þessum vetvangi er mikilvægt að allir eigi fulltrúa til þess að koma saman og ræða þau mál sem brýn eru og veita upplýsingar. Til þess að skrifstofa ÍA nýtist sem best fyrir öll aðildarfélög þurfa allar upplýsingar að berast þangað og allir þurfa að tala saman. Á formannafundi í desember þar sem allir koma saman og borða góðan mat voru skemmtilegar umræður. Á jólafundi fékk ÍA Hjálm Dór Hjálmsson til þess að kynnar verkefni sem hann kom að sem starfsmaður KPMG og var verkefnið á Húsavík. Þar var sett upp í samstarfi skóla, bæjaryfirvalda og íþróttafélagsins og megin markið verkefninsins var að fjölga iðkendum til framtíðar. Stjórn ÍA fékk heimild fundarins að halda áfram að skoða þetta og fá ráðgjöf hjá KPMG í næstu skrefum. Einnig var á þessum jólafundi kynnt ný útgefin samræmd viðbragðsáætlun íþrótta og æskulýðsmála. Markmiðið með þessari viðbragðsáætlun er að færa aðilum innan íþrótta og æskulýðsfélaga og samtaka um allt land samræmda áætlun vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í þessu starfi. Það var góð mæting frá félögum á þessum fundi og voru fundargestir sammála um mikilvægi þess að halda svona fundi fyrir sameiginlegan vettvang umræðna og líka að þeir væru eiginlega bara skemmtilegir.

## Rekstur

Rekstur ÍA gekk með ágætum, ver þetta fyrsta rekstar árið þar sem ÍA hafði ekki fulla ábyrgð á þreksölum og útleigu þeirra. Rekstur var tryggður með föstum styrk frá Akraneskaupstað og skiptir það starf Íþróttabandalagsins miklu máli að hafa fastar rekstartekjur. Þrátt fyrir taprekstur á árinu gat ÍA þó veitt aðildarfélögum heildarstyrk að upphæð kr. 12 milljónir sem úthlutað var undir lok árs. Ekki var mikið um útleigu á stólum og borðum og ekki var þorrablót Skagamanna haldið í raunheimum og því ekki nein greiðsla frá þorrablóti vegna stóla og borða í

samræmi við samning þar um. Þó var eitthvað um leigu og fékk ÍA tekjur að upphæð kr. 842.640 fyrir það. Tekjur af Lottó ásamt styrkjum frá Akraneskaupstað veru mikilvægir þættir í rekstrinum. Nýtt fyrirkomulag var tekið upp 2021 í útdeilingu styrkja og fóru flest allir styrkir Akraneskaupstaðar til íþróttahreyfingarinnar í gegnum ÍA sem skýrir áfram hækkun styrkja í rekstarreikningi ÍA. Gott gengi Íslenskrar getspár hélt áfram 2022, sem kom sér vel í rekstrinum.

Framkvæmdastjóri er í góðu samstarfi vði Skóla og frístundasvið Akraneskaupstaðar og tekur þátt í nokkrum verkefnum þar. Eigið fé Íþróttabandalagsins var tæplega 80 milljónir króna í árslok 2022 og hækkar milli ára, aðallega vegna lækkunar á almennum rekstarkosnaði og hækkun á fasteignamati á milli ára . Ný heimasíða fór í loftið sem hækkaði gjöld í tölvumálum um óverulega upphæð. Stærstu eignir ÍA eru peningalegar eignir og eignarhlutur í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum.

## Nýr samningur við Akraneskaupstað.

Á árinu 2022 hélt áfram vinna sem hófst 2019 vegna langtímasamnings a.m.k til fimm ára við Akraneskaupstað. Viðræður og vinna sóttist ágætlega sem endaði með undurritun á nýjum fimm ára samningi í apríl 2022. Það er alltaf þannig í allri samningagerða að samingsaðilir fá ekki allt sem þeir vilja. Stjórn ÍA er heilt yfir ánægð með þennan samning sem gerður var og vill þakka Akraneskaupstað fyrir þá vinnu sem lögð var í hann.

Samningurinn er á hverju ári opinn til samtals um breytingar af beggja hálfu og hefur þessi samningur leitt til þess að aukið samtal er á milli Íþróttabandalagsins og Skóla og frístundasvið og fjölgun funda með ráðinu. Samtal er almennt alltaf af hinu góða.

Það fór þó svo að ákvörðun var tekin um aukin fjárframlög til íþróttamála og var sú ákvörðun samþykkt af Bæjarstjórn þann 14. desember 2021. Framlag Akraneskaupstaðar hækkaði frá fyrra ári, úr 45 í m.kr. í 64,5 m.kr. sem er framlag til aðildarfélaga ÍA ásamt rekstarstirk til handa bandalaginu. Úthlutað var samkvæmt þeim reglum sem settar voru 2021. Stjórn ÍA fagnar þessari niðurstöðu, þessi hækkun er vísitölu tryggð ásamt því að tengjast íbúafjölda. Með hækkandi íbúafjölda hækka framlög. Íbúafjöldi 1. jan. 2022 var 7.843

Íþróttahreyfinginn á Akranesi vill alltaf fá aukið fjármagn til reksrar það á engum að dyljast. Stjórn ÍA telur þetta eitt af mikilvægum skrefum í að ná lengra og einnig á sama tíma skoða sitt innra starf um það hvernig fjármagn nýtist sem best og í samstarfi við Akraneskaupstað.

Það skal áréttað hér sem í skýrlsu síðasta árs var sagt með breytingu sem gerð er í þessum samningi og tengist sérstaklega rekstri Íþróttabandalagsins. *„Akraneskaupstaður tók yfir rekstur þreksala frá 1. jan. 2022 og greiðir í staðinn styrk beint til íþróttabandalagsins kr. 15 milljónir á ári með vísitöluhækkun árlega. Samhliða þessu yfirtekur Akraneskaupstaður rekstur eignarhluta Íþróttabandalagsins í Jaðarsbökkum en á móti er Íþróttabandalaginu tryggt húsnæði fyrir skrifstofu og alla aðstöðu fyrir sína starfsemi í nýju húsnæði sem í byggingu er á Jaðarsbökkum, ásamt með þreksal fyrir aðildarfélög ÍA. Íþróttabandalagið á öll þau tæki og tól sem í þreksölum eru, munu þau tæki fara í nýjan sal."*

# Samstarfsvettvangur ÍA

## Akraneskaupstaður

Markmið Íþróttabandalagsins er ávallt að stuðla að fjölbreyttu íþróttastarfi á Akranesi og efla einnig hreyfingu almennings í allri sinni mynd í samstarfi við ýmsa aðila. Árið 2022 var ár breytinga og margir af þeim árlegu viðburðum sem við þekkjum svo vel úr sögunni fóru ekki fram og sumir lagðir niður alveg. ÍA er í samstarfi Akraneskaupstað og fulltrúi ÍA situr við borðið í mörgum starfs og stýri hópum. ÍA á m.a. sæti í stýrihóp um Heilsueflandi samfélag og tómstundateymi Akraneskaupstaðar. Í gegnum allt samstarf er ÍA að stuðla að sínum markmiðum að efla fjölbreytileka í framboði í hreyfingu. Þannig að hreyfing geti verið aðgengilegri fyrir alla frá vöggu til grafar. Að iðkendum líði vel á æfingum og finni sig örugg í sínu æfinga umhverfi. Samstarf við hina ýmsu hópa innan Akraneskaupstað eflir allt starf hjá ÍA.

## ÍSÍ.

Kvennahlaup ÍSÍ var lagt niður árið 2022 og fór því ekki fram.
Skagamenn voru hvattir til þess að taka þátt í örðum viðburðum sem haldnir voru á vegum ÍSÍ allt árið. Margir skemmtilegir viðburðir eru haldnir um land allt.
Hjólað í vinnunna er mjög vinsælt verkefni á Akranesi og hvetur ÍA alla til þess að taka þátt á hverju ári..
Meðal annars tók ÍA þátt í samstarfi við Heilsueflandi samfélag á Akranesi að skipuleggja evrópska hreyfiviku í samstarfi við ÍSÍ. Það er árlegur viðburður sem haldin er í september.
Þetta árið lögðu Heilsueflandi samfélag á Akranesi og ÍA áherlsu á að fá samfélagið með í hreyfingu og heilbrigðan lífstíl með því að hafa samband við stofnanir og fyrirtæki.
Skólarnir og leikskólar fléttuðu fjölbreytta hreyfingu inn í sitt daglega starf þessa viku.
ÍA stóð fyrir fyrirlestri fyrir alla þjálfara aðildarfélag um samskipti við iðkendur og samskipti alemnnt. Ásamt því að vera í samstarfi á Vesturlandi með kynningu í Borgarnesi frá Samtökum 78. Þetta tókst vel til og vonandi bara fyrsta skrefið í átt að meira samstarfi á Vesturlandi í málefnum íþrótta og hreyfingar í víðustu mynd. Var þetta gert með stuðningi ÍSÍ í hreyfiviku.
Bókasafn Akraneskaupstaðar hýsti fyrirlestur á vegum Últraforms með fullum sal og góðri mætingu.
Það er mikilvægt í okkar samfélagi að fá sem flesta í að finna það hreyfi úrræði sem hentar hverjum og einu. Því hvetjum alla til þess að taka þátt í því sem í boði er hverju sinn.
Í nóvember síðustu ár hefur ÍSÍ verið með átak í sundi í samstarfi við sundsambandið og hvatti ÍA alla til þess að taka þátt og synda með.
Í nýrri stefnu ÍSÍ segir um framtíðarsýn ÍSÍ *: Íþróttir skipi mikilvægan sess meðal allra landsmanna alla ævi, ígegnum þátttöku og upplifun sem sameinar íslensku þjóðina.*
Það er nauðsynlegt fyrir Íþróttabandalag Akraness að taka virkan þátt í starfi ÍSÍ og hafa aðgang að skrifstofu þeirra, það eflir starfið heima í héraði.
Nánarir upplýsingar um starfsemi ÍSÍ er að finna á isi.is
Þess má geta að fyrrum framkvæmdsstjóri ÍA Hildur Karen Aðalsteinsdóttir situr í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

**UMFÍ.**

Íþróttabandalagið hefur verið aðili innan UMFÍ síðan 2019 og hefur sú aðild verið farsæl.

UMFÍ flutti þjónustuskrifstofu sína á Engjaveg eftir að hafa selt húsnæði sitt í Sigtúni, með þessu er stórt skref stigði í aðstæðum til aukins samstarfs, því nú er stórhluti af skrifstofum íþróttahreyfingarinnar undir sama þaki.

ÍA fékk heimsóknir frá UMFÍ í byrjun árs 2022 á þeim fundi fékk ÍA betri upplýsingar um starfsemi UMFÍ.

Það mjög gott að fá að hreyra beint frá formanni UMFÍ og öðrum stjórnaraðilum og framkvæmdastjóra UMFÍ hvað öflugt starf færi fram. Ekki það að ÍA hafði að sjálfsögðu kynnt sér þetta fyrir og með beiðni um inngöngu.

En vegna COVID og þeirra hamlana sem þá voru hafði ekki tekist að ná þessum fundi áður og samtalið er alltaf gott.

Helstu viðburðir UMFÍ fóru í gang aftur 2022 eftir hlé og var þátttaka almennt góð.

Landsmót 50+ var haldið hjá nágrönnum ÍA í Borgarnesi og tókst með ágætum. Næsta landsmót 50+ verður einnig á Vesturlandi eða í Stykkishólmi á starfssvæði HSH og hvetur ÍA alla að taka þátt og fara í Stykkishólm dagana 23-25 júní n.k.

Unglingalandsmótið var haldið um verslunnarmanna helgin á Selfossi þar komu um 1000 keppendur saman ásamt fjölskyldum og vinum saman. Þar var hópur sem keppti undir fána og merkjum ÍA. Það var virkilega skemmtilegt að sjá ÍA fánann blakta í skrúðgöngu hjá svo ánægðum krökkum. Mótið tókst vel og hvetur ÍA fjölskyldufólk og ungmenni að fara á þessi skemmtilegu mót, næsta mót verður haldið á Sauðárkróki um verlsunnarmannahelgina dagana 4. til 6. ágúst n.k.

Önnur verkefni m.a. sem UMFÍ starfrækir eru Skólabúðir á Reykjum og Íþróttaveisla

Undir merkjum íþróttaveislu er t.d. Forsetahlaup og Drulluhlaup haldið.

UMFÍ starfrækir sjóði sem íþróttahreyfinginn getur sótt styrki í til þess að efla sitt starf.

Nánari upplýsingar um starfsemi UMFÍ er að finna á www.umfi.is

Þess má geta að núverandi framkvæmdastjóri ÍA Guðmunda Ólafsdóttir situr í varastjórn UMFÍ.

# Styrkir til félaga

### Rekstrarstyrkir

Aðildarfélög ÍA fengu 12 milljónir í beina rekstrarstyrki frá Íþróttabandalaginu og eru þeir reiknaðir út á sama hátt og styrkir Akraneskaupstaðar til félaganna í stærðarhlutfalli.

Flestir styrkir frá Akraneskaupstað til aðildarfélag ÍA eru greiddir nú í gegnum Íþróttabandlagið og er útgreiðsla samkvæmt reglum þar um.

### Styrkur vegna vorhreinsunar

Vorhreinsun fór fram í samstarfi við Akraneskaupstað mjög stuttur fyrirvari var gefin á því verkefni og var því Fimleikafélaginu falið að sjá um þennan dag og fá önnur félög með eins og hægt væri.

### Styrkur frá Hvalfjarðarsveit

Í fyrsta skipti var strykur greiddur í gengum Íþróttabandalagið til aðildarfélaga sem hafa iðkendur með lögheimili í Hvalfjarðarsveit.

Samtals í heildina var styrkurinn kr. 3.717.500,-



# Húsnæðismál

### Fimleikahús og Íþróttahús á Vesturgötu

Á árinu 2020 var Fimleikahús tekið í notkun. Formlega vígsla á húsinu var 6. maí 2022. Langur aðdragandi var að ákvörðun um byggingu hússins og hófst hann eiginlega 2010 þar sem starfshópur skipaður af bæjarstjórn skilaði skýrslu um mat á íþróttaaðstöðu í eigu Akraneskaupstaðar og mati á aðstöðu félaga innan ÍA. Niðurstaða starfshópsins var að efst á lista væri bygging fimleikahúss.

Í fyrstu voru skoðaðir tveir valkostir um staðsetningu þ.e. annaðhvort á Jaðarsbökkum eða við Vesturgötu, Vesturgatan varð síðan fyrir valinu og og hönnun á húsinu lauk 2018. Við vígsluna þakkaði Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri þeim fjölmörgu aðilum sem komið hafa með einum eða öðrum hætti að byggingu hússins, ákvarðanatöku og eftirliti með að allt væri þar samkvæmt reglum og að keyptur væri sá búnaður sem til þarf. Þakkaði Sævar öllum fyrir frábært starf og góða samvinnu við að koma upp þessu glæsilega húsi sem er lögleg keppnishöll og þykir einstaklega vel heppnað. Auk Sævars fluttu ávörp Eyrún Reynisdóttir, fulltrúi FIMÍA og Valgarður Lyngdal Jónsson, forseti bæjarstjórnar.

### Íþróttahúsið á Vesturgötu

Mygla fannst á nokkrum stöðum í húsinu árið 2021 og loka þurfti hluta þess og enn hefur ekki verið hægt að opna kjallara aftur, anddyri var endurnýjað að hluta til og var það lokað til áramóta 2022/2023 fram að því var fundin lausn á aðgengi körfuknattleiks vegna leikja þeirra

Nánast öll starfsemi var færð úr kjallara Vesturgötunnar og það sem hægt var að færa fært upp á Jaðarsbakka. Kraftlyftingar fengu annað húsnæði í byrjun árs 2022. Karatefélagið og Hnefaleikafélagið færðu sínar æfingar á Jaðarsbakka, sem er ekki hentugt húsnæði fyrir þá starfsemi en það var látið ganga upp tímabundið. Það var þó með fórnum gert því ekki geta eins margir æft á Jaðarsbökkum Badmintonfélagið þurfti að hætta við stórt mót og körfuknattleiksfélagið gat ekki selt inn á leiki eða tekið á móti gestum, þegar það var orðið heimilt vegna COVID takmarkana, einnig vegna þessarar lokunar. Lokun vegna viðgerða á anddyri stóð til áramóta 2022/2023

### Nýtt íþróttahús við Jaðarsbakka.

Framkvæmdir við nýtt íþróttahús að Jaðarsbökkum hófust í október 2021 nokkrum mánuðum eftir áætlaða byrjun. Verktaki í uppsteypu á Jaðarsbökkum hefur unnið upp allar tafir sem ornar voru í uppsteypu og gengur verkið vel. Áætlanir gera ráð fyrir að þessum áfanga uppbyggingar verði lokið haustið 2024 og er engin ástæða til þess að ætla að það standist ekki.

### Kirkjuhvoll

Í nóvember 2022 ákvað Akraneskaupstaður og fela ÍA umsjón og ábrygð á húsnæði í þeirra eigu sem Kirkjuhvoll heitir. Húsnæðið hafði verið í útleigu undir atvinnustarfsemi áður en því var hætt um haustið 2022. Aðildarfélög ÍA fengu leigð herbergi fyrir t.d. leikmenn og þjálfara sem komu erlendisfrá. Þetta var mikil styrkur fyrir félög að greiða lágmarks gjald og eingöngu fyrir þeim kostnaðir sem til fellur við rekstur húsnæðisins.

Íþróttabandalagið vill þakka Akraneskaupstað fyrir allar framkvæmdir í þágu íþrótta og hreyfingar, því þær munu efla íþróttir og almenna hreyfingu á Akranesi til lengri tíma litið.

## Íþróttamaður ársins 2022 á Akranesi



Kristín Þórhallsdóttir kraftlyftingakona var kjörin Íþróttamaður Akraness 2022 og er þetta í þriðja sinn sem hún hlýtur þennan merka titil. Kristín Þórhallsdóttir er líkalega ein sterkasta kona landsins.

Helstu afrek Kristínar á árinu 2022 eru silfurverðlaun í samanlögðu á Heimsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum í opnum flokki sem fór fram í Suður-Afríku í júní. Einnig komst hún á pall í öllum þremur greinum kraftlyftinga, hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu.

Í öðru sæti í kjörinu varð Einar Margeir Ágústsson sundmaður og í þriðja sæti varð Björn Viktor Viktorsson kylfingur.

### Tilnefndir íþróttamenn fyrir árið 2021:

Björn Viktor Viktorsson, golf /Leynir
Bryndís Rún Þórólfsdóttir, Knattspyrnuf. ÍA
Einar Margeir Ágústsson, sund
Eyþór Aron Wöhler, Knattspyrnuf. ÍA
Hrafnhildur Jökulsdóttir, fimleikar
Ísak Birkir Sævarsson, keila
Jakob Daniel Margratetuson, Karate
Jakob S. Sigurðsson, Dreyri
Júlíus Duranona, karfa
Kristín Þóhallsdóttir, kraftlyftingar
Máni Berg Ellertsson, badminton
Sylvía Þórðardóttir, klifur
Stefán Gísli Örlygsson, skotfimi







## Iðkendur ÍA í landsliðsverkefnum og meistara titlar

Eins og fram kemur í árskýrslum félaga inna ÍA eru margir iðkendur frá Akranesi og þeir sem keppa undir merkjum ÍA að ná góðum árangri í sínum greinum afrekslega séð.

Það væri of langt að telja alla þá upp hér sem í skýrslunum koma fram og einnig leiðinlegt ef ekki allir eru taldir upp sem gott gera því upplýsingar hafi kannski ekki skilað sér til ÍA.

Því óskum við þeim öllum til hamingju með sinn árangur og óskum þeim velfarnaðar í áframhaldandi starfi í sínum greinum.

Við hvetjum ykkur til þess að lesa áfram og kynna ykkur allan þann fjölda sem frá aðildarfélögum ÍA sem unnið hafa til afreka.

ÁRFAM ÍA



## Áritun

Ársreikning þennan fyrir Íþróttabandalag Akraness höfum við yfirfarið og sannreynt stöður þar með talið banka.
Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi 1.1.2022 til 31.12.2022
og efnahagsreikningi hinn 31.12.2022 og er hann í samræmi við bækur
og upplýsingar frá félaginu

Akranes 24.04.2023

Félagskjörinn skoðunarmaður

Félagskjörinn skoðunarmaður

Hrönn Ríkharsðdóttir (sign)
Formaður Íþróttabandalags Akraness

Framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Akraness

Erla Ösp Lárusdóttir (sign)
Gjaldkeri

Gyða Bergþórsdóttir (sign)
Ritari stjórnar

Emilía Halldórsdóttir (sign.)
Varaformaður

Heiðar Mar (sign.)
Meðstjórnandi

# Rekstrarreikningur 1.1.2022 - 31.12.2022

| | Skýringar | Raun 2022 | Raun 2021 | Raun 2020 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Lottó | | 14.585.137 | 11.677.925 | 10.596.826 |
| Styrkur frá Akraneskaupstað | | 65.868.545 | 49.595.570 | 5.225.000 |
| Styrkur frá Hvalfjarðarsveit | | 3.717.500 | | |
| Styrkur frá UMFÍ /Fræðslu og verkefnasjóður | | 795.000 | 5.887 | 7.480 |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ | | 133.003 | 1.367.561 | 1.300.392 |
| Hlutdeild í sölu getrauna | | 849.607 | 800.000 | 802.089 |
| Trimm/aðstöðugjöld | | 0 | 982.772 | 1.119.604 |
| Þreksalur | | 0 | 8.940.104 | 9.387.629 |
| Ýmsar tekjur | 1 | 1.835.121 | 5.188.957 | 4.507.969 |
| **Rekstartekjur samtals** | | **87.783.913** | **78.558.776** | **32.946.989** |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld, verktakagreiðslur | | 15.299.000 | 11.859.160 | 15.982.114 |
| Styrkir til aðildafélaga | | 62.596.641 | 48.973.920 | 14.019.254 |
| Tryggingar | | 123.820 | 112.735 | 99.385 |
| Fasteignagjöld | | 0 | 787.041 | 755.566 |
| Vatn og fráveita | | 280.817 | | |
| Íþróttaáhöld | | 841.209 | 1.451.136 | 610.324 |
| Önnur áhöld | | 17.950 | 352.631 | 649.176 |
| Skrifstofuáhöld | | 402.929 | 0 | 209.140 |
| Prentun, pappír og ritföng | | 64.174 | 97.136 | 141.339 |
| Kaffi og veitingar | | 1.980 | 30.035 | 96.031 |
| Auglýsingar | | 27.280 | 327.280 | 150.373 |
| Sími, internet, sjónvarps og tölvuþjónusta | 2 | 1.999.883 | 2.862.579 | 1.178.799 |
| Skráningakerfi aðildafélaga | | 2.769.147 | 1.877.859 | 0 |
| Funda og þingkostnaður | 3 | 1.102.546 | 454.762 | |
| Stuðningsmannavörur | | 7.000 | 151.035 | 206.764 |
| Birgðabreiting | | 197.900 | 664.200 | |
| Annar kostnaður | 4 | 2.275.394 | 1.555.105 | 2.403.774 |
| Afskriftir | 5 | 2.099.341 | 1.809.977 | 2.135.080 |
| **Rekstrargjöld samtals:** | | **90.107.011** | **73.366.591** | **38.637.119** |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði** | | **-2.323.098** | **5.192.185** | **-5.690.130** |
| **Fjármagnsliðir** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 834.946 | 125.915 | 183.106 |
| Vaxta- og þjónustugjöld | | -24.107 | -43.462 | -43.654 |
| Fjármagnstekjuskattur | | -183.685 | 0 | 0 |
| | | **627.154** | **82.453** | **139.452** |
| **Hagnaður/tap ársins** | | **-1.695.944** | **5.109.732** | **-5.829.582** |

## Skýringar

### 1. Ýmsar tekjur

| | |
|---|---|
| Rannís | 900.000 |
| Styrkur ÍSI vega fyrirlestra ........................... | - |
| Styrkir frá fyrirtækjum og einstaklingum...... | - |
| Leiga á borðum og stólum............................ | 842.640 |
| ÍA vörur ....................................................... | 92.481 |
| | 1.835.121 |

### 2.Sími, internet, sjónvarps og tölvuþjónusta

| | |
|---|---|
| Sími og internet.......................... | 64.174 |
| ÍA vefurinn .................................................... | 743.524 |
| Tölvukostnaður, officeleyfi.......................... | 738.694 |
| ÍA TV.......................................................... | 173.128 |
| Fréttir og upptökur v. ÍA............................. | 0 |
| Útbreiðsla sjónvarpsefnis Sýn og STEF........ | 280.363 |
| | 1.999.883 |

### 3. Funda og þingkostnaður

| | |
|---|---|
| Vegna ársþing ÍA | 413.270 |
| UMFÍ sambandsráðsfundur | 79.144 |
| Formannafundir á vegum ÍA | 610.132 |
| | 1.102.546 |

### 4. Annar kostnaður

| | |
|---|---|
| Viðhald íþróttatækja | 289.255 |
| Íþróttamaður Akraness.................................. | 523.501 |
| Innheimtugjöld/seðilsgjöld/leiga á posa... | 15.808 |
| Námskeiðsgjöld/fyrirlestrar/ráðgjöf......... | 142.868 |
| Kostnaður v/Kirkjuhvoll | 51.356 |
| Jólagjafir formanna/risna......................... | 587.749 |
| Félög vegna ýmisskonar vinna.................. | 550.000 |
| Rúta vegna fyrirlestur | 42.957 |
| Vegna forvarnir og fræðsla............ | 47.000 |
| Ýmis kostnaður......................................... | 24.900 |
| | 2.275.394 |

### 5. Afskriftir

| | |
|---|---|
| Staða áhalda, tækja og búnaðar 01.01........ | 6.405.240 |
| Eignfært á árinu......................................... | 2.967.432 |
| Afskriftir ársins........................................ | -2.099.341 |
| | 7.273.331 |

Afskriftahlutföll eru 25%

### 6.Útistandandi kröfur

| | |
|---|---|
| Aðrarskammtímakröfur | 85.414 |
| Lottó vegna des.......................................... | 1.059.770 |
| Getraunir vegna 2023................................ | 0 |
| | 1.145.184 |

# Efnahagsreikningur 31.12.2022

| Eignir | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Bankareikningar | 26.086.014 | 25.624.339 | 22.982.997 |
| Útistandandi kröfur | 1.145.184 | 4.157.873 | 2.318.630 |
| **Veltufjármunir samtals** | **27.231.198** | **29.782.212** | **25.301.627** |
| **Fastafjármunir** | | | |
| ÍA íþróttavörur til endursölu | 477.550 | 675.450 | 1.339.650 |
| Skrifstofubúnaður, fjölmiðlatæki ofl. | 100.282 | 133.709 | 178.279 |
| Búnaður í veitningasal | 1.203.107 | 1.604.143 | 2.138.857 |
| Skilti á íþróttamannvirkjum | 959.016 | | |
| Íþróttatæki í þreksölum | 3.837.810 | 3.692.080 | 4.088.104 |
| Eignarhluti í íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum | 47.460.000 | 40.060.000 | 37.170.000 |
| **Fastafjármunir samtals** | **54.037.765** | **46.165.382** | **44.914.890** |
| **Eignir samtals** | **81.268.963** | **75.947.594** | **70.216.517** |
| **Eigið fé** | | | |
| Höfuðstóll frá fyrra ári | 74.491.606 | 66.491.874 | 70.252.552 |
| Hækkun á fasteignamati | 7.400.000 | 2.890.000 | 1.790.000 |
| Afkoma ársins | -1.695.944 | 5.109.732 | -5.829.582 |
| **Eigið fé samtals** | **80.195.662** | **74.491.606** | **66.212.970** |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir, ógreiddur kostnaður | 452.059 | 447.515 | 349.985 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 621.242 | 843.567 | 374.658 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 0 | 0 | 3.000.000 |
| **Skuldir samtals** | **1.073.301** | **1.291.082** | **3.724.643** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **81.268.963** | **75.782.688** | **69.937.613** |

## Minningarsjóður Guðmundar Sveinbjörnssonar

### Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2022

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| **TEKJUR:** | | |
| Sala minningarspjalda | 0 | 4.000 |
| Vextir og verðbætur | 47.641 | 7.949 |
| **Tekjur** | **47.641** | **11.949** |
| **GJÖLD:** | | |
| Þjónustugjöld | 0 | 0 |
| Styrkir | 450.000 | 450.000 |
| **Gjöld** | **450.000** | **450.000** |
| Gjöld umfram tekjur | **-402.359** | **-438.051** |
| **Tap** | **-402.359** | **11.949** |

### Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| **EIGNIR:** | | |
| Íslandsbanki 552-14-645 | 1.955.643 | 2.358.002 |
| **Eignir** | **1.955.643** | **2.358.002** |
| **SKULDIR:** | | |
| | 0 | 0 |
| **Skuldir** | **0** | **0** |
| **EIGIÐ FÉ:** | | |
| Eigið fé frá fyrra ári | 2.358.002 | 2.796.053 |
| (Halli)/hagnaður ársins | -402.359 | -438.051 |
| **Eigið fé** | **1.955.643** | **2.358.002** |
| **Skuldir og eigið fé** | **1.955.643** | **2.358.002** |

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning þennan.
Leggjum við til að hann verði samþykktur.

Akranesi 24.04.2023

Bergþór Guðmundsson    Magnús Brandsson

## Helstu rekstrartölur aðildarfélaga ÍA 2022

| Félag | Tekjur | Gjöld | Hagn. / Tap | Eignir | Skuldir |
|---|---|---|---|---|---|
| Badmintonfélag | 7.988.599 | 8.527.095 | -538.496 | 3.302.664 | 628.403 |
| Blakfélagið Bresi | | | | | |
| Fimleikafélag | 70.068.471 | 67.018.698 | 3.049.773 | 25.373.863 | 2.616.815 |
| Golfklúbburinn Leynir | 144.019.169 | 115.580.660 | 28.438.509 | 204.454.832 | 67.224.389 |
| Hestamannafélagið Dreyri | 12.949.636 | 19.606.468 | -6.656.832 | 67.597.279 | - |
| Hnefaleikafélag | 117.571. | 620.796. | - 503.225 | 242.775 | - |
| Íþróttafélagið Þjótur | 681.218. | 1.831.299 | -1.150.081 | 1.047.069 | - |
| Karatefélag | 2.871.113 | 2.941.376 | -70.263 | 1.759.276 | - |
| Keilufélag | 10.310.655 | 10.039.043 | 271.612 | 2.592.831 | - |
| Knattspyrnufélag ÍA | 305.373.567 | 294.046.707 | 11.326.860 | 41.019.464. | 4.696.313 |
| Knattspyrnufélagið Kári | 5.016.597 | 4.856.629 | 159.968 | 919.012 | - |
| Klifurfélag ÍA | 8.346.336 | 8.894.615 | -548.279 | 624.443 | - |
| Kraftlyftingafélag | 396.378 | 303.112 | 93.265 | 279.323 | - |
| Körfuknattleiksfélag | 23.944.102 | 25.485.391 | -1.541.289 | 152.375 | - |
| Sigurfari | 566.178 | 1.394.879 | - 828.701 | 1.677.302 | - |
| Skotfélag | 6.031.186 | 4.850.826 | 1.180.360 | 6.570.513 | - |
| Sundfélag | 28.547.443 | 28.683.139 | -135.696 | 10.611.175 | 1.029.889 |
| UMF Skipaskagi | 597.035 | 65.380 | 531.655 | 656.055 | - |
| Vélhjólaíþróttafélag | 6.433.710 | 4.618.724 | 1.814.986 | 3.573.361 | - |
| **Samtals** | **634.258.964** | **599.364.838** | **34.894.126** | **372.453.612** | **76.195.809** |
| Íþróttabandalag Akraness | 87.783.913 | 90.107.011 | - 2.323.098 | 81.268.963 | 1.073.301 |
| **Samtals** | **722.042.877** | **689.471.849** | **32.571.028** | **453.722.575** | **77.269.110** |

# Ársþing ÍA
# 25. apríl 2022 kl. 18:00 Tónberg

### Þingsetning, kosning þingforseta og þingritara

Marella setur 78. ársþing ÍA og býður gesti velkomna. Hildur Karen Aðalsteinsdóttir er tilnefnd og kosin þingforseti og Gísli Karlsson sem þingritari.

### Kosning kjörbréfanefndar og kjörbréf lögð fram

Tilnefnd eru Hrönn Ríkharðsdóttir (formaður), Líf Lárusdóttir og Eggert Herbertsson og samþykkir ársþing þau til kjörbréfanefndar. Ársþing samþykkir kjör þeirra og Hrönn kemur í pontu og óskar eftir að seinka niðurstöðu kjörbréfanefndar þar sem enn vantar fjölda þingfulltrúa. Hildur Karen bendir á að skila þurfi niðustöðu áður en ársskýrsla og ársreikningur eru samþykkt en þörf er á að klára þeirra störf fyrir kosningu.

### Ársskýrsla ÍA lögð fram

Marella kemur í pontu og kynnir ársskýrslu. Fer yfir hver eru í stjórn og hver eru starfsmenn.

**Stjórn ÍA - 2021**

Marella Steinsdóttir, formaður

Hrönn Ríkharðsdóttir, varaformaður

Líf Lárusdóttir, meðstjórnandi

Gísli Karlsson, meðstjórnandi og ritari

Erla Ösp Lárusdóttir, gjaldkeri

Emilía Halldórsdóttir, varamaður

Trausti Gylfason, varamaður

**Starfsmenn ÍA – 2021**

Guðmunda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri

Berglind Björgvinsdóttir

Gunnlaugur Sölvason

Petrea Emilía Pétursdóttir, bókari

Aðildarfélögin eru 19 talsins og fer yfir aðildarfélög og formenn.

Brynja Kolbrún Pétursdóttir, formaður Badmintonfélags ÍA

Valgerður Ása Kristjánsdóttir, formaður Blakfélagsins Bresa

Ólafur Rúnar Sigurðsson, formaður Fimleikafélags Akraness

Pétur Ottesen, formaður Golfklúbbsins Leynis

Fjóla Lind Guðnadóttir, formaður Hestamannafélagsins Dreyra

Bjarni Þór Benediktsson, formaður Hnefaleikafélags Akraness

Sigurlaug Njarðardóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts

Gyða Einarsdóttir, formaður Karatefélags Akraness

Einar Jóel Ingólfsson, formaður Keilufélags Akraness

Sigurður Reynisson, formaður Keilufélags ÍA

Eggert H. Herbertsson, formaður Knattspyrnufélags ÍA

Sveinbjörn Hlöðversson, formaður Knattspyrnufélags Kára

Einar Örn Guðnason, formaður Kraftlyftingafélags Akraness

Jón Þór Þórðarson, formaður Körfuknattleiksfélags Akraness

Guðmundur Benediktsson, formaður Sigurfara – siglingafélags Akraness

Anna Bjarnadóttir, formaður Ungmennafélags Skipaskaga

Stefán Gísli Örlygsson, formaður Skotfélags Akraness

Ágúst Júlíusson, formaður Sundfélags Akraness

Jóhann Pétur Hilmarsson, formaður Vélhjólaíþróttafélags Akraness

Marella les ávarp sitt fyrir ársþingið og helstu atriði úr ársskýrslu.

Það þarf ekki að dvelja lengi á Akranesi til að sjá ÍA og Akranes eru eitt. Íþróttabandalag Akraness og 19 aðildarfélög þess eru ein af grunnstoðun blómlegs samfélags í bænum. Það er og leitun að félagi með jafn fjölbreytta og öfluga starfssemi enda eru Skagamenn stoltir af félaginu sínu og merki ÍA má sjá á hverjum degi um allan bæ. Áhrif öflugs íþróttastarfs á bæjarlífið eru einnig mikil. Hingað koma þúsundir landsmanna á hverju ári til að fylgjast með kappleikjum og íþróttamótum, stórum sem smáum eða til að nýta sér íþróttaaðstöðu Akurnesinga. Þetta er allt undir samvinnu komið, samvinnu Akraneskaupstaðar og ÍA, samvinnu aðildafélaganna 19 og samvinnu bæjarbúa við íþróttirnar. Enginn þekkir mikilvægi samvinnu jafn vel og íþróttahreyfingin, en án samvinnu eru engar íþróttir eða félagsstarf. Samvinna er lykillinn að árangri, og með henni munum við ná sameiginlegum markmiðum okkar, en samvinna er sigur fyrir heildina og sundrungur skilar ekki framförum. Það er mikilvægt fyrir íþróttahreyfinguna á Akranesi að nýta samtakamátt sinn og átta sig á því hversu öflug við erum þegar við stöndum saman.

Mikilvægast er þó sú samvinna sem íþróttir kenna ungu fólki. Samvinna skilar því að þau geta yfirhöfuð stundað íþróttir. Lykill að velgengni okkar rekstrar- og félagslega liggur í samstöðu og samvinnu, bæði milli aðildarfélaga og í góðu samstarfi íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda. Lán okkar á Akranesi liggur í að allir aðilar eru meðvitaðir um gildi samvinnu og góðrar liðsheildar. Við sem störfum innan hreyfingarinnar leggjum mikið upp úr að vera samtaka og sameinuð undir einu merki ÍA fyrir samfélagið á Akranesi. ,,Að vinna saman er árangur“ eru ein af einkunnarorðum ÍA og samvinna er einmitt það sem gerir ÍA að því sem það er, hvort sem er utan eða innan vallar. Saman eru okkur allir vegir færir.

Ef litið er ár aftur í tímann á 77. ársþingi ÍA urðu breytingar á stjórn þegar Líf Lárusdóttir og Emilía Halldórsdóttir komu nýjar inn og fram kom að rekstur ÍA og aðildarfélaga væri nokkuð gott miðað við árferði. Á því ársþingi voru veitt 9 bandalagsmerki. Fengum gagnrýni um að síðasta ársþing hafi verið frekar leiðinlegt sem við tókum til okkar. En það ársþing var töluvert þyngra þar sem var farið yfir lagabreytingar sem verður ekki á þessu ársþingi.

Árið 2021 einkenndist enn af heimsfaraldri og varð árið því einnig með skertri starfsemi fyrir allt íþróttalíf. Engar breytingar urðu á starfsmannahópi Íþróttabandalagsins frá því 2020, framkvæmdastjóri ÍA tók í stuttan tíma að sér afleysingu forstöðumanns á Jaðarsbökkum í hlutastarfi. Guðmunda Ólafsdóttir og Berglind Björgvinsdóttir skiptu með sér mannvirkjum frá janúar til maí 2021 og unnu í sameiningu sem verkefnastjórar. Berglind Björgvinsdóttir tók alveg yfir afleysingar forstöðumanns íþróttamannvirkja frá maí mánuði 2021. Framkvæmdastjóri ÍA seldi út þá tíma sem í þetta verkefni fór til Akraneskaupstaðar og var það ÍA sem fékk þá greiðslu til lækkunar á launakostnaði. Gunnlaugur Sölvason sinnti áfram viðhaldi á tækjum og búnaði í þreksölum. Petrea Emelía Pétursdóttir færði allt bókhald og hélt utan um það vel eins og undanfarin ár. Stjórn ÍA hélt reglulega fundi á árinu og hélt að auki formannafundi en á þeim fundum er farið yfir það helsta sem brennur á formönnum aðildarfélaganna og málefni sem snerta hreyfinguna í heild sinni eru tekin fyrir og rædd.

Rekstur ÍA gekk með ágætum þó svo að stóran hluta tekna hafi vantað inn í rekstrarárið. Heimsfaraldur setti svip sinn áfram á rekstur bandalagsins en ekki þurfti þó að loka þreksölum eins margar vikur á árinu eins og þurfti árið áður. Í því árferði sem var 2021 gekk á höfuðstól Íþróttabandalagsins, sem gat þó veitt aðildarfélögum heildarstyrk að upphæð kr. 10 milljónir sem úthlutað var undir lok árs. Helstu tekjuliðir bandalagsins fóru niður eins og árið áður s.s. rekstur þrekaðstöðu. Ekki var um útleigu á stólum og borðum, þar sem engir stórir viðburðir sem þurftu slíka útleigu voru haldnir.Tekjur af Lottó og getraunum ásamt styrkjum frá Akraneskaupstað vour einnig mikilvægir þættir í rekstrinum. Nýtt fyrirkomulag var tekið upp 2021 í útdeilingu styrkja og fóru flest allir styrkir Akraneskaupstaðar til íþróttahreyfingarinnar í gegnum ÍA sem skýrir hækkun styrkja í rekstrarreikningi ÍA. Gott gengi Íslenskrar getspár hélt áfram 2021, sem kom sér vel í rekstrinum. Framkvæmdastjóri er í góðu samstarfi við Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar og tekur þátt í nokkrum verkefnum þar. Eigið fé Íþróttabandalagsins er tæplega 75 milljónir króna í árslok 2021 og hækkar milli ára, aðallega vegna góðrar afkomu og hækkun á fasteignamati á milli ára . Stærstu eignir ÍA eru peningalegar eignir og eignarhlutur í Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum.

Á árinu 2021 hélt áfram vinna sem hófst 2019 nú í nýjum starfshópi sem vann að því gera langtímasamning a.m.k. til fimm ára við Akraneskaupstað. Viðræður og vinna sóttist ágætlega. Í nýjum starfshópi sem skipaður var á formannafundi í maí 2021 voru þau f.h. ÍA Marella Steinsdóttir, Eggert H. Herbertsson , Brynja Pétursdóttir og Jón Þór Þórðarson. Af hálfu kaupstaðarins voru bæjarfulltrúarnir Valgarður L. Jónsson og Sandra M. Sigurjónsdóttir. Þau Sævar Freyr Þráinsson, Valgerður Janusdóttir og Guðmunda Ólafsdóttir unnu með hópnum. Hópurinn lauk störfum og skilaði sú vinna sér í samningi til fimm ára með hækkun á hverju ári. Samningurinn er á hverju ári opinn til samtals um breytingar af beggja hálfu. Stjórn ÍA vill hér með þakka hópnum fyrir mjög góða vinnu og afrakstur sem vonandi mun skila sér í bættu samstarfi og samtali á milli allra aðila framtíðinni.

Nýtt form var sett á úthlutun styrkja fyrir árið 2021. Þar sem ekki var skrifað undir nýjan samning fyrr en um mitt ár 2021 var ákveðið að úthluta sem mestu strax eða úr A hlutanum og vegna barna- og unglingastarfs. Styrkjum vegna C hluta var úthlutað tvisvar árið 2021.

Það fór þó svo að ákvörðun var tekin um aukin fjárframlög til íþróttamála og var sú ákvörðun samþykkt af bæjarstjórn þann 14. desember 2021. Framlag Akraneskaupstaðar hækkaði frá fyrra ári, úr 35,1 í milljón króna. í 45 milljón króna sem er beint framlag til aðildarfélaga ÍA og úthlutað verður samkvæmt þeim reglum sem settar voru 2021. Stjórn ÍA fagnar þessari niðurstöðu, þessi hækkun er vísitölutryggð ásamt því að tengjast íbúafjölda. Ef fólk á ársþingi þekkir fólk sem er að spá í að flytja þá um að gera að reyna að smala sem felstum. Með hækkandi íbúafjölda hækka framlög. Íbúafjöldi 1. janúar 2022 var 7.843, stefnum að því að náu þessu yfir 8.000 fljótlega. Helstu atriði samnings sem verið var að vinna, voru kynnt á jólafundi formanna þann 16. desember 2021 og komu ekki athugasemdir um nein efnisatriði þar fram.

Það er alltaf þannig í allri samningagerð að það fá ekki allir það sem þeir vilja. Telur stjórn ÍA þennan samning vera stórt skref í átt til góðra hluta. Íþróttahreyfinginn á Akranesi vill alltaf fá aukið fjármagn til rekstrar, eins og öll félög á landinu. Stjórn ÍA telur þetta eitt af mikilvægum skrefum í að ná lengra og einnig á sama tíma skoða sitt innra starf um það hvernig fjármagn nýtist sem best og í samstarfi við Akraneskaupstað.

Þessi nýji samingur á milli Akraneskaupstað og ÍA sem byggður er á þeirri vinnu sem starfshópar hafa skilað, hefur verið undirritaður og sendur öllum formönnum aðildarfélag til kynningar. Mjög fáar eða einungis tvær athugasemdir hafa borist stjórn um efnisatriði samningsins nú þegar þessi skýrsla er skrifuð. Breyting er gerð í þessum samningi sem tengist sérstaklega rekstri Íþróttabandalagsins. Akraneskaupstaður tók yfir rekstur þreksala frá 1. janúar 2022 og greiðir í staðinn styrk beint til íþróttabandalagsins 15 milljónir króna á ári með vísitöluhækkun árlega. Samhliða þessu yfirtekur Akraneskaupstaður rekstur eignarhluta Íþróttabandalagsins í Jaðarsbökkum en á móti er Íþróttabandalaginu tryggt húsnæði fyrir skrifstofu og alla aðstöðu fyrir sína starfsemi í nýju húsnæði sem í byggingu er á Jaðarsbökkum,

ásamt því að fá þreksal fyrir aðildarfélög ÍA. Íþróttabandalagið á öll þau tæki og tól sem í þreksölum eru, munu þau tæki fara í nýjan sal.

Annað sem gekk á síðasta á ári var Kvennahlaupið. Það var haldið með breyttu sniði árið 2021 og var það upphaf á hreyfiviku ÍSÍ sem haldin var í september 2021. Hlaupið var frekar fámennt, en vegna heimsfaraldurs var ekki hægt að auglýsa mikið eða hvetja fólk til þess að hópast saman og því fór sem fór. En mætti þó ágætis hópur sem stóð sig vel. 3. fl. kvenna í knattspyrnu sá um að starta hlaupurum og vísa þeim svo hlaupaleiðirnar. Þær hjálpa okkur alltaf gríðarlega mikið í kringum þetta hlaup og eiga hrós og miklar þakkir skilið.

Hreyfivika UMFÍ, Skagamenn gátu því miður ekki tekið þátt í hreyfiviku þar sem heimsfaraldur kom í vef gyrir það á þeim tíma sem hreyfi vika átti að vera. Faraldur var líklega í hámarki á Akranesi á þessum tíma. Við horfum til bjartari tíma árið 2022 með von um að Skagamenn geti hreyft sig enn meira.

Við styrktum eins áður kom fram um 10 milljónir króna sem var útdeilt með sama fyrirkomulagið og styrkir frá Akraneskaupstað út frá barna- og unglingastarfi. Við förum alltaf í vorhreinsun á vorin í samstarfi við Akraneskaupstað árið 2021 vegna covid og því engir styrkir veittir tengt því. Það fór fram vorhreinsun í ár.

Knattspyrnufélagið Kári fékk 250.000 kr. verkefnatengdan styrk frá ÍA á árinu 2021. Styrkurinn felur í sér að iðkendur Kára vinni að ýmsum verkefnum fyrir ÍA s.s. undirbúning og frágang við kjör íþróttamanns Akraness og uppsetningu og flutning á þrektækjum og öðrum búnaði á vegum ÍA.

Styrkur frá Skaganum / 3X og Þorgeir & Ellert skilaði sér og hefur verið 3 milljónir síðustu 4-5 ár til barna- og unglingastarfs. Þetta hefur verið með sér áherslu á uppbyggilegt barna- og unglingastarfs. Þökkum kærlega fyrir þessa styrki síðustu ár en spurning hvernig framhaldið verður eftir breytingar ár fyrirtækinu.

Varðandi húsnæðismál, á árinu 2020 var Fimleikahús tekið í notkun. Ekki hefur enn tekist að vígja húsið formlega vegna heimsfaraldurs. Stemmt er á að það verði gert nú í vor 2022. Rými sem hefur fengið nafnið Þekja hefur verið klárað að mestu leyti, það á að hýsa ýmsa starfsemi og mun breyta öllu mótahaldi fyrir þau félög sem halda sín mót á Vesturgötu. Úttekt var gerð vegna rakaskemmda og að einhverju leyti um loftgæði á íþróttahúsinu á Vestugötu. Mygla fannst á nokkrum stöðum í húsinu og þurfti að loka hluta þess. Nánast öll starfsemi var færð úr kjallara Vesturgötunar og það sem hægt var að færa fært upp á Jaðarsbakka. Kraftlyftingar fengu annað húsnæði í byrjun árs 2022. Karatefélagið og Hnefaleikafélagið færðu sínar æfingar á Jaðarsbakka, sem er ekki hentugt húsnæði fyrir þá starfsemi en það var látið ganga upp eins og alltaf, við látum hlutina ganga upp. Badmintonfélagið þurfti að hætta við stórt mót vegna

þessarar lokunar og Körfuknattleiksfélag ÍA gat ekki selt inn á leiki, þegar það var orðið heimilt, einnig vegna þessarar lokunar.

Fyrsta skóflustungan að reiðhöll Dreyra var tekin 1. maí 2019. Þann 17. Júlí 2020 var undirritaður samningur um burðarvirki reiðhallarinnar. Húsið er frá BMVallá /Smellinn og er límtréshús 1.250 fm. að grunnfleti. Byggingu lauk í maí 2021. Dreyri tók við húsinu þegar byggingu var lokið, þar sem timburvinna innanhús og val á hentugu gólfefni er í höndum Dreyra. Stefnt var að því að taka höllina í notkun seinni hluta árs 2021 en það hefur tafist. Sambærilegt rekstarform verður á milli Akraneskaupstaðar og Dreyra eins og á milli kaupstaðarins og Golfklúbbsins Leynis. Formlegur eigandi hallarinnar er Fasteignafélag Akraneskaupstaðar og gerður er langtímasamningur um reksturinn við Hestamannafélagið Dreyra.

Það sem okkur þykir líklegast merkilegast núna er nýtt íþróttahús á Jaðarsbökkum. Framkvæmdir við nýtt íþróttahús að Jaðarsbökkum hófust í október 2021 nokkrum mánuðum eftir áætlaða byrjun. Gert er ráð fyrir að fyrsta áfanga þessarar uppbyggingar verði lokið haustið 2024. Vonandi gengur það allt eftir.

Íþróttabandalagið vill þakka Akraneskaupstað fyrir allar þessar framkvæmdir því þær munu efla íþróttir og almenna hreyfingu á Akranesi til lengri tíma litið.

Árið 2021 einkenndist áfram af tímum heimsfaraldurs og nýjum áskorunum í þeirri vegferð sem af því fylgdi.

Mikið var um breytingar á æfingum. Íþróttahreyfinginn fékk í heild sinni nýja áskorun og þurfti að bregaðst við og hugsa margt upp á nýtt.

Aðildarfélög ÍA stóðu sig með mikilli prýði og tókst að lyfta grettistaki í samvinnu og utanum haldi á æfingum. Endalaust var verið að finna nýjar leiðir til þess að æfa og koma öllu fyrir í þeim takmörkunum sem unnið var við. Þetta tókst og voru allir hvattir til þess að fara út og hreyfa sig og auka útiveru. Það á eftir að koma betur í ljós næstu mánuði hvort allir skili sér aftur í skipulagt starf íþróttafélaganna. Það sem einnig á eftir að koma betur í ljós er langtíma áhrif þessa heimsfaraldurs sem hefur breytt okkar venjum í daglegum starfi. Við þurfum að vinna að því saman sem samfélag að virkja sem flesta og á öllum aldri í skipulagða hreyfingu. Íþróttir og hreyfing á að vera aðgengileg fyrir alla á öllum aldri, frá vöggu til grafar í hreyfingu er framtíðarsýn sem við viljum horfa í.

Við erum partur af Heilsueflandi samfélagi. ÍA tekur áfram þátt í starfi heilsueflandi samfélagi í samstarfi við Akraneskaupstað. Framkvæmdastjóri ÍA á sæti í stýrihóp á vegum Heilsueflandi

samfélags. Þar getur ÍA komið sínum sjónarmiðum á framfæri og unnið ötullega að eflingu almennrar hreyfingar og tekið þátt í verkefnum á vegum Heilsueflandi samfélags.

Við eigum einnig sæti í starfshópi um samskipti og einelti á vegum Akraneskaupstaðar. Stofnaður var stýrihópur innan Akraneskaupstaðar um þessi málefni og á ÍA sæti við borðið. Markmið þessa hóps er samkvæmt erindisbréfi þessi: *„Markmið með verkefninu er að allar stofnanir okkar búi áfram yfir öflugum viðbragðsáætlunum og verkfærum til þess að styrkja félagsfærni barna og ungmenna og tryggt sé að þverfaglegt samstarf sé innan samfélagsins til þess að ná þessum árangri“*.

Þó svo að áætlanir gerðu ráð fyrir að halda fundi og fyrirlestra fyrir aðildarfélög, var framkvæmdin það flókin vegna heimsfaraldursins að ekki var hægt að stand við þær áætlanir nema mjög takmarkað. Eitt námskeið var fyrir þjálfara ÍA í september og var það um samskipti við börn og ungmenni. Aðrar áætlanir færast yfir á árið 2022.

ÍA splæsti í Sportabler sem er skráningarkerfi aðildarfélagana. Öll aðildar félög sem áður notuðu skráningarkerfið Nóra eru komin með í notkun á sportabler. Það kerfi hefur reynst vel, þó svo að ekkert kerfi sé fullkomið. En virðist ganga ótrúlega vel að samræma þetta yfir allt okkar starf.

Náðum lítið að halda fundi og fyrirlestra síðasta og verða þeir færðir yfir á þetta ár. Eitt námskeið var fyrir þjálfara ÍA í september og var það um samskipti við börn og ungmenni.

Tímamót urður í kjöri Íþróttamanns Akraness fyrir árið 2021 þann 6. janúar 2022, þegar nýr verðlaunagripur var tekinn í notkun og afhentur í fyrsta skipti. Um leið verður sá gamli lagður til hliðar til varðveislu hjá ÍA. Sá gamli, Friðþjófsbikarinn hefur verið afhentur í alls 30 skipti. Frá árinu 1977 hefur kjörið verið árviss viðburður og Friðþjófsbikarinn var afhentur í fyrsta sinn árið 1991, það var einmitt Marella sem afhenti bikarinn þá fyrir hönd fjölskyldunnar. Við þessi tímamót, var ákveðið að taka í notkun nýjan bikar og að hann fengi nafnið Helga Dan bikarinn, til minningar um Helga Daníelsson og vel við hæfi að Marella hafi afhent hann líka fyrsta skiptið. Helgi Dan. var öðrum fremur sá sem kom að því að Íþróttamaður Akraness skyldi valinn árið 1965 og gerði hann það í minningu bróður síns Friðþjófs sem lést ungur af slysförum. Helga Dan. þarf vart að kynna fyrir Akurnesingum en hann var ötull félagsmaður í starfi ÍA allt fram á síðasta dag. Helga Dan bikarinn er gefin af syni Helga, Steini Helgasyni, konu hans Elínu Klöru og börnum þeirra, Steindóru, Írisi, Helga Dan, Helenu og Marellu.

Íþróttamaður ársins 2021 var Kristín kraftlyftingakona. Hún er besta kraftlyftingakona sem Ísland hefur átt frá upphafi og fylgdi ótrúlegum árangri sem hún náði í fyrra vel eftir. Hún setti fjöldan af íslandsmetum og einnig 2 evrópumet. Kristín situr fast í 2. sæti heimslistans og er efst á styrkleikalista evrópu í sínum þyngdarflokki. Hún er vel að sigrinum komin hún Kristín

Þórhallsdóttir. Í öðru sæti í kjörinu varð Enrique S.Loranc Sigurðsson sundmaður og í þriðja sæti varð Drífa Harðardóttir badminton kona

ÍA eignaðist marga íslands-, norður-, evrópu- og heimsmeistarar 2021. Fá landsliðsverkefni á síðasta ári en vonum að fleiri slík verði á næsta ári.

**Badminton**

Máni Berg Ellertsson

Arnar Freyr Fannarsson

María Rún Ellertsdóttir

Drífa Harðardóttir

**Dreyri**

Jakob Svavar Sigurðsson

**Karate**

Kristrún Bára Guðjósdóttir

*Barna og unglingaflokkur:*

Dariel Anton Davíðsson Orellana

Davíð Antti Liljar Geirsson

**Kraftlyftingar**

Kristín Þórhallsdóttir

Einar Örn Guðnason

Helgi Arnar Jónsson

**Klifurfélagið**

Þórkatla Þyrí Sturludóttir

**Sund**

Enrique Snær Llorens Sigurðsson

**Skotfélagið**

Stefán Gísli Örlygsson

Við áttum líka töluvert af einstaklingum í landsliðum en þó minna en mörg ár þar. En í fyrra voru mun færri landsliðsverkefni en yfirleitt eru. Vonumst við til að það bætist í hópinn á nýju ári og að við höldum áfram að stækka glæsilegan hóp afreksfólks.

## Niðurstaða kjörbréfanefndar

Hildur Karen kynnir Hrönn Ríkharðsdóttir formann kjörbréfanefndar til að fara yfir niðurstöðu. Kjörbréfanefnd hefur lokið störfum og þeir þingfulltrúar sem eru hér mættir eru allir löglega kjörnir. En það vantar 2/3 af þeim sem áttu möguleika á að vera hérna, það eru 20 þingfulltrúar af 60 á skrá. Telur að það sé vert umhugsunar. Hildur Karen þakkar kjörbréfanefnd ber niðurstöðu til samþykktar og er samþykkt. Samþykkt og talið löglegt þing.

## Ársreikningar ÍA lagðir fram

Hildur Karen kynnir Erla Ösp Lárusdóttir gjaldkera að kynna ársreikning Íþróttabandalagsins. Hildur Karen bendir á að ársreikningur ÍA er á vef Íþróttabandalagsins (ia.is) þar sem þetta er pappírlaust þing.

Þar sem þetta á að vera skemmtilegt þing ætlar Erla ekki að rýna í allar tölur heldur aðallega að stikla á stóru. Allt á vefnum með frekari útskýringu.

Rekstrartekjur árið 2021 voru 78.558.766 kr, þar munar mikið um nýtt fyrirkomulag þar sem við útdeilum styrkjum fyrir Akraneskaupstað.

Rekstrargjöld árið 2021 voru 73.366.591 kr, þar ber einna helst að nefna Sportabler og nýr vefur sem er í vinnslu og er á leið í loftið á næstu dögum.

Hagnaður ársins 2021 var 5.192.185 kr og sjáum breytingu upp á um 10 milljónir á milli ára frá 2020.

Veltufjármunir árið 2021 voru 29.782.212 kr og fastafjármunir 46.165.382 kr og eigið fé því 74.656.512 kr. Skammtímaskuldir voru 1.291.082.

Í áætlun fyrir rekstrarárið 2022 er gert ráð fyrir 62,3 milljónum í rekstrartekjur og 62,25 milljónir í rekstrargjöld.

Þetta er í grófum dráttum það sem Erla ætlaði að fara yfir.

## Umræður um ársskýrslu og árssreikninga – atkvæðagreiðsla um reikninga

Hildur Karen er mætt í pontu og nú er komið að því að taka yfir ársskýrslu og ársreikningana. Spyr hvort það vilji einhver koma úr sal og ræða þennan lið, svo er ekki og því fyrst ársskýrsla borin upp til samþykktar fyrir ársþing. Ársþing samþykkir ársskýrsluna. Næst ber Hildur Karen ársreikning til samþykktar fyrir ársþing og er hann samþykktur.

## Ávarp gesta

Næst á dagskrá er ávarp þinggesta, í salnum eru sérstakir boðsgestir frá ÍSÍ, UMFÍ og hér er bæjarstjóri og bæjarfulltrúar ásamt öðrum gestum.

Hildur Karen byrjar á að bjóða Andra Stefánsson, nýráðinn framkvæmdastjóra ÍSÍ í pontu. Einnig er Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti ÍSÍ í salnum, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir þingforsti er einnig fulltrúi úr framkvæmdastjórn ÍSÍ. Andri ávarpar gesti og byrjar á að segja að ánægjulegt að koma upp á Skaga, það sé yfirleitt gaman að koma upp á Skaga þó hann geri það alltof sjaldan en hann var einmitt síðast í gær og þá var ekki alveg eins gaman (leikur ÍA – Víkings Reykjavíkur þar sem ÍA vann) og óskar KFÍA til hamingju með sigurinn. Ræðir um margar skyldur starfsmanna og nefndar ÍSÍ. Þau reyna að mæta á ársþing og gjarnan að fjölmenna og eru þau þrjú í kvöld. En það er ekki alltaf hægt þar sem oft kemur þetta upp á sama tíma þar sem þetta er árstíðin. Það eru 34 sérsambönd innan ÍSÍ, 25 íþróttahéruð og yfir 50 íþróttagreinar sem er verið að stunda innan íþróttahreyfingarinnar. Mikil flóra og vel yfir 400 íþróttafélög þannig að einingar eru ansi margar á landsvísu sem gerir þetta skemmtilegt og þessi fjölbreytni skiptir máli í þeirra starfi. 25 ólík héruð sem dreifast um landið og eru af mismunandi stærðum og gerðum. Þess vegna skiptir máli að koma heyra hvað hefur farið fram á liðnu starfsári og sjá hvað brennur helst á hverjum stað fyrir sig. Sjá það að því sterkari sem félögin eru innan héraðs þeim mun sterkar verður héraðið líka. Vinna saman og verða eins og fjölskylda, þá verðum við sterkari eins og sást í leiknum í gærkvöldi. Erum líka að glíma við áskoranir og ein af þeim hefur verið heimsfaraldur síðastliðin ár. Úr henni hefur íþróttahreyfingin komið sterk þar sem við höfum staðið saman en líka fundið áhrif þess þegar ekki er hægt að stunda íþróttir og rödd íþróttanna hefur því fengið meira vægi. Sést vel þegar íþróttir detta út úr daglegri rútínu barna og unglinga. Sem betur fer viljum við meina að það séu bjartari tímar framundan. Það var til að mynda heimsmeistaramót í Íshokkí í Laugardalnum síðustu helgi og þar var enn verið að skipta í hólf og sumir þurftu að vera með grímur þ.a. við erum ekki alveg laus ennþá. Stuðningur ríkisins út af þessu ástandi kom til íþróttahreyfingarinnar á síðasta ári og nú er nýverið búið að samþykkja auka framlag upp á 500 milljónir sem fer til íþróttastarfs. Á eftir að koma betur í ljós hvernig úthlutun verður, en stór hluti þess fer til sérsambanda og íþróttahéraða. Sjá það í ársskýrslu og árssreikningum að það eru ýmsir tekjupóstar sem hafa horfið líka hjá Íþróttabandalagin sem hafa ekki verið að fá styrki eins og félög á síðustu 2 árum en nú er verið að vonast til að geta styrk hvorutveggja. Sáu það líka að mjög mörg sérsambönd vildu ekki sækja styrki heldur leyfa félögum að hafa aðgang að sjóðum þar sem þörfin væri meiri þar.

Fleiri mál sem hafa verið stór í umræðunni, ofbeldismál hafa verið mjög stór í þeirri umræðu sem hefur verið í gangi í ár og í fyrra. Sem betur fer varð til embætti á árinu 2020 sem heitir samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs sem var sett af menntamálaráðherra. Þarna er kominn farvegur sem koma innan hreyfingarinnar þ.a. það sé ekki foreldrar eða sjálfboðaliðar sem eru í stjórn sem eru að fá þessi mál inn hjá sér. Fá þá aðila sem er sérfróður um slík mál og hvetur félög til að vísa málum þangað og nota þessa þjónustu. ÍSÍ hefur líka verið að skoða það regluverk sem er til staðar í íþróttahreyfingunni því þau fundu að það er mjög lítið sem hægt er að gera þar sem lög ÍSÍ, sambandsaðila og félaga leyfa að við getum bara gert hvað sem er. Ásamt því að landslög og réttarfarsreglur takmarka líka fullt af þessum þáttum sem mörgu þætti eðlilegt að gera. Núna er vinna í gangi til að móta einhversskonar ramma sem við getum öll hjálpast að við að fylgja og líka til að vernda þá sem eru í forsvari fyrir íþróttastarfið, það eru allir saklausir þangað til sekt er sönnuð. Þannig að ákveðnar verklagsreglur séu til staðar þegar mál koma upp þannig að áfram er hægt að sinna þeim störfum sem þarf að sinna. Hildur Karen hefur verið að vinna með ÍSÍ og megum við vera mjög stolt af því að eiga hana sem fulltrúa sem er að skila mjög góðri vinnu fyrir íþróttahreyfingunni í heild sinni. Haldið var íþróttaþing á síðasta ári og var það haldið í tvígang, fyrst að vori sem fjarþing og síðan að hausti venjulegt íþróttaþing þar sem fólk gat komið saman og spjallað. Þar voru fjölmargar lagabreytingar sem voru skoðaðar ásamt skráningarmálum. Stóra málið á síðasta þingi var líka umræða um lottó úthlutun og hvernig á að taka þá umræðu í heild sinni og er það sameiginlegt málefni ÍSÍ og UMFÍ þar sem verið er að reyna að finna lausnir til framtíðar. Samhliða því þarf líka að velta fyrir sér hvernig er hlutverk íþróttahéraðs í nútímaumhverfi þar sem sérsambönd er orðin mun sterkari einingar í dag.

Sjálboðaliðar og mikilvægi þeirra er stærsta áskorunin í dag, það þarf að vernda þá og passa að það fólk sé tilbúið að koma aftur inn í íþróttahreyfingu í sjálfboðavinnu og láta gott af sér leiða. Passa upp á að verkefni sem snúa t.d. að persónuverndarlögum, skráningu eiganda og ýmis pappírsvinna verði ekki til þess að letja fólk að gefa kost á sér í þessi störf. Uppfylling sakavottorða er einnig skylda í okkar starfi og þetta hljómar fráhrindandi þegar þetta er talið upp á þennan hátt. Þá þurfum við að reyna að gera þetta skemmtilegt, þ.a. við þurfum að horfa á að það er margt ótrúlega skemmtilegt í íþróttastarfinu. Andri telur sig ótrúlega heppinn að fá að vinna innan íþróttahreyfingar því það er fáir staðir eins fjölbreyttir og íþróttahreyfingin. Fleiri verkefni eru fyrirmyndarfélag, -hérað, þetta eru verkefni sem snúa að gæðastarfi hreyfingarinnar. Eru með Evrópuviku íþrótta sem fer fram á haustin þar sem er ætlunin að hvetja enn meira til íþróttaþátttöku og efla starfið enn frekar. Almennings íþróttir og lýðheilsa, sést í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar að þar er verið að efla lýðheilsu um allt land og þar kemur íþróttahreyfingin sterk inn í samvinnu við sveitarfélögin. Virkja fólk frá leikskólaaldri til eldri borgara, viljum fá alla inn í íþróttastarfið. Íþróttagreinar eru misjafnlega góðar til að stunda þegar fólk eldist en þessi flóra sem er í boði á Akranesi ætti að hafa eitthvað fyrir alla.

Framtíðin er íþróttanna, fullt af tækifærum.

Þakkar fyrir ítarlega og góða skýrslu og flottan ársreikning þar sem verið er að skila hagnaði og sjá að bandalagið stendur fjárhagslega með gott fólk og í góðu samstarfi við Akraneskaupstað þá er hægt að gera kraftarverk hérna upp á Skaga. Óskar stjórn farsældar í starfi á komandi tímabili.

Hildur Karen þakkar Andra fyrir og býður næst í pontu fulltrúa UMFí og biður Guðmundu um að setja á sig UMFÍ hattinn. Guðmunda stígur upp í pontu fyrir hönd UMFÍ. Segist njóta þeirra forréttinda að vera dagsdaglega í starfi framkvæmdastjóra ÍA og í frítíma sem varamaður í stjórn UMFÍ og fékk það hlutverk að bera kveðju formanns UMFÍ öðrum úr stjórn UMFÍ ásamt starfsfólki þess. Segist ekki vera mikið fyrir ræður og segir að Andri sé búinn að telja upp margt af því sem UMFÍ vinnur með ÍSÍ. Vill þó nefna það að þau starfrækja ungmennabúðir á Laugarvatni sem er einn stærti rekstrargrundvöllur UMFÍ. Því stýrir Sigðurður Guðmundsson frá Borgarnesi og hafa þetta verið það vinsælar búðir að færri hafa komist að en vilja. Síðan er Landsmót UMFÍ 50+ sem verður loksins haldið í Borgarnesi í júní. Treystir á að Hildur Karen sé búin að skrá sig og hún mun koma að hvetja hana áfram. Síðan er loksins hægt að halda unglingalandsmót sem verður á Selfossi um verslunarmannahelgina. Íþróttaveisla verður haldin í samstarfi við UMSK í tilefni að 100 ára afmæli þeirra. Með þessu er stiklað á stóru í þessu stóru verkefnum sem verið er að gera á þessu ári og þakkar fyrir sig.

Hildur Karen kemur í pontu og kynnir Báru Daðadóttir fyrir hönd bæjarstjórnar.

Bára Daðadóttir kemur fyrir hönd bæjarstjórnar, formaður skóla og frístundaráðs. Fædd og uppalin á Akranesi en flutti til Reykjavíkur þegar hún var tvítug og aftur á skagann þegar hún átti von á sínu öðru barni þegar hún var rúmlega þrítug. En hvernig fékk hún manninn sinn til að flytja á Akranes, Reykvíking. Hér er gott að ala upp börn, frábærir leik- og grunnskólar en eitt af því sem hann sá við Akranes var íþróttalífið. Hann hafði verið reglulega hér að keppa á mótum eins og margir hafa gert og gera enn í dag. Það skýr skýrt í gegn að íþróttamenningin á Akranesi er mjög sterk og því megum við aldrei gleyma og eigum að vera stolt að því. Undanfarin ár hefur ýmislegt gerst í aðstöðumálum íþróttafélaganna og vill hún minnast á fimleikahúsið við Vesturgötu, golfskálann, reiðhöllina við Æðarodda ásamt endurbótum á Bjarnarlaug og íþróttahúsinu við Vesturgötu. Uppbyggingin við Jaðarsbakka er komin af stað, en fyrirhuguð uppbygging mun bæta íþróttaaðstöðuna til muna. En þegar horft er til íþróttafélaga þá skiptir umgjörðin öllu máli og þá ekki bara húsnæðið. Iðkendur, þjálfarar, starfsfólk, sjálfboðaliðar og allir þeir sem styðja við íþróttafélögin. Við megum aldrei gleyma því hversu dýrmætir og mikilvægir sjálfboðaliðar eru. Fólk sem gefur af tíma sínum til samfélagsins og vill hún nota tækifærið hér til að þakka fyrir þessi mikilvægu störf. ÍA og Akraneskaupstaður hafa loksins gengið frá samningi sín á milli og er það mikið fagnaðarefni. Undirbúningur við íþróttastefnu er hafin og á þessum tímamótum er svo mikilvægt að við spyrjum okkur hvernig íþróttasamfélag við viljum vera, hvar erum við og hvert stefnum við. Við erum öll meðvituð um forvarnargildi íþrótta og skipulagðs tómstundastarfs, í hennar huga er það svo skýrt að íþróttir eru klárt velferðarmál. Íþróttir tengja saman einstaklinga og hópa og er mikilvægt fyrir samfélagið allt. Að hafa áhugamál hefur jákvæð áhrif á hamingju fólks. Í því ljósi er frábært að sjá hvað íþróttafélögin á Akranesi eru að gera varðandi að viðhalda skipulögðu starfi fyrir fólk á öllum aldri, óháð því hvort þú sért að æfa til að verða afreksmaður eða ekki. Að sama skapi finnst henni mikilvægt að við setjum skýran fókus á það að fá yngstu börnin í íþróttir og hvernig við getum haldið þeim áfram í íþróttum. Oft hefur verið minnst á þá vegferð sem er í boði í nokkrum bæjarfélögum að börn í 1. Bekk grunnskóla megi æfa allar þær íþróttir sem eru í boði gegn einu gjaldi. Þar erum við að búa til spennandi tækifæri fyrir unga iðkendur til að finna sína íþrótt. En þá er komið að því finna leið til að styðja við það að börn haldi áfram að æfa íþróttir eða stunda skipulagt frístundastarf. Sér fyrir mikilvægt samstarfsverkefni að vinna að því markmiði og eru þegar byrjuð á því. En undir lokin langar

henni að minnast á leikinn í gærkvöldi, sigurinn var geggjaður og stemmningin frábær. Sjá litlu krakkana rétta út hendurnar til að fá fimmu hjá leikmönnum og allir gefa sér tíma til að gefa fimmu á litlar hendur. Það er þetta sem er svo fallegt og gefur kraft og sameiningu. Þakkar fyrir sig og áfram ÍA.

**Hvað gerir ÍA – Marella fer yfir starfsvettvang ÍA**

Hildur Karen kynnir Marellu í pontu. Marella byrjar á að segja að hér hefði átt að koma smá skemmtiatriði þar sem Halli Melló / Kalli Selló til að brjóta þetta aðeins upp og létta stemmninguna. Hann gat því miður ekki komist. Þá var haft samband við annan skemmtikraft sem forfallaðist líka, þ.a. hún var sett í verkið. Ætlar ekki að segja brandara en fara aðeins yfir hvað við gerum. Erum stundum að fá gagnrýni á hvað ÍA sé að gera fyrir aðildarfélögin og geta aðildarfélögin ekki bara séð um þetta sjálf. Jú, gætu það örugglega en þyrftu þá líklegast að ráða inn starfsfólk. Því þegar hún hugsar um hvað gerir ÍA og hvernig hún gæti sett þetta í samhengi.  Við erum í raun mannauðsdeild, samskiptafulltrúar fyrir aðildarfélögin okkar 19. Við komum inn í mál af því að við búum nú í litlu samfélagi og það getur verið erfitt þegar kemur upp t.d. eineltis- eða ofbeldismál og þú ert kannski með foreldra barns sem á í hlut í stjórn þá á stjórnin erfitt með að leysa þau mál og þá kemur Guðmunda inn og leysir það með t.d. samskiptafulltrúanum sem var verið að segja frá áðan og öðru góðu fólki sem við fáum frá UMFÍ og ÍSÍ og höfum aðgang að. Við vinnum í samstarfi við Akraneskaupstað, UMFÍ og ÍSÍ. Annars væri þetta nánast fullt starf fyrir aðildarfélögin að hafa einhvern í þessum málum, því það er ekkert grín að fylgja öllum reglum, gildum og öllu sem er sett á íþróttahreyfinguna að fara eftir. ÍA sér til þess að það sé farið eftir þessu og uppfært, gert og græjað allt sem þarf að gera. Stærri aðildarfélögin gætu örugglega séð um þetta sjálf enda fullt af góðu fólki þar. Það að hafa ÍA til að leita til sem hefur svo beinan aðgang að góðu fólki hjá ÍSÍ og UMFÍ er ómetanlegt. Að hafa manneskju í vinnu sem situr í hópi inni hjá Akraneskaupstað, inni í öllu í sambandi við eineltismál og slíkt. Að geta leitað til einhvers sem hefur ekki beinna hagsmuna að gegna er mjög dýrmætt. Að geta fengið utanaðkomandi manneskju inn að borðinu er oft vanmetið. Við erum ekki nógu duglega að auglýsa til aðildarfélaganna hvað við gerum. Það er á plani fyrir þetta ár og næsta að fara í smá markaðsetningu til aðildarfélaganna hvað við getum gert fyrir þau. Það er einnig á planinu að halda t.d. námskeið fyrir þau sem eru í stjórn um hvað felst í því að vera í stjórn.  Oft að koma nýtt fólk inn sem þekkir ekki nægilega til hvers er ætlast til að þeim og þekking tapast. Þ.a. við ætlum að setja á stokk smá kynningu fyrir þá sem koma nýjir inn í stjórnir. Það tekur tíma að koma sér inn í þetta starf og það getur tekið alveg ár að ná utan um þetta starf og hvaða ábyrgð fylgir. Við komum inn á alla aðalfundi aðildarfélaganna, reynum að missa ekki af neinum þeirra. Þar er líka tækifæri fyrir okkur til að kynna okkur betur og geta leiðbeint ykkur og boðið fram hjálparhönd þegar það þarf. Við tókum það til okkar að við þurfum að vera duglegri í því. Hún ætlar ekki að fara dýpra í okkar starf núna og benda á að frammi eru veitingar sem Sundfélag Akraness gerði og slegist er um að fara á aðalfundi hjá þeim vegna veitinga.

Býður gestum í veitingar og stutt hlé.

**Hlé -**

## Heiðursviðurkenningar - Bandalagsmerki

Hrönn Ríkharðsdóttir er komin í pontu til að lesa upp heiðurviðurkenningar. Þeir sem eru tilnefndir fá afhent bandalagsmerkið sem ÍA merkið úr silfri á smá skildi sem er smíðað af henni Dýrfinnu. Bandalagsmerkið ÍA má veita aðilum sem starfað hafa vel fyrir bandalagið svo og þeim sem stjórnir aðildarfélaga ÍA telja ástæðu til að heiðra eða veita viðurkenningu fyrir störf tengd íþróttamálum. Samþykkt hefur verið að veita eftirtöldum aðilum bandalagsmerki ÍA. Marella ætlar að afhenda merking á með Hrönn les, ef viðkomandi er ekki viðstaddur þá vill hún biðja formann aðildarfélagsins að taka á móti fyrir viðkomandi.

**Drífa Harðardóttir Badmintonkona**

Drífa er okkar fremsta badmintonkona Skagamanna, hún hefur alla tíð spilað fyrir ÍA á Íslandi en hún býr og æfir í Danmörku.

Drífa hefur lagt áherslu á tvíliða- og tvenndarleik alla sína tíð og spilar þær greinar með liði sínu í deildakeppni í Danmörku.

Hún hefur orðið Íslandsmeistari 13 sinnum, 5 sinnum í tvíliðaleik og 8 sinnum í tvenndarleik.

Drífa er eina konan sem hefur orðið Íslandsmeistari í Meistaraflokki fyrir ÍA, hún er einnig sá badmintonspilari frá Íslandi sem hefur oftast orðið Heimsmeistari eldri spilara, 3 sinnum.

Drífa kemur reglulega til Íslands og kemur alltaf á æfingar hjá ÍA. Hún hvetur krakkana áfram og leiðbeinir þeim.

Hún er góð fyrirmynd fyrir badmintonkrakka, innan vallar sem utan. Brynja Kolbrún Pétursdóttir tekur við verðlaununum fyrir Drífu.

**Garðar Jónsson, Körfuboltamaður**

Garðar hefur látið mikið til sín taka í körfuboltanum á Akranesi í áratugi sem leikmaður, þjálfari og stjórnarmaður. Hann fluttist á Skagann frá Borgarnesi og hóf að leika með ÍA í kringum 1980, hann á að baki yfir 100 leiki með meistaraflokki ÍA í körfubolta. Garðar var í fyrstu formlegu stjórn KÍA árið 1986 og var í leikmanna hópnum sem vann sig upp í 1.deild árið 1993. Þar naut reynsla Garðars sín vel í mjög ungum leikmannahópi ÍA og hlaut hann gælunafnið „afinn". Hann var mjög virkur í félagsstarfinu á úrvalsdeildar árum félagsins á árunum 1993 - 2000, körfuboltinn á Akranesi á Garðari Jóns mikið að þakka.

**Hörður Harðarson, Körfuboltamaður**

Hörður var formaður Körfuknattleiksfélags ÍA frá 1990 til 1993. Hann er maður sem lætur verkin tala og lét heldur betur til sín taka svo um munar. Hann lyfti grettistaki í því að rífa félagið upp úr mikilli lægð og koma því alla leið uppí úrvalsdeild á þrem árum. Það voru stórhuga hugmyndir sem fylgt var eftir af áræðni og festu. Félagið á Herði að mörgu leyti líf sitt að launa og þakkar honum kærlega fyrir það.

**Guðmundur Egill Ragnarsson Körfuboltamaður**

Egill var einn af fyrstu ungu leikmönnum ÍA í körfubolta og var síðan á árunum 1990 - 2000 mjög virkur í félagsstarfinu. Hann var um árabil liðstjóri meistaraflokks og fór þar mikinn á hliðarlínunni. Þar naut líflegur og skemmtilegur karakter Egils sín vel, hann hafði ávalt jákvæð áhrif á hópinn og stutt í smitandi hláturinn. Egill á stóran þátt í velgengni Körfuknattleiksfélags ÍA á þessum tíma og á miklar þakkir skildar fyrir það.

**Ingu Ósk Jónsdóttir, hestakona**

Inga Ósk hefur verið hryggjarstykkið í sterku utanumhaldi fjármála hjá Dreyra síðustu 13 ár. Það vita þau sem starfað hafa með félagi hversu ótrúlega mikilvægt það er að hafa góðan, sterkan og útsjónarsamann gjaldkera sem þekkir fagið út og inn. Þessi lýsing á við Ingu Ósk. Hér kemst enginn upp með neitt múður.

Hún tók við starfi gjaldkera árið 2009 og var með þann kaleik í höndunum með stuttu hléi til byrjunar þessa árs. Þá hefur hún einnig verið skoðunarmaður reikninga þau fáu ár sem hún hefur ekki verið gjaldkeri á þessu tímabili. Auk þess að hafa starfað í stjórn félagsins sem ritari eða gjaldkeri, var Inga Ósk líka virk í æskulýðsstarfi félagsins á árunum 2002 til 2008, og hefur séð um fjármál félagsnefnda Dreyra , þ.e.a.s. fyrir húsnefnd, reiðveganefnd, æskulýðsnefnd og beitarnefnd samhliða því sem hún var gjaldkeri félagsins. Það veit bara sá sem reynt hefur að starfi yfirburða gjaldkera fylgir álag og vinna til að hlutirnir séu í réttum farvegi. Inga Ósk hefur leyst sín verkefni fyrir hestamannafélagið Dreyra með miklum sóma og bravör.

Hafðu þökk fyrir Inga Ósk Jónsdóttir.

**Ingibjörg Stefánsdóttir, Golfari**

Ingibjörg Stefánsdóttir hefur verið öflugur félagsmaður í Golfklúbbnum Leyni til margra ára. Ingibjörg hefur sinnt mörgum mikilvægum trúnaðarstörfum fyrir hönd Leynis. Ingibjörg sat meðal annars í stjórn Golfklúbbsins Leynis árin 2014-2019. Þá hefur Ingibjörg stutt veglega við barna- og unglingastarf klúbbsins með margvíslegum hætti á liðnum árum og gerir enn. Að hafa svo öflugan bakhjarl í barna- og unglingastarfi klúbbsins er ómetanlegt og ber að þakka sérstaklega. Þá hefur Ingibjörg einnig stutt vel við öflugt kvennastarf Golfklúbbsins Leynis og er mikil fyrirmynd þegar kemur að prúðmennsku innan sem utan vallar. Ingibjörg Stefánsdóttir er svo sannarlega verðug þess að bera bandalagsmerki Íþróttabandalags Akraness fyrir sitt framlag til handa Golfklúbbsins Leynis.

**Kristvin Bjarnason, Golfari**

Kristvin Bjarnason hefur komið að mörgum þáttum í starfi Golfklúbbsins Leynis og hefur til margra ára verið öflugur félagsmaður og sjálfboðaliði. Frá unga aldri hefur Kristvin vanið komu sína á Garðavöll og þekkir því mjög vel aðstæður og umhverfi vallarins sem hefur verið honum hugleikið. Kristvin hefur látið til sín taka í vallarnefnd Leynis um árabil og hefur nú um tveggja ára skeið gengt formennsku þeirrar mikilvægu nefndar. Reynsla og hugmyndir Kristvins hvað

varðar uppbyggingu og umhirðu Garðavallar hafa nýst Golfklúbbnum Leyni vel og er ómetanlegt innlegg í daglega verkstjórn og umsjón vallarins. Kristvin er góður kylfingur og hefur unnið til ýmissa verðlauna í gegnum árin og keppt um ára bil fyrir hönd Golfklúbbsins Leynis í sveitakeppni golfklúbba með góðum árangri. Pétur Ottesen tekur við verðlaunum fyrir hans hönd.

**Viktor Elvar Viktorsson**

Viktor Elvar Viktorsson hefur um ára bil lagt Golfklúbbnum Leyni á Akrnaesi lið hvort heldur sem almennur félagsmaður eða sjálfboðaliði. Það er ekki orðum aukið þegar Viktor Elvar er kallaður sjálfboðaliði ársins á meðal félagsmanna Leynis því hjarta hans slær ávallt í takt við félagið. Viktor Elvar er ávallt reiðubúinn þegar kallið kemur hvort sem er að sinna dómgæslu í mótum, leiðsögn er snerta leikreglur golfsins, gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið eða almennt uppistand á mótum eða skemmtikvöldum Golfklúbbsins Leynis. Listi þessi er langt frá því að vera tæmandi því greiðvikni og auðmýkt Viktor Elvars í garð síns félags er mikil og þakkavert að hafa hann í sínum röðum. Viktor Elvar situr í stjórn Golfsambands Íslands og er hann góður stuðningur Golfklúbbsins Leynis inn á þann vettvang. Golfklúbburinn Leynir vill með þessum orðum sæma Viktor Elvar Viktorsson bandalagsmerki Íþróttabandalags Akraness og er hann vel að því kominn.

**Olga Magnúsdóttir frá Ósi, körfuboltakona**

Olga lét mikið til sín taka í yngriflokka starfi félagsins um árabil frá 1995 - 2005 þar sem hún á fjóra drengi sem allir fóru í gegnum yngriflokka félagsins og áttu góðan feril í meistaraflokki ÍA. Hún vann mjög óeigingjarnt starf í þágu körfuboltans á Akranesi og fengu margir að njóta móðurlegrar umhyggju Olgu. Enn þann dag í dag er hún og hennar fjölskylda að styðja vel við bakið á Körfuknattleiksfélagi ÍA og láta þar til sín taka. Fannar sonur hennar er núna formaður félagsins og Ómar sonur hennar gjaldkeri. Hlutverk Olgu er núna meira í því að hvetja barnabörnin sem einnig eru að spila körfubolta með ÍA. Takk Olga fyrir þitt margþætta og óeigingjarna starf í þágu körfuboltans á Akranesi.

**Ólöfu Húnfjörð Samúelsdóttur.**

Ólöf  var einn af stofnendum Íþróttadeildar Dreyra árið 1998. Hún var í forsvari fyrir því að farið var að halda stór opin hestaíþróttamót á Æðarodda þar sem margir keppendur komu frá hestamannafélögum af höfuðborgarsvæðinu, suður – og vesturlandi. Ólöf var formaður Dreyra í 4 ár en hefur einnig verið ritari félagsins, og setið í stjórn með stuttum hléum í  tæp 25 ár. Hún hefur auk þess allt frá unglingsaldri verið þulur  heilu dagana og  helgarnar á gæðinga – og hestaíþróttamótum.  Eftir Ólöfu liggur sérlega óeigingjarnt starf fyrir hestamannafélagið Dreyra og það er óhætt að segja að Ólöf hafi gefið sál og hjarta í starf sitt fyrir félagið.

Hafðu innilegar þakkir fyrir ómetanlegt starf.

**Samúel Guðmundsson,**

Samúel er einn af frumkvöðlum körfuboltans á Akranesi og lét mikið til sín taka í starfinu um og í kringum 1980. Hann var mjög liðtækur körfuknattleiksmaður og á að baki fjölda leikja með meistaraflokki ÍA. Hann var formaður körfuboltaráðs ÍA á sínum tíma ásamt því að sinna þjálfun af mikilli kostgæfni. Eftir að Sammi flutti af Skaganum hefur hann haldið áfram að láta til sín taka á sviðið íþrótta og var formaður Hauka í mörg ár. Framlag hans til körfuboltans á Akranesi gleymist ekki og þökkum við honum kærlega fyrir.

Hrönn kynnir Marellu sem stígur í pontu og veitir í fyrsta skipti nýja viðurkenningu í sögu Íþróttabandalagsins. Marella óskar öllum til hamingju með sína viðurkenningar og þakkar fyrir þeirra framlag íþrótta á Akranesi. Við ætlum að veita þessa nýju viðurkenningu árlega en við höfum verið að veita viðurkenningar til einstaklingar en fyrirtækin hafa soldið gleymst í umræðunni.  Þau er allmörg á Akranesi sem hafa stutt dyggilega við íþróttahreyfinguna. Fyrst á blað var fyrirtækið ÞÞÞ og þau eru með fulltrúa í salnum og ætlar að bjóða hann hjartanlega velkominn að taka á móti þessari viðurkenningu. Á skildinum stendur: Með kæru þakklæti fyrir ómetanlegan stuðning fyrir íþróttir á Akranesi.

Óskum öllum innilega til hamingju með þessar viðurkenningar.

## Kosning í stjórn ÍA

Hildur Karen stígur í pontu og fer yfir að næst ætti að vera lagabreytingar en þar sem það var tekið vel fyrir á síðasta ársþingi þá er þessi liður ekki í ár. Nú er komið að kosningu til framkvæmdastjórnar ÍA.

Fyrst farið í kosningu formanns en Marella Steinsdóttir stígur niður úr formannssæti. Hún hefur setið í stjórn ÍA í 5 ár og síðustu 4 sem formaður og þökkum fyrir gott starf þó hún sé ekki alveg hætt. Það barst eitt framboð í formannssæti, það er Hrönn Ríkharðsdóttir núverandi varaformaður og er það samþykkt af ársþingi.

Því er laust sæti varaformanns, Emilía Halldórsdóttir gefur kost á sér sem varaformann og er það samþykkt af ársþingi.

Gísli Karlsson gefur ekki kost á sér áfram í stjórn ásamt Líf Lárusdóttur og þökkum við fyrir þeirra störf.  Því er kosning til þriggja meðstjórnenda og hafa Heiðar Mar Björnsson, Gyða Björk Bergþórsdóttir og Erla Ösp Lárusdóttir gefið kost á sér og er það samþykkt af ársþingi

Til varamanna bárust tvö framboð, Trausti Gylfason og Marella Steinsdóttir og er það samþykkt af þingi.

## Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Hildur Karen, þá er það kosning tveggja skoðunarmanna og þar hafa um árabil verið tveir yndislegir drengir sem hafa tekið þetta að sér og þeir gefa áfram kost á sér og það eru Bergþór Guðmundsson og Magnús Brandsson. Þeir eru samþykktir af ársþingi.

## Ákvörðun fulltrúa á íþróttaþing ÍSÍ og sambandsþing UMFÍ

Hvorki íþróttaþing né sambandsþing þ.a. ekki er kjörinn fulltrúi þetta árið.

## Önnur mál

Áður en fyrsti ræðumaður stígur í pontu skilar Hildur Karen kveðju frá Jóni Þór Þórðarsyni, skilar góðri kveðju þar sem hann komst ekki þar sem hann er á körfuboltamóti. Hann hefur staðið í brúnni síðustu 20 ára og þakkar fyrir samstarfið þar sem hann er að fara úr stjórn sem formaður KÍA. Sérstakar hamingjuóskir til þeirra sem hlutu viðurkenningar.

Sævar Freyr Þráinsson, óskar til hamingju með flott þing. Hefur verið gaman að vera hér í kvöld. Óskar öllum til hamingju með viðurkenningar, allt saman einstakt fólk sem við þekkjum til og það sem býr til íþróttahreyfinguna. Svona sjálfboðliðar sem vinnur óeigingjarnt og ötult starf sem gerir íþróttahreyfinguna að því sem hún er, þetta er það sem við höfum séð síðustu áratugina og er að bera uppi þetta magnaða íþróttastarf sem er í bænum hjá okkur. Býr til þessa grunnstoð í samfélaginu okkar. Ef við ættum að horfa í það sem gerir Akranes að góðu samfélagi. Þá er það að við erum fjölskylduvæn og við erum samfélag sem hlúir vel að börnunum okkar, hlúir að því hvernig þau geta stundað íþróttir, skóla og starf. Þetta er svona kjarninn í því sem við gerum. Fannst alveg magnað að það hafi verið tekið hér þetta skref að viðurkenna annan þátt sem skiptir máli, að taka eftir fyrirtækjunum því þau skipta miklu máli í starfinu og hvernig við ætlum að ná árangri. Flott hjá ÍA og til hamingju með að hafa verðlaunað þetta geggjað fyrirtæki sem ÞÞÞ er. Erum með 19 mögnuð félög sem vinna mikið og frábært starf sem við eigum að er gríðarlega stolt af. Oft þegar við erum að horfa á vinnu okkar sem erum að koma frá Akraneskaupstað í samvinnu með ÍA þá snýst starfið svo mikið um hvernig við getum byggt upp öflugra og betra starf. Ef við ætlum að setja verðmiða á þetta sjálfboðaliðastarf sem er unnið núna innan íþróttahreyfingarinnar þá erum við að tala um hundruðir milljóna. Við verðum bara að tala um þetta eins og það er, það er svo magnað starf sem er unnið innan íþróttahreyfingarinnar og hjá ÍA og hugsið hvað það er magnað að geta verið í samfélagi þar sem allir geta haldið með sama félagi og það heitir ÍA. Þetta er það er sem börnin okkar alast upp við og þegar þau mæta og eru að hvetja lið sitt þá enda þau oft leikina á að kalla Akranes, Akranes, Akranes. Þetta er það sem þau nýt ti að hvetja liði áfram. Þau hjá Akraneskaupstað eru stolt að því að styrkja þetta flotta starf. Þetta hefur verið heilmikil vegferð undanfarið ár og honum langar að þakka þeim sem hafa verið með þeim í þessari vegferð, Hildur Karen, Guðmunda, Hörður, Marella, Hrönn og öll stjórnin og stjórnirnar sem hafa komið að þessu. Þau hafa farið í mjög mikla vinnu sem er búin að leiða þau á frábæran stað til að ná utan um það hvernig þau eru að standa sig í samanburði við önnur sveitarfélög. Hvernig bærinn er að standa sig í að styðja við íþróttahreyfinguna í samanburði við önnur sveitarfélög. Árið 2017 þá var bærinn að greiða um 89 milljónir í greiðslu til íþróttastarfs og núna með nýjum samningi þá er bærinn að bæta um 69 milljónum ofan á þá upphæð. Það er eitthvað svo gott að vera á þingi þar sem við erum farin að finna taktinn og að við séum á réttri leið. En auðvitað viljum við meira, við viljum það öll. Eitt af því er að gera rekstur kaupstaðarins betri. Fyrir 10 árum síðan var sveitarfélagið ekkert sértaklega vel rekið og var á nippinu að geta stutt almennilega við íþróttahreyfinguna. Mikill árangur hefur náðst og vill hann meina að núna sé bærinn að greiða meira en önnur sveitarfélög sem þau hafi borið sig saman við. En langar að segja að við séum ekki þar með stopp, heldur halda áfram að finna taktinn. Ein

hugmyndin sem fór í samninginn að tengja þetta við íbúafjölda. Vill minnast örstutt á að hann tók saman þá vegferð sem hefur verið sett í uppbyggingu á íþróttamannvirkjum síðustu ár er upp á 4 milljarða, þá er hann líka að taka inn það sem hefur verið sett í viðhald. Þetta eru miklar upphæðir fyrir ekki stærra sveitarfélagið. Það var ekki hægt að fara í fjármögnun fyrir meira en 250 – 300 milljónir á ári fyrir nokkrum árum en getum farið í allt 1 milljarð núna sem er stórt stökk. Tækifærin á Akranesi eru óendanleg en byggja á því að nota þetta magnaða starf sem er innan íþróttahreyfingarinnar því það er það sem býr til gott samfélag. Langar að enda þetta á að þakka aftur fráfarandi stjórn og óska nýrri stjórn til hamingju. Akranes, Akranes, Akranes!

Næst í pontu er kynnt Ása Hólmarsdóttir, formaður Dreyra. Langaði bara að upplýsa um þeirra langþráðu reiðhöll. Fyrir 4 árum síðan, 1. maí var skrifað undir samning á milli Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar og Dreyra um að fjármagna höllina. Akraneskaupstaður með 60%, Hvalfjarðarsveit 10% og Dreyri 30%. Fyrir 3 árum síðan var tekin fyrsta skóflustungan tekin fyrir húsinu. Það er núna risin glæsileg höll, hún reis síðastliði vor. Gólfið, reiðflöturinn sjálfur sem er 25 x 50 var tilbúinn síðastliði haust. En áhorfendasvæðið er ekki að fullu tilbúið núna. Er enn eftir að ganga frá snyrtingu og gera fínt fyrir áhorfendur. En þau eru núna búin að bíða í 4 mánuði eftir kalda vatninu frá Veitum þ.a. þau hafa ekkert getað notað þessa glæsilegu byggingu ennþá. Var rosalega erfitt andlega í veðuróblíðunni í vetur. Fengu samsagt ekki öryggisúttekt frá slökkviliðinu og byggingafulltrúa útaf kaldavatnsleysinu. Það var virt, höllin var ekki notuð. En í dag er komin kaldavatns lögn að húsinu og brunaslöngur og brunakerfi er uppsett. Eru núna ótrauð að stefna að notkunaropnuna á höllinni þá áhorfendastæði séu ekki alveg tilbúin 1. Maí því þá verða þau 75 ára. Biður alla um að krossa fingur að þau fái jákvæða öryggisúttekt og geti opnað næsta sunnudag.

Hildur Karen býður Trausta Gylfason næstan í pontu. Langaði að bara að nefna eitt sem hann hefur hugsað mikið um að undarförnu. Skipti um starf í haust og fór að kenna hjá FVA sem er í svosem ekki í frásögur færandi. En í haust og í vor hefur hann fengið að kynnast rafíþróttum því nemendur hans í rafiðnaðardeild hafa verið keppa í rafíþróttum. Þau sem fylgjast með rafíþróttum vita kannski að FVA varð í 2. sæti þegar þeir töpuðu með einu stigi á móti Tækniskólanum á FRÍS (rafíþróttamót framhaldsskólanna). Það opnaðist fyrir honum nýr heimur, þarna er óplægður akur. Hann veit að það eru mörg ungmenni, ekki bara ungmenni þar sem þjálfarinn er 38 ára gamall. Við erum að fara inn á þessa braut, langaði að leggja inn smá orð fyrir rafíþróttum hjá ÍA. Telur að inna skamms verði komnar rafíþróttagreinar hjá ÍA, sjáum hvað þetta er t.d. stórt hjá KR. Þakkar fráfarandi stjórn og hlakkar til að vinna með nýrri stjórn. Hildur Karen vill að það sé fært til bókar að Trausti fjallaði ekki um sundlaugarbyggingu.

Guðmunda stígur upp í pontu til að veita fráfarandi stjórnarmeðlimum og afhendir blómvendi með nýjum formannni.

Ekki voru fleiri sem óskuðu eftir orðinu.

Hildur Karen óskar nýrri stjórn til hamingju með kjörið, spennandi verkefni framundan.

**Þingslit**

Hildur Karen gefur Marellu orðið að klára sitt síðasta verk sem formaður. Hún þakkar kærlega fyrir síðustu 5 ár sem hún hefur verið í stjórn ÍA hafa verið algjör skóli. Byrjaði sem ritari og tók svo við sem formaður með tiltölulega nýfætt barn, í háskólanámi, fullri vinnu og 2 aukavinnum. Það var í raun ekki mikið pláss fyrir ÍA formennskuna en það tekur alveg 1 ár að komast inn í starfið hjá ÍA og næsta ár er maður farin að vera nokkuð ánægð með sjálfa sig og hafa skoðanir. Var ótrúlega heppin að hafa gott fólk með sér allan tímann. Framkvæmdastjórarnir verið ótrúlegar, Hildur Karen og Guðmunda. Fráfarandi stjórn hefur verið algerlega frábær, eitt besta fólk sem hún hefur unnið með það er búið að vera ótrúlegt að vinna með þeim. Átti þetta símtal með Guðmundu hvað stjórnarsetan hefur gengið vel og langar að þakka kærlega fyrir. Innkoma Hrannar var eins og að fá gullbikar í hendurnar, hún þekkir Akranes og söguna inn og út. Þegar eitthvað mál kemur þá getur hún alltaf rifjað söguna í kringum það á meðan maður man ekki hvað gerðist í fyrradag. Hún er alger himnasending í þetta starf og fær fullt traust til að leysa stöðu formanns ásamt nýrri stjórn og hlakkar til að vera með sem varamaður. Eins og kannski margir vita þá flutti Marella óvænt til Húsavíkur og hefur gengið ótrúlega vel, en ef maður ætlar að vera í áfram í formennsku hefði hún viljað vera á svæðinu. Finnur það þegar maður er fluttur að maður fjarlægist aðeins, en ÍA á alltaf hjartað hennar. Alveg sama hvar hún býr í heiminum og gat ekki hugsað sér að skilja alveg við og hlakkar mikið til að vera áfram innan stjórnar. Langar að nota tækifærið og þakka öllum fyrir samstarfið síðustu 4 ár sem formaður. Allir sem hafa verið með henni í nefndum frá Akraneskaupstað er frábært fólk og vinna sem þau taka að sér fyrir íþróttafélögin er soldið falin en ótrúlega mikilvæg. Getur alveg sagt það að það fólk sem situr í bæjarstjórn Akraneskaupstaðar leggur á sig ómælda vinnu að lesa gögn og greina til að geta stutt við íþróttahreyfinguna. Ómetanlegt að hafa fólk sem vill gera betur og þakkar sérstaklega Sævari sem lagði á sig mikla vinnu og alltaf hliðhollur ÍA alveg sama hvað kemur upp. Þó við séum ekki alltaf sammála þá erum við samt sammála um að gera ÍA betra.

Þakkar kærlega fyrir sig og slítur þar með 78. ársþingi.



# Ársskýrslur aðildarfélaga ÍA

# Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í íþróttahúsinu við Vesturgötu 16. febrúar 2022. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Lagabreytingar voru gerðar á aðalfundinum þar sem starfsár verði almanaksárið. Einnig varð breyting á fjölda í stjórn félagsins fjórir aðilar auk formanns og tveir til vara. Grein 5.3 var bætt við þar sem BA mun fara eftir siðareglum og hegðunarviðmiðum sem ÍA hefur að leiðarljósi.

Breyting var gerð á stjórn félagsins í samræmi við nýjar lagabreytingar þar sem Hilda Björg Þorgeirsdóttir og Ellert Haraldsson komu inn í stjórnina sem varamenn.

## Stjórn félagsins:

Stjórn félagsins veturinn 2022:

| | |
|---|---|
| **Formaður:** | Brynja Kolbrún Pétursdóttir |
| **Gjaldkeri:** | Arnór Tumi Finnsson |
| **Ritari:** | Irena Rut Jónsdóttir |
| **Meðstjórnendur:** | Daníel Þór Heimisson og<br>Egill G. Guðlaugsson |
| **Varamenn:** | Hilda Björg Þorgeirsdóttir<br>Ellert Haraldsson |

## Iðkendur:

Fjöldi iðkenda á síðasta ári voru um 80 sem skiptast í þrjá flokka, auk þess sem við höfum verið með fullorðins hóp þrisvar sinnum í viku. Fullorðins hópurinn hefur vaxið og er mikil aðsókn í þá tíma. Einn árgangur æfir frítt hjá félaginu og var það árgangurinn 2013 og eru það um 15 krakkar sem eru að æfa. Haldið verður áfram með þetta átak næstu árin á meðan við höfum pláss á æfingum og á meðan á uppbyggingu stendur. Einnig erum við með opna tíma á sunnudögum sem hafa verið mjög vel nýttir og er ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.

## Þjálfarar:

Irena Rut Jónsdóttir var yfirþjálfari vorönn 2022, Davíð Örn Harðarson og Brynjar Már Ellertsson voru einnig þjálfarar með Irenu. Breytingar urðu seinna á árinu fyrir haustönnina þar sem Helena Rúnarsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri félagsins í hlutastarf. Ákveðið var að ráða erlendan þjálfara til félagsins frá Indlandi Advait Vanarse. Ferlið tók langan tíma og kom Advait til starfa í desember 2022. Helena, Brynjar Már og Irena Rut sáum um þjálfun þangað til Advait kom til félagsins.



## Viðburðir starfsársins:

Á tímabilinu 2022 hélt félagið tvö mót. Landsbankamót unglinga U11-U19, a og b flokka í mars og Meistaramót ÍA.

Landsbankamót ÍA var helgina 5. - 6. mars og var góð þátttaka í mótinu um 150 þátttakendur frá 9 félögum. Það var gaman að sjá hversu margir komu á Akranes og fylltu stúkuna, það er því mikilvægt að halda mót fyrir íþróttina og starf félagsins. Þátttökuverðlaun eru veit fyrir alla spilar U11 og var ákveðið að styrkja einstök börn með því að kaupa sundpoka og buff frá þeim. Góð hefði að myndast með því.







*Davíð Logi Atlason sigraði U11* *Hafdís María Arnórsdóttir sigraði U15B*

Meistarmót ÍA var haldið á haustönninni 22. -23. október. 57 keppendur komu á mótið sem var hin besta skemmtun. Alltaf gaman að fá besta fólk í badmintoníþróttinni að keppa á Akranesi. Það var keppt um Atlabikarinn í einliðaleik í úrvalsdeild til minningar um Atla Helgason og Harðarbikarinn í tvíliðaleik í úrvaldsdeild til minningar um Hörð Ragnarsson.







*Brynjar Már og Máni Berg sigruðu í tvíliðaleik 1. deild.* *Arnór Tumi sigraði í tvenndarleik 2. deild með Elenu.*

Unglingahópurinn fór til Færeyja í lok tímabilsins á vorönninni í keppnisferð. Í för voru með iðkendur frá Hafnarfirði og Sauðárkrók. Ferðin var mjög vel heppnuð og kynntist hópurinn vel

færeysku krökkunum. En á leið okkar til Færeyja á flugvellinum var hópur frá Sundfélagi Akranes einnig að fara í keppnisferð og náðum við hópunum á mynd.



Þetta var kærkomin ferð fyrir hópinn þar sem búið að safna fyrir henni árið 2020 en ekki var hægt að fara í ferðina þá og nýttum við því tækifærið með góðu sambandi við Havnar badmintonklúbb í Færeyjum sem setti upp mót fyrir okkur. Enda gaman að enda tímabilið með skemmtilegri badmintonferð. Máni Berg Ellertsson vann U17 í einliða, öðru sæti í tvíliða- og tvenndarleik með Arnari Frey Fannarssyni og Höllu Stellu Sveinbjörnsdóttur BH.

Þann 15. maí kvöddum við Dipu Ghosh fyrrverandi badmintonþjálfara félagsins. Hann kom fyrst frá Indlandi 1983-1991 til að þjálfa yfir vetrarmánuðina en frá árinu 1997 fluttist hann og konan hans alfarið og þjálfaði hann til ársins 2007. Einnig þjálfaði Dipu í Borgarnesi, og Mosfellsbæ og var unglingalandsliðsþjálfari hjá Badmintonsambandi Íslands.



Helgina 25. – 27. mars fór fram Íslandsmót unglina í TBR húsum í Reykjavík. ÍA vann 7 Íslandsmeistaratitla og einn sigurvegara í U11B. Máni Berg Ellertsson varð þrefaldur Íslandsmeistari U15. Guðrún Margrét Halldórsdóttir varð tvöfaldur Íslandsmeistari Í tvíliða- og tvenndarleik og varð í öðru sæti í einliða. Davíð Logi Atlason varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik U11 og í öðru sæti í einliða- og tvenndarleik U11. Arnar Freyr Fannarsson varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik U15. Andri Viðar Arnarsson sigraði í einliðaleik U11 B. Tinna María Sindradóttir varð í öðru sæti í einliðaleik U11 B.

Meistaramóti Íslands 2022 var haldið 7. – 9. apríl. í TBR húsum. Þar eignuðumst við 4 Íslandsmeistaratitla. Drífa Harðardóttir varð Íslandsmeistari í tvenndarleik ásamt Kristófer Darra Finnssyni TBR í Úrvalsdeild. Egill Guðlaugsson varð Íslandsmeistari í tvíliða- og tvenndarleik í 2. deild. Karitas Eva Jónsdóttir varð Íslandsmeistari í tvenndarleik í 2. deild með Agli. Ármann Steinar Gunnarsson varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik í 2. deild með Agli.










*Ármann, Drífa, Egill og Karitas*

*Drífa og Kristófer* *Karitas, Egill og Ármann*

Laugardaginn 14. maí var haldið Akranesmót félagsins aftur eftir hafa fellt það niður vegna covid síðustu árin, einnig var haldið lokahófi þar sem börn og unglingar uppskáru eftir veturinn.




*U9 og U11 spilarar með þátttökuverðlaunin*

Máni Berg Ellertsson var valin spilari ársins fyrir sína góðu frammistöðu á tímabilinu þar sem hann varð þrefaldur Íslandsmeistari unglinga í U15 ára flokki.







*Máni Berg* *Helen Amalía og Tinna María* *Fjalar Þórir og Birgir Viktor*

Minningarskjöldur Súsönnu Steinþórsdóttur var veittur og fengu Sigurmunda Hlín Ásbjörnsdóttir og Laufey Sigurðardóttir hann að þessu sinni.





*Sigurmunda (Simma) og Irena* *Bræðurnir Róbert og Eiríkur synir Laufeyjar*

Máni Berg Ellertsson var valinn badmintonmaður ársins 2022 eftir góða frammistöðu á árinu. Máni Berg er fæddur 2007 og hefur alla tíð æft badminton undir merkjum ÍA. Hann hefur æft badminton frá unga aldri enda allir fjölskyldumeðlimir viðloðnir íþróttina. Hann varð þrefaldur Íslandsmeistari í badminton U-15 ára á árinu. Hann varð í 3-4 sæti í 2. deild í tvíliðaleik með Arnóri Tuma Finnssyni ÍA. Einnig vann Máni öll unglingamót sem voru haldin á vorönninni. Máni Berg var valinn til þess að fara og keppa á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar nú í sumar þar sem hann keppti fyrir Íslands hönd í badminton. Einnig var hann valinn í Evrópuskóla Badminton Europe. Hann hefur alltaf átt sæti í unglingalandsliðum Íslands í badminton og er í afrekshóp Badmintonsambands Íslands. Máni Berg er metnaðarfullur íþróttamaður og góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur. Hann æfir einnig knattspyrnu að kappi og fer létt með það að stunda báðar íþróttagreinar og gerir það vel. Máni hefur einnig staðið sig vel á árinu sem þjálfari á mótum fyrir félagið og verið þar mikil fyrirmynd og stuðningur fyrir yngri iðkendur.



## Landsliðsmál:

Félagið átti fulltrúa í æfingahóp Badmintonsambandsins á árinu 2022. Drífa Harðardóttir og Máni Berg Ellertsson voru valin í

afrekshóp 2022. Andri Viðar Arnarsson, Breki Þór Ellertsson og Davíð Logi Atlason hafa verið í yngri landsliðshóp.

Máni Berg Ellertsson var valin til að taka þátt í Sumarskóla Evrópu á vegum Badminton Europe U15 4.-11.júlí í Lahti, Finnlandi. Æfingabúðirnar eru mjög sterkar þar sem börn eru valin frá þjóðum í Evrópu til að taka þátt.

Máni Berg var einnig valinn á Ólympíuhátið Evrópuæskunnar (EYOF) 24.-30. júlí í Banská Bytrica, Slóvakíu ásamt Lilju BU TBR. Þau kepptu í einliða- og tvenndarleik. Ferðin var á vegum Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ) þar sem stór hópur frá Íslandi fór að taka þátt í leikunum í badminton, fimleikum, frjálsum íþróttum, hjólreiðum, sundi, handknattleik, júdó og tennis. Ferðin heppnaðist mjög vel og fór í reynslubankann einnig er það mikið tækifæri að fá að taka þátt í svona verkefni þar sem margar íþróttir koma saman.



Máni Berg og Davíð Logi Atlason fóru að keppa í Farum Danmörku í maí ásamt Badmintonfélagi Hafnarfjarðar og Badmintonfélag Siglufjarðar. Máni Berg náði mjög góðum árangri og varð í öðru sæti í öllum greinum U15 M. Davíð Logi stóð sig líka mjög vel á sínu fyrsta erlenda móti.

## Rekstur félagsins:

Rekstur félagsins á árinu 2022 var fínn, tap um 538.490 kr. Tekjur voru hærri en árið áður þar sem tekjur vegna æfingagjalda hafa hækkað um 1,2 milljón króna sem er mjög ánægjulegt enda hefur verið fjölgun í félaginu. Styrkir frá ÍA og Akraneskaupstað hafa lækkað á milli ára en munurinn er styrkur sem var veittur frá Þorgeir og Ellert. Laun og starfsmannakostnaður hefur hækkað þar sem bætt hefur verið við stöðugildi um framkvæmdastjóra ásamt margir þjálfarar komu að þjálfun. Búið er að ráða þjálfara frá Indlandi í desember en félagið og Badmintondeild Skallagríms deila launakostnaði þar. Einnig kom til kostnaður vegna Færeyjarferðar sem farin var á árinu en fjáröflun frá fyrri árum kom á móti. Styrkir voru veittir til spilara vegna keppnisferða erlendis sem hafði ekki verið á fyrra ári vegna covid.

## Framtíðarsýn:

Okkar helsta framtíðarsýn er að stækka félagið og koma því aftur í fremstu raðir badmintonfélaga á landinu. Okkar helstu aðferðir í ár við að fjölga iðkendum var að leyfa einum árgang að æfa frítt ásamt því að gefa nýjum iðkendum badmintonspaða að gjöf. Við vonumst til að geta haldið þessu áfram um ókomin ár. Einnig viljum við að badminton sé ein af grunníþróttum á Akranesi.

Mikil sátt ríkir um það hjá Badmintonfélagi Akraness að iðkendur geti bara æft en sleppt því að keppa. Við viljum fá sem flesta og mega allir vera á sínum eigin forsendum hjá félaginu.

Framtíðarsýn fyrir Badmintonfélag Akraness er að koma iðkendum um og yfir 100 á næstu 4 árum og halda áfram okkar góða starfi með iðkendurna.

## Lokaorð og þakkir:

Í heildina litið er félagið mjög ánægt með árið sem er að líða og hafa krakkarnir hafa sýnt miklar framfarir og staðið sig vel á æfingum og mótum og verið Badmintonfélag Akraness til sóma.

Við teljum að uppbyggingarstarfið sé byrjað og sé á góðri leið. Við vonumst til þess að halda okkar iðkendum og að næsta ár verði enn betra.

F.h. Stjórnar

Brynja Kolbrún Pétursdóttir

# Blakfélagið Bresi

Á aðalfundinum voru ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Stjórn Bresa hélst óbreytt og er hún þannig skipuð:

**Formaður:** Valgerður Ása Kristjánsdóttir.

**Gjaldkeri:** Helena Rut Steinsdóttir.

**Ritari:** Karitas Ósk Ólafsdóttir**.**

**Varamenn:** Eygló Karlsdóttir og Steindóra Steinsdóttir**.**

**Skoðunaraðilar reikninga:** Álfheiður Ágústsdóttir og Ingunn Sveinsdóttir.

Skráðir félagar í Bresa voru 16.

Engar upplýsingar bárust frá Blakfélaginu Bresa aðrar en það að félagið hefur lagst aðeins í dvala vegna þess að iðkendur hafa hætt að spila blak. Ekki á að leggja félagið niður sem stendur alla vega heldur aðeins verið að endurhugsa og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér.

# Fimleikafélag Akraness

## Stjórn félagsins veturinn 2022-2023

| | |
|---|---|
| **Formaður:** | Steinar Helgason |
| **Varformaður:** | Marín Rut Elíasdóttir |
| **Gjaldkeri:** | Ingibjörg Indriðadóttir |
| **Ritari:** | Vilborg Helgadóttir |
| **Meðstjórnandi:** | Ívar Orri Kristjánsson |
| **Varamenn:** | Rósa Guðnadóttir og Helga Hallfríður Stefánsdóttir |

## Rekstur félagsins

Rekstur félagsins á árinu gekk ágætlega en loknu uppgjöri er hagnaður upp á um þrjár milljónir krónur. Hagnaðinn má fyrst og fremst rekja til styrks sem félagið hlaut á árinu vegna COVID-19. Styrkurinn var kærkominn og hjálpaði verulega við að rétta af rekstrartap félagsins árið 2021. Það var mat stjórnar í byrjun árs 2022 að endurskoða þyrfti æfingagjöld til að snúa bátnum við. Sú ákvörðun var því tekin að hækka æfingagjöld á haustönn 2022 og þar með væri félagið betur í stakk búið að standa undir rekstrarkostnaði. Eigin fjárstaða er sterk og stendur félagið vel í dag. Sterkur og stöðugur rekstur auðveldar allt starf félagsins og uppbyggingu þess. Telur stjórn félagsins að félagið sé nú í stakk búið til að vinna við að efla félagið enn frekar.

Félagið gerði samning við sjö nýja styrktaraðila sem allir gerðu þriggja ára samning við félagið og fyrir það er félagið mjög þakklátt. Stjórnin er bjartsýn um að styrktaraðilum fari fjölgandi og er markmiðið að ná að minnsta kosti 15 styrktaraðilum fyrir lok árs 2023.

Fjáröflun fór aftur á fulla ferð aftur eftir COVID'19 heimsfaraldurinn og tóku iðkendur sem sóttu æfingabúðir í Ollerup í Danmörku 2022 þátt í allskyns fjáröflunum fyrir ferðinni sem farið var í júlí 2022.

Sala á FIMÍA æfingafatnaði hófst á árinu og gekk salan vonum framar en það þurfti að panta aftur á lager fyrir lok árs þar sem færri fengu fatnað en vildu frá fyrri pöntun.

## Iðkendur og þjálfarar - Hjartað í starfinu

Á árinu 2022 voru iðkendur alls 856, þar af æfðu 620 einstaklingar á vorönn. Þar af voru 119 í íþróttaskólanum og 391 almennir iðkendur. Dansnámskeið var einnig í fysta skiptið í boði en það var samstarfsverkefni á milli fimleikafélagsins og Dansstúdíó Díönu. Iðkendur á dansnámskeiðinu voru í heildina 110. Alls bættust við 80 iðkendur í iðkendafjöldann sem komu á sumarnámskeið hjá félaginu, annarsvegar var boðið upp á trampólín námskeið og hins vegar fimleika námskeið.

Á haustönn voru iðkendur 550 í heildina. Þar af voru 121 í íþróttaskólanum og 429 almennir iðkendur. Haldið var í fyrsta sinn 4 ára fimleika á haustönn sem vakti miklar vinsældir, en alls sóttu 64 börn æfingarnar. Strákar á vorönn voru 128 en þeim fjölgaði um 15% á milli anna, en strákar voru 148 talsins á haustönn. Meistaraflokkur hélt áfram að taka framförum og keppti í fyrsta sinn í nýjum glæsilegum ÍA keppnisbúning.



*Meistaraflokkur í nýjum glæsilegum ÍA keppnisbúningum*

Starf félagsins heldur áfram að blómstra undir stjórn Þórdísar Þallar Þráinsdóttur yfirþjálfara og er stjórnin afar ánægð með hennar störf. Í félaginu er sterkur hópur þjálfara og eru í dag starfandi 29 þjálfarar með mikla sérþekkingu og reynslu. Margir af okkar þjálfurum eru orðnir eftirsóttir af öðrum félögum til starfa innan FSÍ sem við lítum á sem merki um að við séum á réttri leið í uppbyggingu á okkar þjálfarahóp.

Þess má geta að yfirþjálfari félagsins, Þórdís Þöll var valin sem einn af landsliðsþjálfurum stúlknaliðs sem fór á EM í hópfimleikum í september á árinu og hafnaði liðið í 3. sæti, frábær árangur. Auk þess hlaut Þórdís Þöll viðurkenninguna ,,Þjálfari ársins 2022" hjá Fimleikasambandi Íslands. Við höldum áfram að byggja upp þjálfararéttindin og hefur Þórdís umsjón með námskeiðshaldi þjálfara í samvinnu við framkvæmdastjóra.

Við stefnum á að ráða inn tvo nýja þjálfara á árinu, einn frá Svíþjóð og einn frá Danmörku. Sá danski kemur til okkar í þriggja daga heimsókn þann 11. apríl 2023 og er mikil tilhlökkun að hitta hann í eigin persónu og sjá hann spreyta sig á gólfinu með hinum þjálfurunum. Það er margt fleira spennandi framundan, til að mynda eru fleiri þjálfara- og dómara námskeið á dagskrá á vegum Fimleikasambandsins. Þessi námskeið koma til með að nýtast félaginu öllu afar vel. Það er því óhætt að segja að við hlökkum til að fylgjast með okkar sterka þjálfarateymi á komandi tímum.



*Þórdís Þöll Þráinsdóttir - Þjálfari ársins 2022*

## Starf félagsins

Eyrún Reynisdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra félagsins í byrjun árs og okkar annað heila starfsár fór fram í okkar glæsilega fimleikahúsi við Vesturgötu. Mikil flóra var í starfi félagsins á árinu sem er sífellt að bjóða upp á fimleika fyrir fleiri einstaklinga. Í fyrsta sinn var boðið upp á námskeið fyrir ungabörn og fimleikaþrek fyrir íþróttakrakka. Einnig voru námskeið fyrir eldri borgara og fimleikaæfingar fullorðna í boði. Það er óhætt að segja að félagið sé alltaf að færast nær því að vera félag sem býður upp á ,,Fimleika fyrir alla“, en það er einmitt markmið félagins. Stefnan er sett á að bjóða upp á fleiri námskeið á komandi ári, eins og t.d. fimleika fyrir fatlaða.

Starfið hefur verið til fyrirmyndar í nýju húsi sem endurspeglast í framförum iðkenda. Þjálfarar og iðkendur hafa notið þess að vinna í nýja húsinu og er öll aðstaða til fyrirmyndar. Fimleikahúsið okkar var formlega opnað þann 6. maí 2022 og var vígslan vel sótt af bæjarbúum. Iðkendur sýndu listir sýnar með stuttri sýningu, nokkrir tóku til máls og veittir voru blómvendir til þeirra sem áttu þátt í að húsið yrði að veruleika áður en klippt var á borðann.



*Einar Brandsson, Þórdís Þöll Þráinsdóttir, Eyrún Reynisdóttir, Hrönn Ríkharsdóttir, Elsa Lára Björnsdóttir og Bára Daðadóttir*

Forseti Íslands, Guðni Th. og Eliza Reid eiginkona hans gerðu sér glaðan dag og heimsóttu félagið þann 15. desember, markmið heimsóknarinnar var að hitta sem flesta og sjá allt það starf sem félagið hefur upp á að bjóða. Í tilefni af heimsókninni var 2. flokkur með stutta sýningu og Guðni og frú fengu að sjálfsögðu mynd af sér með iðkendum og þjálfurum félagsins.



Á árinu 2022 var allt á leið í eðlilegt horf eftir heimsfaraldurinn og var því meira um mótahald hjá Fimleikasambandinu (FSÍ) heldur en s.l. tvö ár. FIMÍA hélt tvö mót á vegum FSÍ, eitt á vorönn og eitt á haustönn. Þann 2. júní var haldin frábær vorsýning þar sem allir iðkendur félagsins tóku þátt. Að sýningu lokinni voru seldar grillaðar pylsur og drykkir fyrir utan fimleikahúsið í frábæru veðri. Við hættum að sjálfsögðu ekki þar en ákveðið var að halda í fyrsta sinn innanfélagsmótið Fim-Leikarnir á árinu. Mótið var haldið í lok haustannar, dagana 16. og 17. desember. Allir iðkendur fengu tækifæri til að taka þátt í Fim-leikunum nema yngstu iðkendurnir í íþróttaskólanum en jólasveinarnir heimsóttu íþróttaskólann þess í stað. Mikil ánægja var með þetta fyrirkomulag, selt var kakó og vöfflur á milli hvers hluta og rann ágóðinn í fjáröflunarsjóð félagsins. Það má með sanni segja að Fim-leikarnir séu komnir til að vera og er stefnan á að halda næstu Fim-leikana í desember 2023.



## Mótamál

Árið 2022 var annasamt keppnisár. Breytingar voru gerðar á mótaskrá fimleikasambandsins og bætt var inn mótum. Fyrsta keppnis helgi ársins var 5-6. febrúar í fimleikahúsinu okkar á Akranesi. Þá fóru fram GK mótið í hópfimleikum fyrir eldri iðkendur og haustmótið í stökkfimi.
ÍA sendi tvö lið til leiks á GK mótið. Meistaraflokkur vann tvö áhöld af þremur og hafnaði í 2. sæti í efstu deild hálfu stigi á eftir Gerplu. 2. flokkur hafnaði í 6. sæti. 2 flokkur átti einni lið í stökkfimi sem gerði sér lítið fyrir og sigraði mótið.

Bikarmót fullorðinna fór fram í Dalhúsum í Grafarvogi 26. febrúar en lið meistaraflokks þurfti að draga sig úr keppni þar sem stór hluti liðsins veiktist af COVID-19 í vikunni fyrir keppni.

Bikarmót unglinga var svo haldið 13. mars í Digranesi. Þar hafnaði 2. flokkur í 7. sæti, 3. flokkur í 2. sæti hálfu stigi frá bikarmeistaratitli og ÍA 2 í 12. sæti. 4 flokkur sendi 4 lið til leiks sem höfnuðu í 6. sæti, 14. sæti, 18. sæti og 24. sæti. Í 5. flokki voru við með tvö lið sem höfnuðu í 10. og 16. sæti. 5. flokkur er blandaður flokkur þar sem hlutfall kynja í hverju liði skiptir ekki máli. Þar áttum við tvö lið blandað af báðum kynjum sem höfnuðu í 10.- og 16. sæti. Sömu helgi fór bikarmótið í Stökkfimi fram í Digranesi. ÍA sendi lið til leiks í 2. og 3. flokki kvenna og yngri drengjaflokki. 2. flokkur hafnaði í 2. sæti, 3. flokkur í 4. sæti og drengjalið ÍA sigraði sinn flokk.

Mótaröðin bættist inn í keppnistímabilið hjá iðkendum 14 ára og eldri. Mótaröðin er hugsuð til þess að auka keppnisreynslu iðkenda og undirbúa þau undir stærri mót tímabilsins. Skapaður er vettvangur til að prufa ný stökk í öruggu umhverfi þar sem keppt er út í mýkri lendingar. Mótaröðin 1 fór fram á Akureyri 26. mars. ÍA sendi tvö lið til leiks blönduð iðkendum úr meistara, 1.- og 2. flokki sem enduðu í 5.- og 12. sæti í kvennaflokki.

Íslandsmót fullorðinna fór fram á Selfossi laugardaginn 30. apríl. Lið meistaraflokk lenti þar í 3. sæti á eftir Stjörnunni og Gerplu.

Vormótið í hópfimleikum og stökkfimi fór einnig fram á Selfossi helgina 22-23 maí. Vormótið í hópfimleikum er fyrir iðkendur í 4 og 5 flokki. Þar höfnuðu lið 4 flokks í 4 sæti í A deild, 5.- og 6. sæti í B deild og 6. sæti í C deild. Lið 5 flokks höfnuðu í 1.- og 5. sæti í B deild. Í stökkfimi lenti 4. flokkur í 5. sæti í B deild og drengjalið ÍA í 2 sæti í A deild.

Tímabilinu var svo lokað með Íslandsmóti unglinga og Íslandsmótinu í stökkfimi í stjörnunni 28-29. maí. 2 flokkur ÍA hafnaði í 7. sæti, 3. flokkur varð í 5. sæti í A deild og 2. sæti í B deild á Íslandsmótinu í hópfimleikum en lið 2. flokks hafnaði í 2. sæti í stökkfimi.

Nýtt mótatímabil hófst svo á haustönn 2022 þar sem enn fleiri mótum var bætt inn. Mótaröðin gekk vonum framan og var ákveðið að búa til deildarkeppni úr mótaröðinni og fjölga mótum innan hennar í þrjú. Fyrsta mót annarinnar var Mótaröðin 1 sem haldin var á Akranesi 5. nóvember. En Akranes og Stjarnan eru einu félögin sem hafa nægilega góða aðstöðu til þess að halda mótaröð. Lið ÍA höfnuðu í 2., 13.- og 15. sæti á mótinu.

Helgina eftir var svo Haustmót 1 í hópfimleikum og stökkfimi yngri haldið á Selfossi. Haustmót er notað til þess að skipta liðum hvers flokks upp í deildir eftir getu. Á Haustmóti 1 keppir 4. flokkur og drengir yngri. ÍA sendi tvö stúlknalið og eitt blandað lið til leiks í 4 flokki. Stúlknaliðin enduðu í 13. og 24. sæti og flokkuðust í B og C deild. Blandaða liðið hafnaði í 1. sæti. ÍA sendi ekki lið til keppni í stökkfimi yngri.

Haustmót 2 í hópfimleikum og haustmótið í stökkfimi eldri fór fram viku seinna á Egilsstöðum. Lið 2 flokks lentu í 7. og 10. sæti og flokkuðust í A deild. Lið 3 flokks lentu í 7 og 15. sæti og flokkuðust í A og B deild og mix lið 3. flokks varð í 1. sæti. Lið meistaraflokks keppti einnig á mótinu og hafnaði í 1. sæti.

Alls sótti félagið 16 mót á árinu sem dreifðust á vor- og haustönn. Erfitt var að manna dómaragildi sem félaginu bar að skila þar sem ekki eru nægilega margir virkir dómarar hjá félaginu. Mikilvægt er að félagið sendi fleiri starfmenn á dómaranámskeið við fyrsta tækifæri.

## Árangur félagsins á mótum ársins

**GK mótið í hópfimleikum 2022 á Akranesi**

Meistaraflokkur kvenna
2. sæti ÍA (43.760)
2 flokkur kvenna
6. sæti ÍA (45.250)

**Haustmót í stökkfimi 2022 á Akranesi**

2 flokkur kvenna
1. sæti ÍA (36.895)

**Bikarmót unglinga 2022 í Digranesi**

2 flokkur kvenna
7. sæti ÍA (40.615)
3 flokkur kvenna
2. sæti ÍA (45.080)
12. sæti ÍA 2 (36.160)
4 flokkur kvenna
6. sæti ÍA 1
14. sæti ÍA 2
18. sæti ÍA 3
24. sæti ÍA 4
5 flokkur

10. sæti ÍA 1 (20.680)
16. sæti ÍA 2 (10.395)

**Bikarmót í stökkfimi 2022 í Digranesi**

2 flokkur kvenna
2. sæti ÍA (34.400)
3 flokkur kvenna B deild
4. sæti ÍA (32.900)
KK yngri B deild
1. sæti ÍA (27.950)

**Bikarmót fullorðinna í hópfimleikum 2022 í Dalhúsum**

Meistaraflokkur kvenna dró sig úr keppni

**Mótaröðin á Akureyri**

Kvennaflokkur
5. sæti ÍA1 (40.645)
12. sæti ÍA2 (33.960)

**Íslandsmót fullorðinna á Selfossi**

Meistaraflokkur kvenna
3. sæti ÍA (41.645)

**Vormót í hópfimleikum á Selfossi**

4 flokkur A deild
4. sæti ÍA 1 (38.830)
4 flokkur B deild
5. sæti ÍA 3 (28.465)
6. sæti ÍA 2 (28.380)
4 flokkur C deild
6. sæti ÍA 4 (19.700)
5 flokkur B deild
1. sæti ÍA 1 (28.145)
5. sæti ÍA 2 (19.325)

**Vormót í Stökkfimi á Selfossi**

3 flokkur
2. sæti ÍA (34.800)
2 flokkur
2. sæti ÍA (36.000**Íslandsmót í hópfimleikum í Stjörnunni**
2 flokkur
7. sæti ÍA (43.795)
3 flokkur B
2. sæti ÍA (39.795)
3 flokkur A
5. sæti ÍA (44.460)

**Íslandsmót í stökkfimi í Stjörnunni**

3 flokkur
2. sæti ÍA (34.800)
2 flokkur
2. sæti ÍA (36.000)

**Mótaröð 1 í hópfimleikum á Akranesi**

8. sæti ÍA (40.010)
13. sæti ÍA 2 (30.045)

15. sæti ÍA 3 (27.845)
**Haustmót 1 í hópfimleikum á Selfossi**
4 flokkur
13. sæti ÍA 1 (29.725)
24. sæti ÍA 2 (19.430)
4 flokkur mix
1. sæti ÍA mix (13.165)
**Haustmót 2 í hópfimleikum á Egilsstöðum**
Meistaraflokkur
1. sæti ÍA (41.280)
2 flokkur
7. sæti ÍA 1 (36.965)
10. sæti ÍA 2 (34.980)
3 flokkur
7. sæti ÍA 1 (37.860)
15. sæti ÍA 2 (29.930)
3 flokkur mix
1. sæti ÍA mix (23.600)

## Tilnefning til íþróttamanns Akraness

Fimleikafélag Akraness tilnefndi Hrafnhildi Jökulsdóttur fimleikakonu ársins 2022.
Hrafnhildur er 19 ára og hefur æft hópfimleika með Fimleikafélagi Akraness síðan hún var 6 ára. Síðast liðin ár hefur hún keppt með meistaraflokki ÍA í hópfimleikum og alltaf verið lykilmanneskja í liðinu. Hrafnhildur hefur tekið miklum framförum á árinu og er mikilvæg þegar kemur að liðsanda og leikgleði. Á árinu keppti hún með meistaraflokki í efstu deild með góðum árangri. Liðið hafnaði í 2. sæti á GK mótinu í hópfimleikum, 3. sæti á Íslandsmóti fullorðinna í hópfimleikum og 1 sæti á Haustmóti fullorðinna í hópfimleikum. Hrafnhildur keppti á öllum áhöldum og bar af í gólfæfingum.
Hrafnhildur þjálfar yngri flokka félagsins. Hún nýtur mikilla vinsælda meðal iðkenda og er þeim flott fyrirmynd. Hrafnhildur er jákvæð, dugleg, metnaðargjörn og umfram allt frábær fimleikakona.



## Framtíðarsýn

Fimleikafélag Akraness er félag sem hefur fest sig í sessi sem eitt af stærstu aðildarfélögum Íþróttabandalags Akraness. Að halda úti svo stóru félagi og byggja undir framtíðarvöxt krefst aðhalds og útsjónarsemi. Rekstrarstaða ársins 2022 sterk og er félagið í stakk búið að takast á við áframhaldandi uppbyggingu. Fimleikafélag Akraness heldur áfram að stækka með

stöðugum iðkendahóp og framúrskarandi þjálfarateymi. Ljóst er að spennandi tímar eru framundan, aðstaðan til fyrirmyndar og þjálfarateymið sterkt. Markmið næsta árs er að koma í veg fyrir brottfall í elstu flokkum félagsins, styrkja þá og efla svo við stimplum okkur enn frekar sem eitt af bestu félögum landsins.





# Lokaorð

Enn eitt árið liðið hjá Fimleikafélagi Akraness og vissulega viðburðarríkt á margan hátt. Það sem stendur upp úr árið 2022 er viðsnúningur á rekstri félagsins, vígsla á fimleikahúsinu, heimsókn forseta Íslands og öll þau mót og sýningar sem félagið stóð fyrir á árinu.

Stjórnin vill þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt fyrir þeirra framlag. Ljóst er að starfið myndi aldrei geta verið í þessari mynd án ykkar framlags. Akranes býr við mikla möguleika í að verða eitt af fremstu bæjarfélögum í íþrótta- og tómstundastarfi og við erum sannfærð um að fjölskyldufólk horfir til þess þegar það ákveður búsetu. Það er mikil gróska í bænum sem sýnir sig í 19 aðildarfélögum íþróttabandalagsins. Fimleikafélag Akraness er orðið stærsta aðildafélag íþróttabandalags Akraness og fögnum við því. Það er einnig frábært hversu mikið samstarf er við íþróttabandalagið og þau íþróttafélög sem eru innan þess. Einnig eigum við gott og farsælt samstarf við Akraneskaupstað sem hefur stutt vel við bakið við félagið og fyrir það erum við þakklát. Lokaorðin þessara skýrslu eru gildi ÍA sem segja mjög mikið um okkar starf.

**Að koma saman er byrjun**

**Að vera saman eru framfarir**

**Að vinna saman er árangur**

f.h. stjórnar Fimleikafélags ÍA,

Steinar Helgason, formaður

# Golfklúbburinn Leynir

## 57. Starfsár Golfklúbbsins Leynis – Skýrsla stjórnar

Golfsumarið á Íslandi árið 2022 fór ágætlega af stað en ljóst er að Íslendingar voru mikið á faraldsfæti í vor og sumar eftir langvarandi Covid tímabil. Veðurfar á Íslandi var ekki með besta móti þetta sumarið og ekkert sérlega hliðhollt golfvertíðinni, en meðal lofthiti var talsvert undir meðallagi í sumar. Kylfingar létu veðrið þó ekki aftra sér og voru iðnir við að sækja golfvelli um land allt. Golfklúbburinn Leynir fann vel fyrir veðráttunni þá sérstaklega í umhirðu vallar. Hvað varðar umferð á Garðavöll þá hafði veðurfarið ekki teljandi áhrif því fjöldi spilaðra hringja var nánast á pari við árið 2021. Eins og sjá má á súluritinu hér að neðan þá var umferðin á Garðavöll árið 2022 í sögulegu samhengi góð en skráðir hringir voru 22.115. Það má teljast viðunandi árangur í ljósi þeirra krefjandi aðstæðna sem lýst var hér að framan og gefur okkur meðbyr fyrir komandi tíma.




Félagsmenn GL voru að vanda duglegir að spila sinn heimavöll en alls voru 18.880 hringir skráðir á félagsmenn eða um 67% allra skráðra hringja sem er örlítið hærra hlutfall en árin 2020 og 2021. En inn í þeirri tölu er þátttaka félagsmanna í innanfélagsmótum á árinu 2022.

**Aðalfundur 2021 og verkefni stjórnar**

Aðalfundur síðasta árs var í annað sinn í sögu félagsins haldin í gegnum fjarfundarbúnað sökum Covid-19 en engu að síður voru margir félagsmenn sem tóku þátt í fundinum líkt og árið 2020. Fundurinn fór vel fram og gengu umræður vel fyrir sig, sem og þau mál sem þörfnuðust afgreiðslu fundarins.

Á aðalfundi GL þann 24. nóvember 2021 var kosin stjórn fyrir starfsárið 2022. Stjórn var þannig skipuð:

- Oddur Pétur Ottesen, formaður.
- Óli Björgvin Jónsson, varaformaður.
- Heimir Bergmann, gjaldkeri.
- Ella María Gunnarsdóttir, ritari.
- Hörður Kári Jóhannesson, meðstjórnandi
- Hróðmar Halldórsson, varamaður.

Haldnir voru 13 stjórnarfundir á starfsárinu auk óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli.

## Félagatal GL

Félagsmenn GL töldu 650 í lok sumar 2022 en voru 674 á árinu 2021. Fjöldi greiðandi félagsmanna fjölgaði þó milli ára en fjöldi barna sem sóttu golfleikjanámskeið dróst saman milli ára.

Hlutfall kvenna og karla í klúbbnum hélst óbreytt á milli áranna 2021 og 2022, en hlutfall kvenna er nú 31% og karla 69%.

Á komandi árum mun fjölgun kvenna í starfinu verða ein af okkar stóru áskorunum í fjölgun meðlima og þar af leiðandi styrkara starfi. Einnig stendur metnaður stjórnar til fjölgunar iðkenda hjá börnum og unglingum, sem er sannarlega ein mikilvægasta leiðin til að skapa fullgreiðandi félagsmenn þegar til lengri tíma er litið. Fjölgun félaga um 15-20% myndi skapa okkur auknar fastar tekjur og gera klúbbinn minna háðan utanaðkomandi vallartekjum.

Fjöldi fjaraðildarfélaga frá nærliggjandi sveitarfélögum var sambærileg frá fyrra ári eða 83 í ár en voru 80 á árinu 2021. Nýliðun á árinu 2022 var góð en 28 kylfingar gerðust meðlimir í golfhreyfingunni í fyrsta sinn innan raða Leynis. Stjórn GL vill bjóða alla þá félagsmenn sem gengu í klúbbinn á árinu sérstaklega velkomna og vonast til að sjá þá að nýju næsta vor – eins og alla aðra félagsmenn.




Félagsstarfið í Leyni var mjög blómlegt á starfsárinu 2022. Í vetur voru félagsmenn mjög duglegir að nýta sér inni aðstöðuna ásamt golfhermi í kjallara Garðavalla. Heimsfaraldurinn sett þó sinn svip á aðgangsstýringu og aðbúnað en það leystist mjög vel. Þá var íþróttastjóri Leynis, Valdís Þóra Jónsdóttir með æfingar og námskeið fyrir félagsmenn og Jón Einar Hjaltested bauð upp á styrktarþjálfun fyrir félagsmenn.

En að starfsmannahaldi. Í upphafi árs var Einar Gestur Jónasson ráðin í 100% starf vallarstjóra GL sem var að mati stjórnar rökrétt framhald af þeirri tilraun sem gerð var með Golfklúbbi Mosfellsbæjar um vallarstjórn árið 2021. Einar Gestur er grasvallarfræðingur að mennt og gegndi áður vallarstjórastarfi hjá Golfklúbbi Brautarholts. Einar Gestur hefur víðtæka reynslu úr faginu og er mikilvæg viðbót við starfsmannahóp Leynis.

Áskoranir Golfklúbbsins Leynis á komandi árum eru miklar, bæði sem snúa að framkvæmdum og viðhaldi á Garðavelli sem og fjárfestingum í tækjum og búnaði með það að markmiði að gera klúbbinn sem mest sjálfbæran í umhirðu og rekstri. Við höfum á liðnum árum bætt verulega við tækjakost okkar og höfum lagt drög að frekari kaupum á næsta ári.



Við höfum einnig þurft að mæta áskorunum varðandi Garðavelli – þar hefur aðkomuvatn verið að gera okkur lífið leitt. Mest hefur aðstaða í kjallara hússins verið til vandræða, en við höfum líka fengið óumbeðna

skammta af vatni í sal og afgreiðslu þegar þannig hefur viðrað. Er þetta viðfangsefni sem unnið er í nánu samstarfi við Akraneskaupstað og vonandi höfum við betur í baráttunni við vatnið á endanum.

Eins og félagsmönnum er kunnugt urðu breytingar á veitingarekstri Garðavalla frá haustinu 2021 þegar eigendur Galító sögðu sig frá rekstrinum. Í vetrarlok tók svo Hlynur Guðmundsson við veitingarekstri á Garðavöllum og opnaði veitingastaðinn Nítjándu / Bistro & Grill í apríl. Stjórn GL þakkar Hlyni og hans starfsfólki fyrir mjög gott samstarf á árinu og erum þess fullviss að það séu mikil sóknarfæri í samstarfinu, báðum aðilum til hagsbóta.

Á 78. ársþingi ÍA sem haldið var 25. apríl í Tónbergi voru félagsmenn GL, þau Kristvin

Bjarnason, Ingibjörg Stefánsdóttir og Viktor Elvar Viktorsson sæmd bandalagsmerki ÍA. Stjórn GL óskar þeim innilega til hamingju með nafnbótina og heiðursviðurkenninguna, með þeim óskum fylgja þakkir fyrir frábært starf í þágu klúbbsins.







Fjórir félagsmenn unnu það afrek að fara holu í höggi á Garðavelli í sumar. Fyrstur til þess þetta sumarið var Sveinbjörn Brandsson þann 14. maí á 3. holu. Næstur í röðinni var Lárus Hjaltested en draumahöggið sló hann 27. maí á 8. holu. Þá var það Hafsteinn Víðir Gunnarsson sem fór holu í höggi þann 11. júní á 18. holu – og takið eftir, einungis þremur dögum síðar endurtók hann leikinn og fór holu í höggi á 8. holu, sannarlega einstakt afrek hjá Hafsteini. Síðsumar þann 14. september fór svo Kári Steinn Reynisson holu í höggi á 8. holu á rauðum teig.

Golfklúbburinn Leynir óskar þeim innilega til hamingju með að vera komin í Einherjaklúbbinn.

## Sveitakeppnir og afreksfólk GL

Íslandsmót golfklúbba (2. deild karla) var haldið við góðar aðstæður á

Öndverðanesvelli dagana 19.-21. júlí. Mikil endurnýjun var í sveit Leynis að þessu sinni en eftirtaldir félagsmenn skipuðu sveitina: Alex Hinrik Haraldsson, Björn Viktor Viktorsson, Guðmundur Sigurbjörnsson, Kári Kristvinsson, Kristvin Bjarnason, Pétur Vilbergur Georgsson og Tristan Traustason. Liðsstjóri Leynis var Viktor Elvar Viktorsson. Sveitin stóð sig vel í annars mjög sterku móti og endaði í sjötta sæti og heldur GL sæti sínu í deildinni.



Kvennasveit Leynis spilaði í 2. deild en leikið var á Svarfhólsvelli á Selfossi dagana 22.24. Júlí. Alls tóku 9 klúbbar þátt í ár og gerðu Leyniskonur vel og enduðu í 4 sæti. Í kvennasveit Leynis spiluðu; Bára Valdís Ármannsdóttir, Ellen Ólsafsdóttir, Elsa Maren Steinarsdóttir, Helga Rún Guðmundsdóttir, Rakel Óskardóttir og Ruth Einarsdóttir sem jafnframt var liðsstjóri GL.



Dagana 18.-20. ágúst fór fram Íslandsmót golfklúbba 50+ í kvenna- og karlaflokki. Karlasveitin spilaði á Kirkjubólsvelli í Sandgerði og endaði í 7 sæti þetta árið. Sveitina skipuðu þeir Björn Bergmann Þórhallsson, Guðmundur Hreiðarsson, Hlynur Sigurdórsson, Jóhann Þór Sigurðsson, Kristvin Bjarnason, Pétur Vilbergur Georgsson, Sigurður Elvar Þórólfsson og Halldór B. Hallgrímsson sem einnig var liðsstjóri sveitarinnar.

Kvennasveitin spilaði á Hólmsvelli í Leiru og náði frábærum árangri. Þær gerðu sér lítið fyrir og náðu þriðja sætinu eftir sigur gegn Golfklúbbi Kópavogs – og Garðabæjar.



Árangurinn er sérstaklega ánægjulegur þar sem sveitin sigraði í 2. deild fyrir ári síðan og keppti því sem nýliðar í efstu deild í ár. Sveitina skipuðu; Ruth Einarsdóttir sem var liðsstjóri, Elísabet Valdimarsdóttir, Helga Rún Guðmundsdóttir, María Björk

Sveinsdóttir, Ragnheiður Jónasdóttir, Rakel Kristjánsdóttir, Díana Carmen Llorens og Jóna Björg Olsen. Golfklúbburinn Leynir færir þeim hamingjuóskir með bronsið, virkilega vel gert og sterk innkoma eftir langt hlé í þátttöku á þessu móti.

Í fyrsta sinn sendi Leynir karlasveit til leik í sveitakeppni LEK í aldursflokknum 65 ára og eldri en mótið fór fram á Selfossi í ágúst. Sveitin spilaði í 2. deild og endaði í 4 sæti. Sveitina skipuðu Einar Jónsson, Sigurður Grétar Davíðsson, Sæmundur Hinriksson, Jón Ármann Einarsson, Guðmundur Haraldsson og Jón Elís Pétursson.




Golfklúbburinn Leynir sigraði Sveitakeppni Unglinga 18 ára og yngri sem fram fór á Hellu dagana 22.-24. júní. Golfklúbburinn Leynir sendi til leiks blandað lið en sveitina skipuðu Bragi Friðrik Bjarnason, Elsa Maren Steinarsdóttir, Kári Kristvinsson, Nói Claxton og Tristan Freyr Traustason. Liðsstjóri sveitarinnar var Björn Viktor Viktorsson. Golfklúbburinn Leynir sigraði Golfklúbb Mosfellsbæjar í úrslitaleik 2-1. Frekari upplýsingar um barna-, unglinga og afreksstarf má finna í skýrslu þeirrar nefndar í ársskýrslunni.



Afrekskylfingurinn Björn Viktor hélt sínu striki í sumar og hélt áfram að vera einn af bestu kylfingunum í sínum flokki þrátt fyrir að hafa farið upp um aldursflokk. Hann endaði öll mótin sem hann fór í á unglingamótaröðinni í topp 10, þar af tvisvar í öðru sæti og tryggði sér sigurinn í Íslandsmeistaramótinu í holukeppni, hans fyrsta Íslandsmeistaratitil. Björn tók einnig þátt í mótaröð þeirra bestu og endaði í topp 20 í Íslandsmótinu í Vestmannaeyjum. Þá sigraði hann meistaramót Leynis sannfærandi. Hann heldur áfram að vera fyrirmynd fyrir yngri krakkanna sem öll líta upp til hans, er samviskusamur við æfingar og kurteis. Við getum verið stolt af því að hafa

kylfing eins og Björn Viktor í Golfklúbbnum Leyni.

**Að lokum !**

En golfiðkun snýst ekki bara um kylfinga, kylfur og golfvöll. Umgjörð og upplifun er órjúfanlegar þáttur iðjunnar, þar kemur best í ljós hvað hlutverk sjálfboðavinnu er ómetanlegt fyrir Golfklúbbinn Leyni. T.a.m. á vinnudegi í aðdraganda opnunar í vor var fjöldi mættur til að leggja hönd á plóginn sem er fáséður. Vill stjórn þakka öllum þeim sem unnið hafa ötult starf í nefndum fyrir GL á starfsárinu sem og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lagt hafa hönd á plóginn í öðrum verkefnum. Það er ekki sjálfgefið að njóta svo mikils velvilja í garð félagsins.

Sjálfboðastarfið gegnir lykilhlutverki í félagsstarfinu, því fleiri vinnufúsar hendur sem að borðinu koma, þeim mun léttara verður viðfangsefnið, umgjörðin verður betri og félagsstarfið skemmtilegra. Félagsmenn-og konur í GL, ásamt okkar glæsilega Garðavelli og félagsaðstöðunni Garðavöllum eru undirstöðurnar sem klúbbstarfið hvílir á af fullum og jöfnum þunga.



Stjórn þakkar vallarnefnd, vallarstjóra, vélarmanni ásamt öðru góðu starfsfólki sem unnu svo vel að umhirðu og viðhaldi Garðavallar í ár. Það er samdóma álit stjórnar, félagsmanna og margra gesta að Garðavöllur hafi sjaldan eða jafnvel aldrei verið í jafn góðu ástandi og á nýliðnu sumri og hafi skartað sínu fegursta. Einnig fær starfsfólk í afgreiðslu GL þakkir fyrir fagmannlegar og hlýjar móttökur til handa félagsmönnum og gestum Garðavallar. Sú faglega umgjörð sem tekist hefur að skapa í rekstrinum er besta kennileitið um þá fagmennsku og þann metnað sem starfsfólk okkar býr yfir.

Töluvert álag hefur verið á mótanefnd GL þetta sumar líkt og áður eins og má sjá í skýrslu mótanefndar. Aðsókn í golfmót sumarsins var mjög góð enda lagði mótanefnd og velunnarar hennar mikinn metnað í að skapa alla umgjörð móta eins vel og kostur var. Margar sjálfboðaliðastundir liggja að baki slíkrar framkvæmdar. Stjórn færir mótanefnd sérstakar þakkir fyrir óeigingjarnt starf.



Í tengslum við Meistaramótið í sumar var aftur boðið upp á hið vinsæla reglurölt með dómaranum og félagsmanninum Viktori Elvari Viktorssyni sem mjög margir félagsmenn nýttu sér. Færir stjórn Viktori Elvari bestu þakkir fyrir þetta framtak ásamt ýmsum öðrum verkefnum sem hann hefur tekið að sér í sjálfboðaliðavinnu fyrir félagið á umliðnum árum.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki klúbbsins, meðstjórnarfólki mínu í stjórn, sem og nefndarfólki, fyrir einstaklega gott, skemmtilegt og árangursríkt samstarf. Síðast en ekki síst vil ég færa framkvæmdastjóra þakkir fyrir gott samstarf og vel unnin störf.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis

O. Pétur Ottesen, formaður
24. nóvember 2022

# Hestamannafélagið Dreyri

## Aðalfundur 30. nóvember 2022 í félagsheimilinu Odda, Æðarodda.

Í stjórn Dreyra voru á árinu 2022:

**Formaður**: Ása Hólmarsdóttir **Varaformaður:** Sigurður Arnar Sigurðsson **Ritari:** Ásta Marý Stefánsdóttir **Gjaldkeri:** Hörður Þorsteinn Benónýsson **Meðstjórnandi:** Óttar Már Ellingsen

**Varamenn**: Hjálmar Ingibergsson og Viktoría Gunnarsdóttir.

Stjórn hittist alls 8 sinnum á fundum í félagsheimilinu og einnig voru mörg mál rædd á samskiptamiðli stjórnar (facebook), í tölvupósti og í síma.

Félagar í ársbyrjun voru 272

Frá aðalfundi 28. nóvember 2021 og framhaldsaðalfundi 14. febrúar 2022 voru nefndir Dreyra eftirfarandi:

**<u>Nefndir Dreyra:</u>**

**Endurskoðendur**: Bergþór Helgason og María Hlín Eggertsdóttir. Til vara: Sigurður Arnar Sigurðsson (kosið er um endurskoðendur á framhaldsaðalfundi)

**Beitarnefnd:** Einar Ólafur Jónsson, Jón Magnússon, Ármann Rúnar Ármannsson og Sigurður Valgeirsson.

**Fræðslu- og skemmtinefnd. –** ekki tókst að manna þessa nefnd á árinu.

**Hússtjórn**: Ragnheiður Helgadóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir.

**Mótanefnd**: Stine Laatch, Einar Gunnarsson, Marie Rasmussen, Stine Achille, Petronella Kristjánsdóttir og Magnús A. Jónsson.

**Vallarnefnd**: Einar Gunnarsson.

**Reiðveganefnd**: Óttar Már Ellingsen, Þorstein Hörður Benónýsson, Sigurður Arnar Sigurðsson, Ása Hólmarsdóttir, Ásta Marý Stefánsdóttir og Jón Magnússon.

**Æskulýðsnefnd:** Jóna Mjöll Halldórudóttir,(dróg sig úr nefndinn á vordögum), Viktoría Gunnarsdóttir og Ásta Marý Stefánsdóttir.

**Byggingarnefnd vegna reiðhallar**: Ása Hólmarsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson og Magnús Karl Gylfason.

Eins og venjan er í störfum stjórnar Dreyra voru tíð samskipti, símtöl, netsamskipti og fundir þar sem fulltrúar úr stjórn hittu bæjaryfirvöld á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, s.s bæjarfulltrúa, garðyrkjustjóra, skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa  Oftast var verið að funda út af  málum tengdum reiðhöll, vegna skipulagsmála, reiðvega, fjármála og beitarmála.

Tveir fundir  vorum haldnir með  formönnum aðildarfélaga ÍA og framkvæmdastjórn ÍA.  Einnig funduðu fulltrúar úr stjórn með nefndum Dreyra og höfðu samskipti við fjölmarga aðra aðila sem tengjast starfi hestamannafélaga. Fulltrúar úr stjórn LH hittu fulltrúa hestamannafélagana á Vesturlandi í Borgarnesi í vor til að ræða það helsta sem brennur á starfsemi hestamanna á landsbyggðinni.  Formenn Vesturlandsfélagana voru einnig í  nokkrum samskiptum vegna sameiginlegra verkefna.

-Landsþing LH  var haldið þann 4.  og 5. nóvember í félagsaðstöðu hestamannafélagins Fáks í Víðidal. Fulltrúar Dreyra á þinginu voru: Ása Hólmarsdóttir, Stefán Ármannsson og Valdimar Ólafsson.

-Á árinu 2022 var nokkuð gott starf  hjá hestamannafélaginu Dreyra eftir að takmörkunum á ýmiskonar samkomu- og mótahaldi var aflétt  í marsmánuði vegna covid19 faraldursins. En faraldurinn hefur haft talsverð áhrif á starfsemi hestamannafélaga síðustu tvö árin.

Eins og vanalega hófst okkar  hestaár með smölun úr flóanum fyrir áramót.



-Framhaldsaðalfundurinn var haldinn 14. febrúar s.l þar sem m.a ársreikningar 2021 voru samþykktir og gengið frá mönnun í nefndir.

-Skellt var í smá Góugleði um miðjan mars og var það hin gleðilegasta samkoma. Svo tóku nokkrir félagsmenn sig saman í lok maí og  skipulögðu útreiðar- og súpukvöld í félagsheimilinu sem var vel heppnað.

-Það var  ágætt starf í æskulýðsnefndinni á árinu eins og heyra má nánar um í skýrslu nefndarinnar. En meðal viðburða var boðið upp á nám í knapamerkjum, æfingar fyrir keppni á Landsmóti og svo helgarnámskeið á Skáney eins og hefð er orðin fyrir.



*Sumardagurinn fyrsti á Höfða*

Langasandsreiðin var farin að venju á Sumardaginn fyrsta 21. apríl og hús tekið á heimilisfólki á Dvalarheimilinu Höfða og þeim afhent sumarblómin. Að þessu sinni var það fyrrum formaður félagsins Björn Jónsson sem tók á móti blómvendinum á Höfða.

Vel var tekið á móti okkur á Höfða með hressingu í staupi og greinilegt var að hestarnir glöddu íbúana og fengu tveir hestar sérstakt boð inn í setustofuna.

Við fengum stuttu síðar sérlegar þakkir fyrir Höfða-heimsóknina frá forsvarsaðila dvalarheimilsins og með þeim orðum að koma hestana hafi glatt heimilisfólkið mikið, að fá að koma við þá, finna lyktina og spjalla aðeins. 😊 Gaman að því.

Umhverfisdagarnir voru 21. apríl til 28. apríl og var þá tekið til og rusli safnað í kringum Æðaroddatorfuna að venju. Gámar fyrir ýmsan flokkað úrgang voru í hverfinu á þeim tíma. Það er með ólíkindum hvað mikið af rusli er týnt á hverju einasta vori.





Það var mikill kraftur í mótanefndinni á árinu með þau Stinu Laatch og Einar Gunnarsson í forsvari. Haldin voru nokkur minni vetrarmót ásamt Páskatöltinu.  Áhugamannamót Íslands var haldið á Æðarodda um miðjan júli og einnig  Opna íþróttamót Dreyra í ágúst.  Því miður var gæðingakeppnin ekki haldin vegna dræmrar þátttöku. Nánar um mótahald ársins í skýrslu mótanefndar.



*Úrslit í 4gangi 2.flokkur Opna íþróttamót Dreyra.*

Firmakeppni Dreyra  var haldin að venju 1. maí á sólbjörtum og skemmtilegum degi á 75 ára afmæli félagsins. Dómarar voru Valgarður L. Jónsson og Ragnar Sæmundsson frá Akraneskaupsstað og Steinólfur Guðmundsson fyrir hönd nýliða í hestamennsku,. Dómarastörfin fóru þeim afar vel í hendi.

Úrslit:

Pollar: Tveir glæsilegir sigurvegarar: Aron Dagur Magnússon á Abbadís frá Eyri og Magnús Karl Magnúson á Viðju frá Birkihlíð. Þeir kepptu fyrir Bílaverkstæði Hjalta og Sigurð Valgeirsson.
Börn:
1.Akraneskaupsstaður - Aldís E. Magnúsdóttir á Kórónu frá Birkihlið.
2. Sæmundur Víglundsson - Anton Már Magnússon á Abbadís frá Eyri.
3.Apótek Vesturlands - Matthildur Svana Stefánsdóttir á Fönn frá Neðra Skarði.
Unglingar.

1. Skáney Hrossarækt - Rakel Ásta Daðadóttir á Ísari frá Skeggjastöðum.
2. Verslun Einars Ólafssonar -Líf R. Kristinsdóttir á Snjallri frá Akurprýði
3. Snókur Verktakar ehf - Anna K. Guðráðsdóttir á Mosa frá Sómastöðum.

Konur:

1. Sláturfélag Suðurlands (SS) - Inga Ósk Jónsdóttir á Mjölni frá Akranesi.
2. Horn-Hrossarækt - Agnes Rún Marteinsdóttir, á Arnari frá Barkarstöðum.
3. Módel - Guðfinna Magnúsdóttir á Elju frá Birkihlíð.

Karlar:

1. Skagaverk ehf - Ingibergur Jónsson á Tvennu frá Öxnholti.
2. Heillastjarna ehf - Ólafur Guðmundsson á Eldi frá Borgarnesi.
3. Bifreiðast.ÞÞÞ. - Magnús Karl Gylfason á Birtingu frá Birkihlið.



*Vinningshafar í yngri flokkum á Firmakeppni Dreyra 2022.*

Landsmót hestamanna var haldið á Hellu í júlí.  Sameiginleg úrtaka hestamannafélagana á Vesturlandi fyrir gæðingakeppni Landsmóts var haldin í Borgarnesi 4. til 6. júní. Fyrir úrtökuna  var Valdimar Ólafsson gæðingadómari með kynningu á gæðingadómum í keppni og skýrði út hvað það er sem dómarar eru að horfa til við dómstörf.  Keppendur Dreyra sem unnu sér rétt til þátttöku á Landsmóti voru:

**Barnaflokkur** : Anton Már Greve Magnússon á Viðju frá Steinsholti 1 og Matthildur Svana Stefánsdóttir á Fönn frá Neðra-Skarði,

**B- Flokkur ungmenna.**: Hrafn frá Þúfu, Kjós, Eigandi og knapi Hjördís Helma Jörgensdóttir:

**A- Flokkur gæðinga**: Megas frá Einhamri 2, Eigandi Hjörleifur Jónsson. Mist frá Einhamri 2, .Eigandi Hjörleifur Jónsson og Kveikja frá Skipaskaga, Eigandi Skipaskagi hf.

**B- Flokkur gæðinga.**: Tangó frá Reyrhaga, Eigandi Rúna Björt Ármannsdóttir. - Eldur frá Borgarnesi, Eigandi og knapi Ólafur Guðmunddson.

Á Landsmótinu sjálfu fengu Matthildur Svana Stefánsdóttir og Fönn frá Neðra-Skarði 8,06 og Anton Már Greve Magnússon á Viðju frá Steinsholti 8,27 og komst hann áfram í milliriðil. Glæsilegir ungir knapar þar á ferðinni.
Í B-flokki keppti Ólafur Guðmundsson á Eldi frá Borgarnesi og hlaut einkunina 8.25 og í B-flokki ungmenna keppti Hjördís Helma Jörgensdóttir á Hrafni frá Þúfu í Kjós með einkunina 8.27.
Í A-flokki gæðinga komst Megas frá Einhamri 2 og Viðar Ingólfsson í milliriðil með einkunina 8.54, Kveikja frá Skipaskaga og Leifur Georg Gunnarsson hlutu 8.35 og Mist f. Einhamri og Viðar Ingólfsson fengu 8.34.

Á 17. júní, bæði á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, og á Hvalfjarðardögum tóku nokkrir Dreyrafélagar að sér að teyma undir börnum. Samtals var stóð teymingarvinnan í um 5 klst og Stjórn Dreyra vill þakka þeim sjálfboðaliðum sem tóku þátt og buðu fram tíma sinn og reiðhross í verkefnið. Teymingarnar eru mikilvægur liður í fjáröflun fyrir félagið og kynna hestamennsku fyrir börnum.





*17. júní í Miðgarði og Akranesi.*

-Dreyri tók þátt í því sameiginlega verkefni hjá LH að velja félagsmann ársins hjá hestamannafélögunum á landinu. Eftir tilnefningar meðal félagsmanna Dreyra var það Jóna Mjöll Halldórudóttir sem var valin fyrir hönd Dreyra fyrir starf sitt í æskulýðsnefndinni árið 2021.

- Á ársfundi ÍA sem haldinn var í lok apríl fengu tveir sómafélagar úr Dreyra bandalagsmerki ÍA fyrir óeigingjarnt starf sitt fyrir félagið sem spannar fjölda ára. Þetta eru þær Inga Ósk Jónsdóttir fyrrum gjaldkeri og Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir fyrrverandi formaður Dreyra. Þær eru afar vel að þessari viðurkenningu komnar. Stjórn Dreyra færir þeim hér með þakkir fyrir þeirra framlag í störfum fyrir félagið.

-Í aðdraganda sveitarstjórnakosninga í vor var frambjóðendum boðið í kvöldkaffi á Æðarodda og mættu fulltrúar frá öllum framboðum og hópue félagsmanna Dreyra. Rætt var þau mál sem heitast brenna á Dreyrafélögum, sem er helst aðstaðan á Æðarodda, skipulagsmál og reiðleiðir og fjármagnsþörf þessara verkefna. Úr þessu varð hið ágætasta spjall þar sem engu var lofað en allir frambjóðendur virtust tilbúnir í að hlusta og vinna að okkar málum,... amk. á þessum tímapunkti.

-Í haust hófst nám í Reiðmanninum I í reiðhöllinni okkar en það er bæði verklegt og bóklegt nám sem haldið er úti af Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri. 14 Dreyrafélagar stunda námið frá hausti og fram á vor. Það er mikil ánægja meðal nemenda með námið í Reiðmanninum. Það er gaman að sjá hversu vel reiðhöllin er að nýtast og reiðkennararnir eru sammála um að höllin sé sérlega gott kennsluhús, hlýlegt og bjart.



-Á vordögum ákvað stjórn að koma upp nokkrum „grænum smástundar-hólfum“ á Æðarodda með það fyrir augum að hafa aðstöðu fyrir hross á beit í stutta stund undir eftirliti eiganda sinna. Þessi hólf eru öllum opin og þau „á“ engin. Girt voru upp nokkur hólf en því miður lenti stjórn í tímahraki og ekki var hægt að klára verkefnið. Kveikjan að þessum smástundarhólfum er samskiptanúningur á milli hestamanna á vorin þar sem heldur mikil „landnemastefna“ hefur verið uppi. Svona grasdeilur hafa oftar en ekki endað inni hjá stjórn félagsins þar sem félagsmenn óska eftir úrlausn á þessu áratugagamla máli. Eldri girðingar/girðingarbönd og staurar á Æðarodda verða fjarlægð fyrir næsta vor. Er það von stjórnar að með þessu fyrirkomulagi eigi allir, hross og knapar, að geta unað sáttir við sitt. Þessu tengt þá er rétt að geta þess að Skipulags- og umhverfisráð Akraneskaupsstaðar bókaði þann 9. maí 2022 á fundi nr. 238 að: *„Skipulags- og umhverfisráð, felur stjórn Hestamannafélagsins Dreyra úthlutun beitarlands þ.m.t óbyggðar lóðir í Æðarodda. Bent er á að viðkomandi lóðir eru til úthlutunar undir hesthús. Verði óbyggðar lóðir heimilaðar til beitar skal um það gerður sérstakur samningur, milli Dreyra og Akraneskaupstaðar. Þess skal gætt að Akraneskaupstaður geti tekið viðkomandi lóðir til sín án fyrirvara og án kostnaðar.“*

-Nú í nóvembermánuði samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar að setja 16 milljónir í reiðvegi, á þessu kjörtímabili. Stjórn Dreyra óskaði eftir samningi um reiðvegagerð í Hvalfjarðarsveit síðast liðið vor og fylgdi því erindi forgangsröðun verkefna og kostnaðaaráætlun. Stjórn Dreyra er einnig búin að óska eftir því formlega við Akraneskaupsstað að fjárframlag vegna reiðvega verði aukið, eða sé amk. til jafns við fjárframlag nágrannasveitarfélagsins. Þegar þetta er skrifað er ekki komið svar við erindinu. Í haust var reiðvegurinn frá Tungu og út fyrir Steinsholt lagaður og var það verktakinn Guðni Þórðarson sem sá um það. Þá eru loksins byrjaðar úrbætur á reiðleiðum við Æðarodda og er það Hróarstindur í Skipanesi sem hafa verið að vinna í þeim málum. Verkefnunum er ekki lokið, m.a upp með Berjadalsá og Garðasel, og verða unnin eitthvað frameftir árinu. Framkvæmdir á viðhaldi

á reiðvegum  getur tekið á þolinmæðistaugina því bið eftir verktökum getur stundum orðið löng vegna mikilla anna hjá jarðvinnu verktökum.





Reiðhöllin-  Vinna í reiðhöllinni potast áfram og stefnir hægt og sígandi að loka úttekt. Í byrjun ársins var sótt um kalt vatn í húsið og fór það loksins að renna á vormánuðum. Sótt var um heitt vatn í höllina samhliða en hönnun á tengingu á heita vatninu tafði vinnu við einfalda framkvæmd á kalda vatnslögn.  Því var umsókn um heitt vatn dregin til baka til að liðka fyrir þvi að fá kalda vatnið inn. Ótrúlega flókin úrvinnsla við einfalt mál. Nú í haust var umsókn um heitt vatn endurvakin og búið að fá það staðfest að heitt vatn verður lagt í höllina og eru framkvæmdir hafnar hjá Veitum vegna þess. Á árinu hafa nokkrir handgóðir félagsmenn hafa verið iðnir við frágang innanhúss. Magnús Karl Gylfason, Sigurður Ólafsson, Ólafur Frímann og Þórarinn Halldórsson hafa verið þar fremstir í flokki. Á árinu hefur vinna við rafmagn og pípulagnir tekið talsverðan tíma. Aðgangslyklar að höllinni verða afhentir þeim sem sótt hafa um á næstu dögum.  Reiðhallarnefndin hóf störf á haustdögum með ákvörðun á reglum reiðhallar og gjaldskrá.

Stjórn Dreyra vill  þakka öllum þeim sem hafa unnið fyrir félagið á liðnu ári.  Það er ómetanlegt að geta leitað til góðra félaga í sjálfboðavinnu.

*30. nóvember 2022*

*Ása Hólmarsdóttir, formaður stjórnar Hestamannafélagins Dreyra.*

# Hnefaleikafélag Akraness

## Stjórn félagsins árið 2021

**Formaður:** Bjarni Þór Benedikttson
**Varaformaður:** Eyþór Helgi Pétursson
**Gjaldkeri:** Birna Árnadóttir
**Meðstjórnendur:** Steinunn Inga Sigurðardóttir

## Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn í  Mars 2022 í Íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum.




# Ársskýrsla HAK 2022

## Janúar:

Við byrjuðum árið á Jaðarsbökkum vegna myglu í gömlu aðstöðu okkar á Vesturgötu, fyrstu vikurnar gengu sæmilega en þegar fór að koma í ljós að við yrðum þar til lengri tíma hættu allir nema 1 úr krakkahópnum að mæta og stuttu seinna tókum við þá ákvörðun um að leggja hann niður og færa þennan eina dreng sem var enþá að æfa upp í eldri hópinn. iðkendafjöldin okkar fór úr 13 niður í 4 við það eitt að flytja okkur úr aðstöðunni okkar á vesturgötu yfir í leikfimissal á jaðarsbökkum.

## Febrúar:

Lítið sem ekkert gerðist í febrúar, æfingar hjá eldri hóp gengu ágætlega.

## Mars:

Lítið sem ekkert gerðist í Mars, æfingar hjá eldri hóp gengu ágætlega.

## Apríl:
Æfingar hjá eldri hóp gengu sæmilega, 1 iðkandi bættist í hópinn.
## Maí:
Æfingar gengu vel, síðasti mánuðurinn fyrir sumarfrí.
## Júní og Júlí
Sumarfrí og engar æfingar
## Ágúst:
sumarfrí, æfingar hjá eldri hóp hófust aftur í græna sal Jaðarsbakka í síðustu viku mánaðarins.
## September:
Æfingar hjá eldri hóp gengu vel, undirbúningur fyrir Bikarmótaröð HNÍ hófst hjá Katli Inga sem hafði sýnt miklar framfarir og 2 nýjir iðkendur bættust við hópinn.
## Október:
Bikarmótaröð HNÍ fór aftur af stað og Ketill Ingi fékk andstæðing frá Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar sem hafði tekið þátt á bikarmótinu á vorönn. fyrsta mótið í mótaröðinni fór fram í húsakynnum mjölnis þann 8. Október þar sigraði Ketill andstæðing sinn örugglega. daginn eftir þann 9. Október fór fram Diplomamót* á sama stað, á því kepptu Björn Jónatan og Haukur Ari fyrir okkar hönd og stóðu sig báðir með prýði en fengu hvorugur diplomu. það bættist 1 iðkandi við eldri hópinn okkar.

*Diplomamót: á diplomamótum fara fram diplomaviðureignir sem eru mildari útgáfa af hnefaleikum með breyttum reglum, í diplomaviðureign er ekki dæmdur sigurvegari og harka er bönnuð, keppendur eru dæmdir eftir kunnáttu á 3 sviðum: fótavinnu, vörn og höggum ef keppandi sýnir fullnægjandi kunnáttu þá fær hann diplomu og þegar hann hefur sýnt fram á hana 5x þá fær hann bronsmerki svo 5x í viðbót silfurmerki og svo loks gullmerki.

## Nóvember:
5. og 6. nóvember fóru fram diplomamót í Hnefaleikafélagi Hafnarfjarðar á þeim kepptu Björn Jónatan, Haukur Ari og Matthías Leó fyrir okkar hönd, á fyrra mótinu fengu Björn og Haukur diplomu og byrjuðu því að safna sér uppí bronsmerki á seinna mótinu, Matthías stóð sig vel miðað við litla reynslu og sýndi framfarir frá degi til dags. 19. nóvember fór fram 6. mótið í bikarmótaröð HNÍ þar sem Ketill keppti við sama andstæðing frá HFH og tapaði naumlega eftir klofna dómaraákvörðun.

## Desember:
3. desember fór fram 7. mótið í bikarmótaröð HNÍ hjá Hnefaleikafélagi Kópavogs, því miður varð andstæðingur Ketils að draga sig úr keppni vegna meiðsla en í staðinn fyrir að sleppa því að keppa fór hann upp um aldursflokk og keppti í sýningarviðureign við einn besta hnefaleikamann landsins og tapaði en þrátt fyrir það stóð hann sig gríðarlega vel og sýndi fram á að hann ætti alveg heima með fremstu hnefaleikaköppum landsins. daginn eftir fór fram diplomamót á sama stað og kepptu þar Matthías Leó og Viktor Orri. Matthías stóð sig vel en ekki nægilega vel í þetta skiptið, Viktor var að keppa á sínu fyrsta móti og fékk diplomaviðurkenningu fyrir frammistöðuna sína. seinna í mánuðinum fóru fram úrtaksæfingar fyrir landslið ársins 2023 við sendum þá Ketil Inga og Björn Jónatan á þær og í lok árs var Björn Jónatan valinn í u17 ára landslið íslands og Ketill fékk varamannssæti í u19 ára landsliðið en hann tilkynnti svo þjálfara sínum að hann ætlaði sér ekki að halda áfram að æfa hnefaleika þar sem hann væri orðinn þreyttur á því að æfa í aðstöðunni okkar á jaðarsbökkum.

# Karatefélag Akraness

## Stjórn félagsins árið 2022

**Formaður:** Gyða Einarsdóttir
**Gjaldkeri:** Berglind Erna Þórðardóttir
**Meðstjórnendur:** Elsa Jóna Björnsdóttir

Aðalfudnur var haldinn í Mars 2022 í íþróttahúsinu Jaðarsbökkum.
Ekki bárust gögn frá Karatefélagi Akranes í tækja tíð fyrir gerð þessarar skýrslu.

Látum fylgja með Karatemann ársins sem tilnefndur var til Íþróttamans Akraness fyrir 2022



**Jacob Daniel Margaretuson fæddur árið 2009**

**Tilgreinið helstu afrek íþróttamannsins á Íslandi á árinu í unglingaflokki/fullorðinsflokki.**

• Þriðja sæti í kata í flokki 13 ára pilta á Íslandsmótinu.

• Annað sæti í kata í flokki 13-14 ára pilta á Grand Prix mótaröðinni.

**Tilgreinið helstu afrek íþróttamannsins erlendis á árinu í unglingaflokki/fullorðinsflokki.**
**Hvernig stendur íþróttamaðurinn á landsvísu? (T.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðinsflokki).**

Jakob keppti ekki erlendis árið 2022
**Umsögn um íþróttamanninn - Afrek, karakter, stefna, o.s.frv. (Umsögnin verður lesin upp á kjöri Íþróttamanns Akraness 2021 þann 6.jan 2023, hámark 120 orð)**
Jacob er góð fyrirmynd fyrir aðra iðkendur í félaginu. Hann leggur mikinn metnað í íþróttina og keppnir. Hann varð í öðru sæti í Grand Prix mótaröðinni í flokki 13-14 ára. Þá varð hann í 3 sæti á Íslandsmótinu í kata í flokki 13 ára. Einnig vann hann innanfélagsmót KAK, þar sem elstu keppendurnir kepptu í Kumite bardaga. Jacob er mjög efnilegur í Karate bæði í kata og kumite.

# Keilufélag Akraness

## Stjórn Keilufélags Akraness 2021:

**Formaður**: Ársæll Rafn Erlingsson

**Varaformaður**:

**Gjaldkeri:** Fríður

**Ritari**: Guðjón Gunnarsson

**Meðstjórnendur**: Ingi Geir Sveinsson

**Varamenn:** Björn Þór Gunnarsson og Magnús Sigurjón Guðmundsson.

Að venju byrjar keiluárið á Reykjavíkurleikunum (RIG), þar sem bæði Íslendingar og útlendingar koma saman og keppa á einu skemmtilegasta keilumóti ársins á Íslandi. Keilufélagið átti nokkra keppendur á RIG og komust þrír af okkar mönnum áfram í næsta skref eftir forkeppni. Magnús Sigurjón komst beint inn í úrslitaskref 2 en Ísak Birkir og Guðmundur komust í úrslitaskref 1. Þar náði Ísak að sigra og komast áfram en Guðmundur tapaði og datt út. Ísak og Magnús spiluðu í úrslitaskrefi 2. Magnús náði að vinna andstæðing sinn en Ísak þurfti að lúta í lægra haldi fyrir sínum andstæðingi. Magnús spilaði í úrslitaskrefi 3 og tapaði þar á móti erfiðum keppanda.

Næst á dagskrá var Íslandsmót einstaklinga með forgjöf en þar leiddi Matthías Leó Sigurðsson keppnina framan af og komst alla leið í þriggja manna úrslit. Þar var spilaður einn leikur og lægsti leikmaður datt út og þá tveir eftir sem spiluðu um titilinn. Matthías datt út fyrstur og þá varð 3. sætið niðurstaðan.

Mark Heathorn, þjálfari enska landsliðsins kom til landsins með EBF Level II þjálfaranámskeið, sem haldið var í keilusalnum á Akranesi. Tveir Skagamenn luku námskeiðinu en það voru tvíburarnir Magnús Sigurjón og Sigurður Þorsteinn Guðmundssynir. Þeir bætast þá í hóp vel menntaðra þjálfara sem geta hjálpað ungu krökkunum okkar betur en áður.

Íslandsmót öldunga fór fram í marsmánuði og var Guðmundur okkar að sjálfsögðu á brautunum. Eftir forkeppni sat hann í 3. sæti og var kominn áfram í undanúrslit og náði svo að hanga á 3. sætinu og koma sér í 3. manna úrslit. Þar spilaði hann gífurlega vel og sigraði mótið með glæsibrag og Íslandsmeistaratitill kom heim á Skagann. Er þetta í þriðja skipti sem Gummi hampar þessum titli.

Íslandsmót unglinga var svo helgina á eftir og átti ÍA nokkra á palli í mörgum flokkum. Ísak Birkir varð í 2. sæti í 1. flokki pilta, Tómas Freyr Garðarsson varð í 2. sæti í 2. flokki pilta, Nína Rut Magnúsdóttir varð í 2. sæti í 2. flokki stúlkna og í 4. flokki stúlkna náði Særós Erla Jóhönnudóttir 1. sæti og Friðmey Dóra Richter varð í 3. sæti. Særós keppti til úrslita í opnum flokki en þar eru þrír meðaltalshæstu keppendurnir. Særós tapaði fyrsta leik og 3. sætið því niðurstaðan.

Íslandsmót einstaklinga er stærsta mót ár hvert og voru fjölmargir Skagamenn sem tóku þátt. Eftir 12 leiki í forkeppni var skorið niður í 16 leikmenn og var Magnús Sigurjón í 5. sæti, Ísak Birkir í 9. sæti og Jóhann Ársæll í 10. sæti og þeir allir því komnir í milliriðil mótsins. Í milliriðli voru leiknir 6 leikir til viðbótar en aðeins 8 leikmenn komast inn í undanúrslit. Ísak Birkir gerði sér lítið fyrir og setti Íslandsmet í 6 leikja seríu í flokki 17-18 ára pilta með 1423 pinna, eða 237,2 að meðaltali í leik. Ísak skellti sér í 5. sæti og fram úr Magnúsi, sem var í 6. sæti. Jóhann varð í 11. sæti og komst því ekki áfram. Í undanúrslitum voru spilaðir 7 leikir, þar sem allir spila við alla og bónusstig eru veitt fyrir að sigra andstæðing. Ísak náði ekki að halda sama dampi og daginn áður og endaði mótið í 6. sæti. Magnús spilaði nákvæmlega sömu seríu og Ísak og lendir þá í 7. sæti. Þetta var í fyrsta skipti sem Ísak keppti á þessu móti.

Í aprílmánuði kláruðust deildirnar allar sem og Meistarakeppni ungmenna. Í Meistarakeppni ungmenna var Ísak Birkir í 3.sæti í 2. flokki pilta að tímabili loknu rétt á undan Hlyn Helga sem varð í 4. sæti. Nína Rut Magnúsdóttir varð í 1. sæti í 3. flokki stúlkna. Særós Erla varð í 1. sæti í 4. flokki stúlkna og Friðmey Dóra Richter varð í 3. sæti. Enginn annar Skagamaður náði á pall að þessu sinni.

Eins og áður sagði þá kláruðust deildirnar einnig um miðjan apríl en lið ÍA-C náði að vinna 3. deild karla með yfirburðum og náðu öllum liðsverðlaunum sem var í boði ásamt því að færast upp í 2. deild. Ísak Birkir var lykilmaður í liðinu og náði líka öllum einstaklingsverðlaunum sem í boði voru. Lið ÍA-W féll niður í 2. deild að loknum vetri.

Yfir sumartímann er yfirleitt pása frá keilu og fólk yfirleitt farið að ferðast um eða utan landsteinana en það var enginn pása hjá Ísaki Birki Sævarssyni og Jóhanni Ársæli Atlasyni en þeir höfðu verið valdir í U21-árs lið Íslands sem var á leiðinni á Heimsmeistaramót U21 í Helsingborg í Svíþjóð. Þar spiluðu drengirnir okkar virkilega vel og voru lykilhluti strákaliðsins sem kom sér áfram í liðakeppni mótsins, í fyrsta skipti í sögunni sem það gerist á Heimsmeistaramóti. Liðið endaði í 12. sæti mótsins sem er talinn vera glæsilegur árangur.

Það er stutt stórra högga á milli hjá Ísak en hann og Særós Erla Jóhönnudóttir voru valinn til að keppa fyrir U18-ára lið Íslands á Evrópumóti unglinga sem fram fór í Wittelsheim í Frakklandi í byrjun september. Ísak var ekki upp á sitt besta á þessu móti en hann varð í 57. sæti samanlagt eftir alla keppnisdaga en komst því miður ekki áfram. Særós, sem er aðeins 12 ára gömul var á sínu fyrsta móti erlendis og endaði hún mótið í 59. sæti að loknum öllum keppnum.

Tímabilið byrjaði svo aftur eftir sumarfrí um miðjan september þegar Reykjavíkurmót einstaklinga fór fram með og án forgjafar. Ísak Birkir gerði sér lítið fyrir og náði silfri í báðum keppnum og tímabilið hefði ekki getað byrjað betur fyrir okkar mann. Ísak var grátlega nálægt titlinum án forgjafar en hann þurfti eina fellu í viðbót en fékk níu pinna og tapaði með aðeins fjórum pinnum.

Í október mánuði var Jóhann Ársæll Atlason valinn fyrir Íslands hönd til að keppa á Smáþjóðaleikunum í keilu í Möltu. Aðeins voru 4 keppendur frá hverju landi, 2 strákar og 2 stelpur. Jóhann varð í 1. sæti í tvímenning með Arnari Davíð Jónssyni, sem spilar með Höganäs í

Svíþjóð. Þeir tveir ásamt Katrínu Fjólu Bragadóttur og Elvu Rós Hannesdóttur, báðar úr KFR, spiluðu svo liðakeppni sem þau sigruðu örugglega. Jóhann fór þá heim með 2 gullverðlaun um hálsinn.

Deildirnar fóru svo aftur af stað þar sem ÍA á lið í öllum deildum nema 1. deild kvenna. Þvílíkt ár að baki hjá keppendum ÍA og 2023 verður vonandi enn betra.

# Klifurfélag Akraness

Formaður: Sigurður Reynisson

Gjaldkeri: Sturla Már Guðmundsson

Ritari: Marsibil Eiríksdóttir

Varamenn: Finndís Birgisdóttir og Arnór Már Guðundsson

Félagið stóð á tímamótum árið 2022, þar sem félagið tók yfir æfingaaðstöðu félagsins að Smiðjuvöllum 17. Félagið keypti klifurvegg og annan búnað sem til þurfti og fékk til þess lán hjá ÍA. Nokkur verkefni eru framundan hjá stjórn, m.a. úttekt á húsnæði í samráði við Akraneskaupstað, að koma skipulagi á almenna umsjón með klifursalnum og launamál (þar sem tekjur af æfingagjöldum rétt standa undir launakostnaði). Ýmis tækifæri eru þó til fjáröflunar, t.d. leiga á salnum fyrir afmæli og móttaka hópa á Norðurálsmótinu.

**Iðkendafjöldi, flokkar og þjálfaramál**

Yfirþjálfari félagsins er Þórður Sævarsson.

Þjálfarar yngri flokka á haustönn voru þau Bergur Líndal Guðnason og Lára Magnúsdóttir Æft var í þremur flokkum á grunnskólastigi, auk æfinga fyrir fullorðna á vorönn 2022. Iðkendafjöldi 2022 voru skráðir 57.

Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins Klifurfélag ÍA tók á móti gestum frá sérsamböndum Norðurlanda þegar Nordic Meet 2022 var haldið á Íslandi.

Dagskráin bauð meðal annars upp á léttar veitingar hjá Kaju, baðferð í Guðlaugu, kynningu á starfsemi félagsins á Smiðjuloftinu og kvöldverð á Galito.

Árlegt Páskamót félagsins var haldið í apríl og um 50 klifrarar tóku þátt. Félagið fékk til sín sumarstarfsmenn gegnum Vinnuskóla Akraneskaupstaðar sem gerði félaginu kleift að bjóða upp á sumaropnun í júní fyrir klifrara.

Boðið var upp á Sumarkort ÍA gegnum Sportabler en fáir nýttu sér opnunartímana.

Árlegt jólaklifur ÍA var haldið 21. desember og kepptust klifrarar við að klára allar leiðir hússins á einu kvöldi. Að loknu klifri stóðu tvær leiðir eftir af um 65 grjótglímuleiðum. Þátttaka og gengi í mótum ÍA klifrarar tóku þátt í undakeppni Reykjavíkurleikanna í klifri en höfðu ekki erindi sem erfiði og komust ekki áfram í úrslit mótsins. Sjö keppendur frá ÍA tóku þátt á nýju norrænu móti, Nordic Youth Challenge, í Kaumannahöfn.

Þau Sylvía og Sverrir Elí komust áfram í úrslit mótsins og höfnuðu í fimmta og áttunda sæti. Sylvía, Sverrir Elí og Þórkatla Þyrí tóku þátt á Norðurlandamótinu í grjótglímu í Gautaborg, en

mótið var fyrnasterkt og þau komust ekki í úrslit þetta árið. Íslandsmeistarmótið var haldið í apríl og þar hafnaði Sylvía í öðru sæti í opnum flokki og tryggði sér Íslandsmeistartitil í A-flokki. Sylvía sigraði í kvennaflokki í first Deep Water Solo keppni sem haldin hefur verið á Íslandi en það var Klifurhúsið sem stóð fyrir keppninni á Sjómannadaginn í Reykjavík.

Sylvía, Þórkatla Þyrí og Beníta Líf fóru til Finnlands á Norðurlandamótið í leiðsluklifri.

Þrátt fyrir flotta frammistöðu komust þær ekki áfram í úrslit eftir undankeppni. Bikarmeistaramót Íslands var haldið í september á nýjum klifurvegg í Miðgarði í Garðabæ. Sylvía fékk silfuverðlaun í opnum flokki og gullverðlaun í A-flokki. Viðurkenningar og tilnefning til íþróttamanns Akraness Klifurkona ársins 2022 er Sylvía Þórðardóttir.

Sylvía átti mjög gott mótaár árið 2022. Hún landaði Íslandsmeistaratitli í A-flokki kvenna á Íslandsmeistaramótinu í grjótglímu og á Bikarmeistarmóti Íslands í línuklifri, og hafnaði í öðru sæti í Opnum flokki á báðum mótum.

Sylvía fékk silfurverðlaun á Bikarmeistaramótinu í grjótglímu í A-flokki og sigraði í fyrstu Deep Water Solo keppni sem haldin hefur verið á Íslandi. Sylvía hafnaði í fimmta sæti á Nordic Youth Challenge í Kaupmannahöfn, sem er hennar besti árangur á erlendri grundu. Hún tók einnig þátt á Norðurlandamótinu í grjótglímu og í línuklifri ásamt landsliðsúrvali Klifursambands Íslands.

Sylvía stefnir á áframhaldandi þátttöku með landsliðsúrvali KÍ á komandi Norðurlandamótum sem og að bæta árangur sinn í útiklifri

# Ársskýrsla Kára 2022

## Stjórn Kára 2022

Stjórn Kára er skipuð á aðalfundi félagsins eftirfarandi meðlimum:
Sveinbjörn Geir Hlöðversson formaður,
Valdimar Kristmunds Sigurðsson gjaldkeri,
Ólafur Már Sævarsson ritari,
Eyþór Ólafur Frímannsson meðstjórnandi,
Valgeir Valdi Valgeirsson meðstjórnandi,
Arnar Freyr Sigurðsson varamaður og
Helga Sif Halldórsdóttir varamaður.

Káramenn hófu tímabilið með óbreytt skipulag varðandi þjálfun liðsins, Ásmundur Guðni Haraldsson hélt áfram starfi sínu sem aðalþjálfari Kára. Nokkrar breytingar áttu þó eftir að eiga sér stað á tímabilinu, en fyrsta breytingin var að Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir tók að sér styrktar þjálfun liðsins af Halli Frey Sigurbjörnssyni. Fyrir sumarið var þó ljóst að Ási Haralds þyrfti að taka sér frí frá þjálfun Kára vegna hlutverks hans sem aðstoðarþjálfari A-landsliðs kvenna og ljóst að Kári þyrfti aðstoðarmenn til að brúa bilið og þá sérstaklega á meðan EM kvenna fór fram í júlí mánuði. Leitað var til reyndari leikmanna Kára til að brúa þetta bil og var þá leitað til Andra Júlíussonar og Teits Péturssonar um að stíga inn í fjarveru Ása. Því miður að þá saknaði félagið aðalþjálfara á þessu mikilvæga tíma og ljóst að fleiri verkefni voru í farvatninu hjá Ása hjá landsliðinu og viðraði hann að eigin frumkvæði þá hugmynd um að láta einhvern annan taka við keflinu. Niðurstaðan varð svo á endanum að Wout Droste leikmaður Meistaraflokks ÍA sem hafði mikinn áhuga á þjálfun og var í meiðslavandræðum var ráðinn sem aðalþjálfari Kára út tímabilið.

Samstarf Kára og KFÍA var endurnýjað snemma árs enda frábært tækifæri fyrir unga og efnilega leikmenn KFÍA til að hefja Meistaraflokksferill sinn í fótbolta í krefjandi deild og að auki góður styrkur í leikmannamálum fyrir Kára. Stjórnin hélt áfram viðskiptasambandi sínu við Icepharma sem aðalbirgi Kára varðandi búningar félagsins sem og annan fatnað og íþróttabúnað frá Nike.

## Fjáraflanir og fjárhagsleg staða

Árið 2022 var krefjandi eftir fall liðsins úr 2.deild árið á undan og var liðið að spila í fyrsta sinn eftir 4 ára veru í 2.deild í 3.deild. Áhrifa Covid gætti enn fyrst um sinn en sem betur fer áttu allar takmarkanir eftir að falla úr gildi á árinu. Því miður hafði Covid dregið mikið úr aðsókn á leiki og tekjur vegna miða og kaffisölu dregist mikið saman og mun það taka tíma að ná aðsókninni aftur upp.

Fjárhagsleg staða félagsins var sem betur fer góð í upphafi árs enda búið svo um hnútana að félagið ætti einhvern varasjóð fyrir komandi keppnistímabil enda mikil óvissa með tekjur og gjöld í kjölfar heimsfaraldurs. Félagið naut stuðnings nokkurra fyrirtækja, bæði á Akranesi og víðar sem hjálpaði mikið til við reksturinn og skipti þar Upprisa aðalstuðningsaðili Kára gríðarlega miklu máli. Að auki hjálpaði miðasala, ársmiðasala og kaffisala félagsins miklu við reksturinn. Tekjur af ársmiðasölu og miðasölu félagsins var töluvert verri en síðustu árin fyrir heimsfaraladur. Félagið tók líka að sér nokkur góð verkefni sem leikmenn og stjórnarmenn unnu sómasamlega og skiluðu mjög góðum tekjum til félagsins. Styrktaraðilar gátu valið um nokkrar mismunandi leiðir til að styrkja félagið. Helstu styrktaraðilar Kára á

árinu 2021 voru Upprisa, Icepharma, Domusnova, MargtSmátt, Skagaverk, VLFA, Apótek Vesturlands, Landsbankinn, ÞG Verk, Toppútlit, Kallabakarí, Íslandsbanki, Sjóvá Almennar. Stuðningur og styrkir fá Íþróttabandalagi Akraness og Akraneskaupstað voru ómetanlegir fyrir félagið.

## Iðkenndafjöldi og þjálfaramál

Fjöldi iðkennda á árinu var breytilegur eftir tímabilum, en kjarni hópsins hafði rýrnað frá fyrra ári en var þó nokkuð stór og öflugur með tilkomu hóps efnilega leikmenn úr 2.flokki KFÍA og lánsleikmanna úr Mfl KFÍA. Á árinu æfðu á um 57 leikmenn að einhverju leyti með félaginu, en þó mismikið og sumir tímabundið. 20 strákar tóku þátt í fótbolti.net mótinu sem hófst í lok janúar og 23 strákar tóku þátt í Lengjubikarnum, en í báðum þessum mótum tóku nokkrir 2.flokks strákar þátt í leikjum liðsins. Kjarni Káramann í upphafi árs leit mjög vel út, en meiðsli sterkra leikmanna dró úr styrk kjarnans, en stór hópur frá bæði Mfl og 2.flokki KFÍA styrktu hópinn mikið. Fjöldi iðkennda sem tók þátt í Bikarkeppni KSÍ þar sem liðið lék 3 leiki voru 23. Iðkenndur sem tóku þátt á Íslandsmótinu 3.deild voru um 34 leikmenn, bæði Káramenn, lánsmenn Mfl KFÍA og 2.flokks strákar.

Þjálfaramál félagsins voru óbreytt frá fyrr ári, en tóku smám saman breytingum þegar leið á árið, Ásmundur Haraldsson var þjálfari liðsins og fékk hann góða aðstoð frá þeim Andra Júlíussyni og Teiti Péturssyni í fjarveru sinni vegna leikja A-landsliðs kvenna. Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir tók að sér styrktar þjálfun liðsins af Halli Frey Sigurbjörnssyni. Mikil áskorun fólst þó í því að á miðju tímibili fór fram EM kvenna sem þýddi að Ási var frá sem þjálfari Kára í um 8 vikur. Andri Júlíusson og Teitur Pétursson stigu þá inn og stýrðu liðinu, en þessa mikla fjarvera Ása og líkur á meiri fjarveru varð til þess að Ási bauðst til að stíga til hliðar sem þjálfari Kára. KFÍA bauð þá fram Wout Droste til að taka við Kára, reynslumikinn leikmann ÍA sem hafði verið í meiðslavandræðum og með mikinn metnað fyrir þjálfurn. Hann stýrði liðinu til loka tímabils.

### Helstu viðburðir

Stærsti viðburðurinn á árinu var klárlega þátttaka félagsins á Íslandsmótinu 3.deild, en þar að auki tók félagið þátt Mjólkurbikarnum sem er bikarkeppni KSÍ, Lengjubikarnum b-deild og fotbolti.net mótinu c-deild. Að auki lék félagið nokkra æfingaleiki á árinu. Liðið tók nokkur hópefli á tímabilinu til að lyfta félagsandanum. Félagið náði ekki að halda lokahóf eftir tímabilið en mun þó halda það á nýju ári. Kosning leikmanna og þjálfara á besta leikmanni ársins sem og efnilegasta leikmanni ársins fór fram eftir tímabil. Besti leikmaður Kára 2022 var valinn reynsluboltinn Andri Júlíusson sem tilkynnti undir lok tímabils að hann myndi setja skónna á hilluna og sá efnilegasti var valinn Kolbeinn Tumi Sveinsson. Andri Júlíusson fékk svo gullskóinn eftir að hafa sett 13 mörk í 18 leikjum í 3.deildinni.

### Þátttaka og gengi í mótum

Káramenn hófu snemma undirbúning fyrir sitt fjórða ár í 3.deild. Liðið hóf tímabilið á nokkrum æfingaleikjum og eftir það hófst fotbolti.net mótinu C-deild en þar endaði liðið í 2.sæti í sínum riðli.
Í febrúar hófst Lengjubikarinn, en þar spiluðu Káramenn í riðli 1 í B-deild bikarsins. Þar enduðu Káramenn í 2.sæti af 6 liðum í nokkuð sterkum riðli. Káramenn tóku svo næst þátt í Mjólkurbikarkeppni KSÍ þar sem liðið náði að komast í 32-liða úrslit bikarsins eftir góða sigra á Árborg 3-0 og Víking Ólafsvík 2-1. Káramenn fengu svo spennandi drátt í 32-liða úrslitum en liðið fékk þar útileik gegn Bestu deildarliði FH. Káramenn stóðu heldur betur vel í FH-ingum í leiknum og var staðan í hálfleik 0-0. FH náði svo loksins að setja mark á Káramenn á 56 mínútu og leiddu 1-0 þar til stutt var eftir af leiknum, en þá skoruðu þeir tvö mörk rétt fyrir lok leiksins og unnu 3-0 sigur á baráttuglöðum Káramönnum.

3.deildin hófst svo 7.maí og var mikil spenna fyrir liði Kára á því tímabili og liðinu spáð sigri í deildinni, en meiðsli sterkra leikmanna gerði það að verkum að liðið náði ekki eins góðum kjarna og vonast var eftir, en gaf þá pláss fyrir fleiri unga og efnilega leikmenn KFÍA til að taka þátt. Liðinu gekk þokkalega og áttu ágætis möguleika á tveimur efstu sætunum um mitt mót, en þá fór að skilja á milli efstu liða og liðanna þar á eftir, Káramenn sigldu lygnan sjó í deildinni og eftir góðan enda sprett náði liðið 5.sæti í deildinni. Lið Kára var mjög ungt og spiluðu alls 12 leikmenn á 2.flokks aldri með liðinu. Alls spiluðu 21 leikmenn með liðinu sem voru fæddir 2000 eða seinna sem gefur góð fyrirheit fyrir komandi ár.

**Lokaorð og þakkir**

Árið 2022 var mjög áhugavert og í upphafi tímabils leit út fyrir að liðið myndi fá frábæra blöndu af reynslumiklum leikmönnum í bland við efnilega leikmenn ÍA sem er frábær blanda fyrir félag eins og Kára. Liðið náði þó ekki þeim hæðum sem vonast var eftir og spilaði þar mikið inn í meiðsli eldri og reyndari leikmanna, en liðið skilaði þó góðum árangri í deildinni og náði að komast í 32-liða úrslit Mjólkurbikarsins. Tekjur liðsins drógust mikið saman á árinu en á móti lækkaði rekstur félagsins töluvert enda töluvert minni ferðakostnaður samanborið við árin á undan. Félagið skilaði að lokum hagnaði upp á um 162 þúsund og átti í lok árs ágætis sjóð fyrir árið 2023.

Það er gríðarlega stór hópur leikmanna sem nýtur góðs af starfi Kára, félagið inniheldur góða blöndu af eldri og reyndari leikmönnum og svo stórum hópi af ungum og efnilegum leikmönnum, en stór hópur stráka á 2.flokks aldri tók þátt að einhverju leiti í leikjum félagsins á árinu 2022 sem er er góður grunnur fyrir framtíðina, því að spila ungur í meistaraflokki er gríðarlega mikilvægt.

Þrátt fyrir að félagið hafi fallið um deild að þá hefur það stutt að mikilli og góðri reynslu fyrir unga leikmenn á Akranesi, reynslu sem mun skila sér inn í næsta ár og vonandi nær félagið fyrri styrk og kemur sér aftur upp í 2.deild, en markmiðið er klárlega að komast þangað sem fyrst aftur. Kári hefur verið eitt allra besta venslalið landsins síðustu ár og var það ekki fyrr en á þessu ári að liðinu var skákað af öðru venslaliði. Starf Kára sem venslafélags í samstarfi við ÍA hefur verið fyrirmynd margra félaga enda hefur stór hópur leikmanna sem hafa spilað með Kára átt feril í efstu deildum á Íslandi og ljóst að það góða starf sem Kári býður upp á er að nýtast við að koma ungum leikmönnum lengra í sínum ferli.

Knattspyrnufélagið Kári vill svo enda á því að þakka öllum þeim sem komu að starfsemi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir stuðninginn. Félagið vill senda miklar þakkir til allra styrktaraðila félagsins, en við viljum svo senda sérstakar þakkir til aðalstyrktaraðila okkar Upprisu fyrir frábæran stuðning á árinu. Íþróttabandalag Akranes fær svo miklar þakkir frá okkur Káramönnum fyrir stuðninginn á árinu. Að lokum sendum við frábærar kveðjur til þess góða fjölda sem mætti á völlinn og studdu Kára á árinu 2022 og vonum við að við munum sjá sem flesta aftur á nýju tímabili 2023.

Fyrir hönd Knattspyrnufélags Kára

Sveinbjörn Geir Hlöðversson
Formaður Knattspyrnufélags Kára

# Knattspyrnufélag ÍA

## Almennt

Árið 2022 var sveiflukennt fyrir Knattspyrnufélagið ÍA (KFÍA). Árið einkenndist af óvissu eftir Covid-19, hvernig hlutir kæmu til með að þróast í kjölfar faraldurs. Starfsemi KFÍA er hornsteinn í samfélagi okkar hér á Akranesi og gríðarlega mikilvægt að það gangi vel, okkar æsku hér í bæ til heilla. Rekstur félagsins árið 2022 var sveiflukenndur, margt gekk vel en annað kostaði meira en gert hafði verið ráð fyrir.

Í lok árs 2022 eru meistaraflokkar KFÍA í sögulegri lægð. Aldrei áður hefur árangur okkar, ef miðað er við stöðu meistaraflokks (mfl.) karla og kvenna, verið á þeim stað sem við erum í dag. Árið 2023 spilar mfl. karla í annarri efstu deild og mfl. kvenna í þriðju efstu deild. Þetta er þó ekki alveg ný staða fyrir KFÍA, sem oft hefur mátt upplifa mótvind og ábárur í sínu starfi og undantekningarlaust þá þéttum við okkar raðir, eflumst í mótlæti og komum miklu sterkari til baka. Það er rík ástæða til að halda að svo verði einnig nú.

Starfsemi yngri flokka var hefðbundin og ánægjulegt að sjá mikla og góða þátttöku æskunnar í knattspyrnu. Iðkendur í félaginu hafa sjaldan verið fleiri og árangur hefur verið ágætur. Starf KFÍA mótast af því uppeldisstarfi sem við vinnum og í því sambandi verða kröfur foreldra og aðstandenda sífellt meiri og ekki síst iðkendanna sjálfra sem margir hverjir ætla sér langt á knattspyrnubrautinni. KFÍA gerir á móti kröfur og ber sérstaklega að nefna að sjálfboðavinna hvers konar er hornsteinn þess að vel gangi hjá félaginu.

Magnea Guðlaugsdóttir er nú á sínu öðru ári með mfl. kvenna. Markmið tímabilsins var að komast upp um deild sem síðan náðist ekki. Margt spilar inn í þá niðurstöðu, t.d. að liðið fékk óskiljanlega leikjaúthlutun í 2. deild kvenna. Núna hefur verið gerð bragarbót á þessu fyrirkomulagi og horfum við björtum augum til sumarsins.

Jón Þór Hauksson tók við starfi þjálfara mfl. karla í byrjun árs 2022. Væntingar félagsins voru að sigla öruggan sjó í efstu deild meðal þeirra bestu og keppast um að komast í efri hluta deildarinnar eftir að miklar breytingar voru gerðar á keppnisfyrirkomulagi deildarinnar. Niðurstaðan var mjög svekkjandi þar sem við féllum um deild eftir frekar undarlega úrslitakeppni. En núna er búið að gera töluverðar breytingar á leikmannahópi og þrátt fyrir að við stöndum frammi fyrir einhverri sterkustu næst efstu deild í sögu íslenskrar knattspyrnu þá ætlum við okkur stóra hluti þar.

KFÍA ákvað á árinu 2022 að leita til KPMG með stefnumótun fyrir félagið til framtíðar. Niðurstaða þeirrar vinnu verður kynnt á næstu vikum en það mun án efa styrkja félagið að það sé komið með góðan leiðarvísi í sínu starfi sem hægt verður að byggja á til framtíðar.

Fjölmargir styrktaraðilar leggja KFÍA lið með fjárframlag á hverju ári og eiga þeir miklar þakkir skilið. Sérstaklega ber að nefna Akraneskaupstað í þessu sambandi sem og Norðurál. Takk fyrir okkur.

Stuðningsfólks KFÍA er einstakt og hefur í gegnum árin verið sá þáttur sem hefur gert gæfumuninn innan sem utan vallar. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn að standa saman, flykkjast í kringum félagið, veita því aðhald og góð ráð, en muna að stuðningur verður alltaf að vera á forsendum KFÍA hvort sem er í blíðu eða stríðu.

Stjórn, starfsfólk, þjálfarar, sjúkralið, liðsstjórar, leikmenn, iðkendur, dómarar og síðast en ekki síst sjálfboðaliðar sem lögðu sitt af mörkum á árinu til að ná árangri og halda merki KFÍA á lofti. Sérstakar þakkir til sjálfboðaliða sem eiga heiður skilinn fyrir óeigingjarnt framlag til KFÍA.

# Starfsmannamál

Á skrifstofu knattspyrnufélags ÍA störfuðu Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, Hlini Baldursson, skrifstofustjóri, lét af störfum á árinu og Páll Guðmundur Ásgeirsson tók við. Skarphéðinn Magnússon var yfirþjálfari í fullu starfi en auk hans voru 6 þjálfarar í fullu starfi auk styrktar þjálfara. Alls störfuðu á annan tug þjálfara hjá félaginu á árinu 2022.

Þjálfari meistaraflokks karla var Jón Þór Hauksson og meistaraflokks kvenna Magnea Guðlaugsdóttir. Guðlaugur Baldursson var aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla og Aldís Ylfa Heimisdóttir aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna. Guðlaugur Baldursson lét af störfum í nóvember og er honum þökkuð góð störf fyrir Knattspyrnufélag ÍA.

# Stjórn og Barna- og unglingaráð

Stjórn Knattspyrnufélags ÍA hélt 12 fundi á starfsárinu. Eftir síðasta aðalfund og verkskiptingu var stjórn félagsins þannig skipuð (innan sviga hvenær síðast kjörin/n):

1 Eggert Herbertsson (2021), formaður,

2 Heimir Fannar Gunnlaugsson (2022), varaformaður,

3 Linda Dagmar Hallfreðsdóttir (2022), formaður barna- og unglingaráðs,

4 Lára Dóra Valdimarsdóttir (2021), ritari,

5 Brandur Sigurjónsson (2021),

6 Jónína Víglundsdóttir (2021),

7 Ellert Jón Björnsson (2022),

8 Ragnar Þór Gunnarsson (2022),

9 Valdís Eyjólfsdóttir (2022)

Í framkvæmdastjórn sátu Eggert Herbertsson, Heimir Fannar Gunnlaugsson og Linda Dagmar Hallfreðsdóttir.

Stjórn skipaði eftirtalda í meistaraflokksráð:

Meistaraflokksráð karla

1 Brandur Sigurjónsson, formaður,

2 Ellert Jón Björnsson

3 Ragnar Þór Gunnarsson

Meistaraflokksráð kvenna

1 Jónína Víglundsdóttir, formaður

2 Lára Dóra Valdimarsdóttir

3 Valdís Eyjólfsdóttir

Barna-og-unglingaráð hélt 7 fundi á starfsárinu. Í ráðinu sátu (innan sviga hvenær síðast kjörin/n):

1 Linda Dagmar Hallfreðsdóttir (2022), formaður,

2 Berta Ellertsdóttir (2022), ritari

3 Anna María Þórðardóttir (2022),

4 Sædís Alexía Sigmundsdóttir (2021),

5 Óskar Rafn Þorsteinsson (2022),

6 Ívar Orri Kristjánsson (2021)

7 Þorsteinn Gíslason (2022), hætti í maí 2022

Kjörnefnd var skipuð þeim Magnúsi D. Brandssyni formanni, Margréti Ákadóttur og Þórði Guðjónssyni.




# Fjármál og rekstur

Umtalsvert tap var á hefðbundinni starfsemi í rekstri Knattspyrnufélags ÍA á starfsárinu sem nam rúmum 62 m.kr. Með tekjum af samningum vegna sölu leikmanna varð hins vegar jákvæð niðurstaða á rekstrinu sem nam 11 m.kr. Rekstrartekjur af hefðbundinni starfsemi

voru tæpar 232 m.kr. (2022: 223 m.kr.) en rekstrargjöld 294 m.kr. (2022: 246 m.kr.). Hagnaður vegna samninga um sölu á leikmönnum var 73,5 mkr. (2022: 41,5 m.kr.) sem þýðir eins og áður sagði jákvæða niðurstöðu ársins upp á 11 m.kr. að teknu tilliti til fjármagnsgjalda.

# Starf yngri flokkanna

Starf yngri flokkanna gekk heilt yfir mjög vel á árinu 2022. Knattspyrnufélag ÍA tók þátt í öllum mótum á vegum KSÍ auk Faxaflóamóta. ÍA tók þátt í Norðurálsmótinu, Orkumótinu og TM mótinu í Eyjum, N1 mótinu á Akureyri, Símamótinu í Kópavogi og Rey Cup.

# Samantekt um árangur yngri flokka

**2. flokkur kvenna** endaði í 6. sæti í Íslandsmótinu og í 2. sæti í bikarkeppni. Þjálfari liðsins var Aldís Ylfa Heimisdóttir, henni innan handar var Magnea Guðlaugsdóttir.

**2. flokkur karla**; A liðið endaði í 2. sæti í Íslandsmótinu en B liðið varð sigurvegari í sínum riðli. Þjálfarar flokksins voru Elínbergur Sveinsson og Sigurður Jónsson. ÍA var skráð til leiks með sameiginlegu liði ÍA, Kára og Skallagríms.

**3. flokkur kvenna**; urðu Rey Cup meistarar. Ekki var unnt að senda lið í Íslandsmótið að þessu sinni. 3.flokkur æfði og keppti með 2.flokki.

**3. flokkur karla**; sameiginlegt A lið ÍA og Skallagríms endaði í 1.sæti í B-deild í Íslandsmótinu og leikur í A-deild árið 2023. B liðið endaði í 2. sæti í sínum riðli en C liðið endaði í 4. sæti í sínum riðli á Íslandsmóti. ÍA/Skallagrímur fór með 3 lið til keppni á Rey Cup og A liðið varð í 3.sæti og B lið varði í 2.sæti í sínum riðli á Rey Cup. Þjálfarar flokksins voru Aron Ýmir Pétursson og Sigurður Jónsson.

**4. flokkur kvenna**; sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms, A lið endaði í 2. sæti C-riðils í Íslandsmótinu. C lið lenti í 4.sæti. Þjálfari flokksins var Unnar Þór Garðarsson.

**4. flokkur karla**; sameiginlegt lið ÍA og Skallagríms, A liðið endaði í 5. sæti A-riðils Íslandsmótsins. B liðið endaði í 3. sæti í sínum riðli og C liðið í 11. sæti í sínum riðli. A liðið lenti í 2.sæti á Rey Cup og B liðið í 1.sæti í sínum riðli á Rey Cup. Þjálfarar flokksins voru Björn Sólmar Valgeirsson og Dino Hodzic.

**5. flokkur kvenna;** A lið endaði í 11. sæti í B-riðli Íslandsmótsins og C liðið í 3. sæti í sínum riðli. ÍA sendi 3 lið til keppni á TM mótið í Eyjum og vann B liðið bikar í sínum flokki. Flokkurinn fór einnig á Símamótið í Kópavogi og unnu A og C lið bikar í sínum riðli. Þjálfari flokksins var Björn Sólmar Valgeirsson.

**5. flokkur karla**; A liðið endaði í 2. sæti í B-riðli í Íslandsmótinu, B liðið endaði í 4. sæti í sínum riðli, C liðið endaði í 4. sæti í sínum riðli, D liðið í 5. sæti í sínum riðli, E liðið í 10. sæti í sínum riðli og F liðið í 5.sæti í sínum riðli. ÍA fór með 6 lið á N1 mótið og var það metfjöldi frá ÍA á það mót. Þjálfarar flokksins voru Skarphéðinn Magnússon og Aron Ýmir Pétursson.

**6. flokkur kvenna** fór á Lindex mótið, a-liðið vann sinn riðil, flokkurinn fór einnig á Símamótið í Kópavogi, Weetos mót Aftureldingar og TM mót Stjörnunnar. Þjálfari flokksins var Björn Sólmar Valgeirsson.

**6. flokkur karla;** Eldra árið fór á Orkumótið í Vestmanneyjum með 2 lið. Yngra árið fór á Set mótið á Selfoss. Ásamt því að fara á dagsmót: Vormót Þróttar, TM mót Stjörnunnar, og mót hjá Fjölni. Þjálfarar flokksins voru Skarphéðinn Magnússon og Aron Ýmir Pétursson.

**7. flokkur kvenna** fór á Símamótið í Kópavogi og vann A liðið sinn riðil á mótinu, flokkurinn fór einnig á Weetos mót Aftureldingar, Nettómótið í Keflavík og TM mót Stjörnunnar í sumar. Þjálfari flokksins var Björn Sólmar Valgeirsson.

**7. flokkur karla** fór á Norðurálsmótið – ekki er keppt til verðlauna þar og var mikil gleði á því móti, öll lið upplifðu sigra og töp og eru reynslunni ríkari. Flokkurinn fór einnig á Hamingjumót Víkings, Vormót Þróttar og TM mót Stjörnunnar. Þjálfarar flokksins voru Skarphéðinn Magnússon og Aron Ýmir Pétursson

**8. flokkur karla og kvenna** eldra ár, tóku þátt í Norðurálsmóti og margir að stíga sín fyrstu skref í keppnum. Þjálfarar flokksins voru Gísli Freyr Brynjarsson og Hjördís Brynjarsdóttir.

Félagið leggur sig fram um að félagsstarfið sé gott og að iðkendur séu ánægðir, hafi gaman að spila fótbolta og fái verkefni við hæfi.

Öllum krökkunum og öllum þeim sem að starfinu koma er þakkað fyrir frábært samstarf á árinu.

Eftirfarandi töflur sýnir fjölda iðkenda í yngri flokkum í lok árs 2022 hjá Knattspyrnufélagi ÍA:

| Flokkur KK | 2022 | 2021 | Munur milli ára |
|---|---|---|---|
| 2. flokkur | 51 | 41 | 10 |
| 3. flokkur | 47 | 54 | -7 |
| 4. flokkur | 55 | 47 | 8 |
| 5. flokkur | 52 | 60 | -8 |
| 6. flokkur | 45 | 45 | 0 |
| 7. flokkur | 45 | 47 | -2 |
| 8. flokkur | 70 | 48 | 22 |
| Samtals | 365 | 342 | 23 |

| Flokkur KvK | 2022 | 2021 | Munur milli ára |
|---|---|---|---|

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2. flokkur | 12 | 12 | 0 |
| 3. flokkur | 18 | 15 | 3 |
| 4. flokkur | 32 | 31 | 1 |
| 5. flokkur | 31 | 23 | 8 |
| 6. flokkur | 32 | 22 | 10 |
| 7. flokkur | 22 | 25 | -3 |
| 8. flokkur | 14 | 17 | -3 |
| Samtals | 161 | 145 | 16 |

**Árið 2021 voru 487 iðkendur að æfa hjá félaginu en í lok árs 2022 var sú tala komin í 526 iðkendur.**

# Norðurálsmótið 2022

Norðurálsmótið var haldið í 37. sinn á Akranesi dagana 16.-19. júní. Mótið hófst með keppni í 8. flokki drengja og stúlkna. Alls tóku þátt 88 drengjalið og 16 stúlknalið, 570 börn. Föstudaginn 17. júní, á sjálfan þjóðhátíðardaginn, var mótið sett formlega með skrúðgöngu og setningu. 7. flokkur drengja keppti frá 17. – 19.júní og alls tóku 1150 drengir þátt í mótinu. Alls tóku þátt um 1.700 börn þátt í Norðurálsmótinu í ár, mótið er eitt það fjölmennasta á Íslandi.

Norðurálsmótið er skipulagt á forsendum iðkenda, með það í huga að allir séu með í leiknum til að skapa jákvæða og skemmtilega upplifun barna sem eru að stíga sín fyrstu skref í fóbolta.

Viðburðir eins og Norðurálsmótið er ekki hægt að halda nema með öllu því góða fólki sem leggur á sig mikla vinnu svo þetta fari sem best fram og svo má ekki gleyma þeim styrktaraðilum sem leika mikilvæg hlutverk en fyrirtækið Norðurál er aðalstyrktaraðili mótsins eins og nafnið gefur til kynna.




## Donna- og Stínubikarinn

Á hverju ári eru verðlaun veitt einstaklingum í 3. eða 4.flokki vegna framúrskarandi árangurs sem og að vera fyrirmyndar einstaklingur á öllum sviðum félagsins.

Donnabikarinn er afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka karla og var fyrst afhentur árið 1983. Donnabikarinn var gefinn af fjölskyldu Donna, sem hét fullu nafni Halldór Sigurbjörnsson, en hann var burðarás í fyrsta Gullaldarliði Skagamanna. Hann lék 110 leiki fyrir Skagamenn og skoraði 40 mörk, en einnig lék hann 8 landsleiki fyrir Íslands hönd.

Tómas Týr Tómasson hlaut Donnabikarinn árið 2022. Tómas er 16 ára og spilaði með 3.flokki karla á liðnu ári.

Stínubikarinn er afhentur efnilegasta leikmanni yngri flokka kvenna og var fyrst afhentur árið 2015. Stínubikarinn er nefndur í höfuðið á Kristínu Aðalsteinsdóttur, Stínu, sem er fyrsta landsliðskona ÍA. Kristín var burðarás í liði ÍA í kringum 1980 og lék sinn fyrsta landsleik árið 1981 og alls 3 landsleiki á árunum 1981-1982. Stínubikarinn á að vera hvatning til ungra stelpna að stefna hátt og vinna sér sæti í meistaraflokki ÍA og landsliðinu eins og Stína gerði á sínum tíma. Gefandi bikarsins er fyrirtækið Þorgeir og Ellert hf.

Salka Hrafns Elvarsdóttir  hlaut Stínubikarinn árið 2022. Salka er 16 ára markmaður og spilaði með 3. og 2. flokki kvenna á liðnu ári.



# Meistaraflokkur karla



Meistaraflokkur karla lék í Bestu deildinni sumarið 2022 og endaði í 12. sæti deildarinnar eftir 22 umferðir. Liðið lék í neðri hluta úrslitakeppni Bestu deildarinnar og féll úr deildinni. Liðið mun því leika í Lengjudeildinni árið 2023.

Á síðustu leiktíð spilaði liðið 38 keppnisleiki í Fótbolta.net mótinu, Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og Bestu deildinni.

Að meðaltali mættu 636 áhorfendur á heimaleiki liðsins í Bestu deildinni og voru áhorfendur samtals 7001 á leiki liðsins sumarið 2022. Í neðri hlutanum eftir tvískiptungu deildar átti ÍA tvo heimaleiki og voru að meðaltali 264 áhorfendur á þeim leikjum.

Þjálfarar liðsins voru Jón Þór Hauksson og Guðlaugur Baldursson.

# Meistaraflokkur kvenna



Meistaraflokkur kvenna spilaði í 2. deildinni sumarið 2022, lék í efri hluta úrslitakeppni 2.deildarinnar og endaði í 5. sæti. Liðið átti marga góða leiki í sumar og þetta unga lið ÍA mun koma sterkara til leiks að ári.

Á síðustu leiktíð spilaði liðið 26 keppnisleiki í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og Bestu deildinni.

Áhorfendur á leiki í 2.deildinni voru á bilinu 100 – 150 á leik.

Þjálfarar liðsins voru Magnea Guðlaugsdóttir og Aldís Ylfa Heimisdóttir.

# Landsliðsverkefni

## Fulltrúar Knattspyrnufélags ÍA í landsliðsverkefnum 2022

Jón þór Finnbogason lék með U15 ára landsliði karla á æfinga móti í Slóveníu

Daníel Ingi Jóhannesson lék með U17 landsliði karla í undankeppni fyrir EM og æfinga móti í Ungverjalandi

Haukur Andri Haraldsson lék með U19 landsliði karla í undankeppni fyrir EM

Oliver Stefánsson lék með U21 landsliði karla í vináttulandsleik

Eyþór Aron Wöhler lék með U21 landsliði karla í vináttulandsleik

Salka Hrafns Elvarsdóttir lék með U16 landsliði kvenna í vináttulandsleik

Sunna Rún Sigurðardóttir lék með U15 ára landsliði kvenna í æfingamóti í Póllandi

# Dómarar og dómgæsla

Á árinu 2022 störfuðu 17 Dómarar og Eftirlitsmenn fyrir hönd Knattspyrnudómarafélags Akraness (KDA) í leikjum á vegum ÍA og KSÍ. Áfram eigum við dómara í fremstu röð á landinu, en það eru þeir Ívar Orri Kristjánsson, milliríkjadómari og Egill Guðvarður Guðlaugsson, milliríkjaaðstoðardómari. Ívar Orri dæmdi til að mynda sinn fyrsta leik í riðlakeppni Sambandsdeildar UEFA, á meðan Egill hljóp til dæmis línuna í Undankeppni Sambandsdeildarinnar. Saman fóru þeir svo og dæmdu í Undankeppni Evrópumeistaramóts U-19 landsliða. ÍA átti annars nokkra dómara og eftirlitsmenn sem sinntu leikjum í efstu deildum á Íslandi. Dómararnir voru  þeir, Elvar Smári Arnarsson, Guðmundur Valgeirsson, Daniel Victor Herwigsson og Helgi Ólafsson, svo fengu Arnþór Helgi Gíslason og nýliðinn okkar, Þórður Þorsteinn Þórðarson sína fyrstu leiki í Lengjudeild karla síðastliðið sumar. Eftirlitsmennirnir okkar tveir eru þeir Halldór Breiðfjörð Jóhannsson sem er jafnframt Formaður Dómaranefndar KSÍ og Ólafur Ingi Guðmundsson.

Aðrir sem komu að mikilvægum verkefnum fyrir bæði KFÍA og KSÍ eru þeir Gilmar Þór Benediktsson, Gunnar Þór Þorsteinsson, Helgi Sigurðsson, Ragnar Heimir Gunnarsson, Sveinn Þór Þorvaldsson, Uchechukwu Michael Eze og Viktor Ýmir Elíasson.



# Heimasíða og samfélagsmiðlar

Heimasíða félagsins, fésbókarsíða, Instagram og Twitter eru mikilvægir miðlar til að koma upplýsingum um starfið til fjölmargra áhugasamra dag hvern. Stöðugt er unnið að því að gera betur við miðlun upplýsinga til stuðningsmanna og samfélagsins í heild.

Heimasíða félagsins www.ia.is/kfia/ hefur tekið breytingum og er lifandi vettvangur fyrir félagsmenn til að fylgjast með fréttum af liðum og leikmönnum félagsins.

Heimasíða Norðurálsmótsins er www.norduralsmot.is.

# Styrktaraðilar

Alls eru þeir lögaðilar sem styrkja Knattspyrnufélag ÍA með ómetanlegum hætti um 100 talsins en þeir 16 stærstu eru eftirtaldir:

| | |
|---|---|
| Akraneskaupstaður | Norðurál ehf. |
| Brim hf. | Margt Smátt |
| Safalinn ehf. (Errea) | HB Grandi hf. |
| Íslandsbanki hf. | Bónus |
| Verslunin Nína ehf. | Olíuverslun Íslands hf. |
| Höldur - Bílaleiga Akureyrar | Stay West / Ritari.is |
| Ölgerðin | Sterkir Skagamenn |
| ÞÞÞ | Barion |

Hópurinn Sterkir Skagamenn, sem stofnaður var vorið 2018, lagði félaginu til allar sínar tekjur en þeirra var aflað með árgjaldi. Sterkir Skagamenn hittast í fundarsalnum á Jaðarsbökkum fyrir heimaleiki til að spjalla og styðja liðið.

# Aðalfundur og viðurkenningar 2022

Aðalfundur Knattspyrnufélags ÍA var haldinn þann 17. febrúar 2021 og var um hefðbundin aðalfundarstörf að ræða.

Á aðalfundinum veitti Knattspyrnufélag ÍA eftirtöldum heiðursviðurkenningar félagsins:

**Heiðursmerki**

**Steindóra Steinsdóttir**
Steindóra eða Dódó hefur verið ötull leikmaður, stuðningsmaður og starfsmaður knattspyrnufélagsins til margra ára. Dódó hóf knattspyrnuiðkun ung að aldri undir miklum áhrifum frá föður sínum og afa má ætla. Dódó á skráða knattspyrnu leiki með meistaraflokki kvenna frá 1989 til 2009 eða yfir 20 ár og hefur spilað 135 leiki þar 112 í efstu deild. Lang flesta af þessum leikjum hefur hún spilað fyrir ÍA eða 118 leiki. Þá hefur Dódó spilað 6 landsleiki fyrir Íslands hönd og 4 undir 21 árs leiki. Á seinni árum hefur Dódó tekið þátt í að móta ungar knattspyrnukonur, sem og þjálfa meistaraflokk félagsins. Við viljum þakka Dódó fyrir hennar framlag til knattspyrnunnar á Akranesi.
**Sævar Freyr Þráinsson**
Sævar er Skagamaður í húð og hár, hefur alist upp með fótboltanum og skilur mikilvægi knattspyrnunnar fyrir Akranes. Sævar tók virkan þátt í yngri flokka starfi félagsins en þurfti að láta frá sér sína uppáhalds stöðu til lítt þekktra manna eins og hann segir sjálfur. Sævar hefur síðan komið að starfi félagsins með margs konar hætti, bæði sem styrktaraðili, forsvarsmaður í Club 71 og ekki síst sem stjórnarmaður í knattspyrnufélaginu þá sem varaformaður félagsins. Sævar hefur lagt mikið og óeigingjarnt starf á sig fyrir Knattspyrnufélagið ÍA og vill félagið þakka Sævari fyrir hans framlag til knattspyrnunnar á Akranesi sem og hvetja hann áfram til góðra verka.

**Alexander Högnason**

Alexander Högnason (Alli Högna) var frábær leikmaður ÍA á gullaldarskeiði félagsins frá 1992 til 1996. Alli spilaði sinn fyrsta leik með ÍA árið 1986 á móti ÍBV á Akranesvelli, þá 18 ára gamall. Síðan urðu leikirnir 204 í meistaraflokki og skoraði hann 30 mörk í þeim leikjum. Vinningshlutfall hans í þessum 204 leikjum er 57% sem verður að teljast ansi gott. Alli spilaði 3 A landsleiki fyrir Íslands hönd og 18 leiki með yngri landsliðum Íslands. Knattspyrnufélag ÍA vill þakka Alla Högna fyrir hans framlag til Knattspyrnunnar á Akranesi.

**Margrét Ákadóttir**

Margrét Ákadóttir (Magga Áka) hefur hlotið heiðursmerki Knattspyrnufélags ÍA. Magga byrjaði ung að aldri að æfa fótbolta og var alltaf stutt í keppnisskapið hjá henni. Hún spilaði sinn fyrsta meistaraflokks leik fyrir ÍA árið 1989 þá 15 ára gömul. Leikirnir urðu samtals 137 og skoraði Magga 15 mörk í þeim leikjum. Magga spilaði allan sinn feril fyrir ÍA fyrir utan síðasta tímabilið árið 2001 sem hún spilaði fyrir Breiðablik. Magga á 10 A landsleiki fyrir Íslands hönd sem og 4 U-21 leiki. Þá hefur Magga starfað ötullega fyrir knattspyrnufélagið, þjálfað stelpur í flestum flokkum sem og þjálfað meistaraflokk kvenna á tímabili. Magga hefur einni starfað í stjórnum og ráðum á vegum félagsins og vill Knattspyrnufélag ÍA þakka Möggu fyrir hennar störf.

**Gullmerki:**

**Benedikt Valtýsson**

Benni Valtýs er meðal allra dyggustu stuðningsmanna Knattspyrnufélagsins ÍA. Hann er uppalinn Akurnesingur, fæddur 1946 og fór í gegnum alla yngri flokkana í knattspyrnu á sínum tíma og lék síðan sinn fyrsta leik með Akranesliðinu 1963. Hann festi sig í sessi innan liðsins 1965 og lék til ársins 1975 er hann lagði skóna á hilluna. Hann lék 185 leiki og var meðal leikjahæstu leikmanna liðsins frá upphafi þegar ferlinum lauk. Benedikt var Íslandsmeistari 1970, 1974 og 1975 og lék í fjórum bikarúrslitaleikjum. Þá var hann tvívegis bikarmeistari 2.flokk 1964 og 1965.Benedikt sinnti félagsmálastörfum bæði í kringum knattspyrnuna og innan ÍA og kom einnig að þjálfun m.a. sem aðstoðarþjálfari ÍA liðsins 1978. Knattspyrnufélagi ÍA er heiður af því að veita Benna Valtýs Gullmerki Knattspyrnufélags ÍA.

**Kristín Aðalsteinsdóttir**

Stína Aðalsteins er ein af þeim konum sem ruddu brautina í íslenskri kvenna knattspyrnu. Stína byrjaði snemma að stunda knattspyrnu og dró aðrar stúlkur með sér í fótbolta út um allan Skaga. Hún var alltaf að kenna og hjálpa stelpum sem vildu ná langt og var mikil fyrirmynd þeirra. Á þessu tíma tíðkaðist á 9 ára stelpur mættu á meistaraflokks æfingu því það voru engir yngri flokkar. Stína var síðan árið 1981 valin til að spila fyrsta opinbera landsleik Íslands móti Skotlandi og hefur því skrifað sig á spjöld íslenskrar knattspyrnusögu svo um munar. Stína hætti því miður allt of snemma að keppa og var mikill missir af henni. Knattspyrnufélagi ÍA er heiður að veita Kristínu Aðalsteinsdóttur Gullmerki Knattspyrnufélagsins ÍA.

# Kraftlyftingafélag Akraness

## Aðalfundur

Aðalfundur félagsins var haldinn á Teams þetta árið. Kosið var í stjórn.

Farið var yfir skýrslu síðasta árs með fundarmönnum og ársreikninginn og var það samþykkt einróma af fundarmönnum.

Guðmunda Ólafsdóttir framkv.stjóri ÍA var áheyrnarfulltrúi IA á fundinum

Félagsgjöld voru rædd og haldast þau sama upphæð milli ára 10.000

Farið var yfir gott gengi ársins 2022 þrátt fyrir þrönga húsakosti gekk vel hjá okkur.

| | |
|---|---|
| **Formaður:** | Einar Örn Guðnason |
| **Gjaldkeri:** | Lára Bogey Finnbogadóttir |
| **Ritari:** | Eva Ösp Sæmundsdóttir |
| **Meðstjórnendur:** | Svavar Örn Sigurðsson og Kristín Þórhallsdóttir |
| **Varmenn:** | |

## Kraftlyftingamaður Akraness



Kristín Þórhallsdóttir hefur stundað klassískar kraftlyftingar frá árinu 2019.

Hún keppir í -84 kg opnum flokki fullorðinna og er stigahæsti Íslendingurinn í íþróttinni óháð kyni, þyngdarflokki og aldursflokki.

Helstu afrek Kristínar á árinu eru silfurverðlaun í samanlögðu á Heimsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum í opnum flokki sem fór fram í Suður-Afríku í júní. Einnig komst hún á pall í öllum þremur greinum kraftlyftinga, hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu.
Á árinu fékk hún boð frá franska kraftlyftingasambandinu um að keppa á sterku boðsmóti, Girl Power, í Frakklandi. Mótið var góðgerðarmót til styrktar rannsóknum á brjóstakrabbameini og aðeins konum boðin þáttaka. Þar var keppt að stigum og hreppti Kristín þar annað sætið eftir baráttu um gullið.

Hún hlaut einnig silfurverðlaun á Evrópumeistaramótinu í Póllandi núna í desember og komst þar einnig á pall í öllum þremur greinum kraftlyftinga, þar af með gull í hnébeygju.
Kristín setti fjölmörg Íslandsmet á árinu og tvíbætti Evrópumetin í bæði hnébeygju og samanlögðu.

**Besti árangur Kristínar á árinu er eftirfarandi**:
**Hnébeygja: 230 kg**
**Bekkpressa: 120 kg**
**Réttstöðulyfta: 237,5 kg**
**Samanlagt: 580 kg**

Kristín Þórhallsdóttir er þriðja á heimslista Alþjóðlega kraftlyftingasambandsins (IPF) í sínum þyngdarflokki fyrir árið 2022 og á fjórða besta árangur í samanlögðu sem náðst hefur í þessum flokki í sögunni innan IPF.
Kristín var valin kraftlyftingakona ársins annað árið í röð af Kraftlyftingasambandi Íslands.

## Árangur á mótum

**Íslandsmeistarar aðrir en Kristín Þórhallsdóttir sem áður hefur verið talið upp.**

**Sylvía Ósk Rodrigues**
Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum í -84 kg flokki

**Einar Örn Guðnason**
Íslandsmeistari í klassískri bekkpressu í -120 kg flokki
Íslandsmeistari í bekkpressu óháð þyngdarflokki
Íslandsmeistari í klassískri bekkpressu óháð þyngdarflokki
**Halla Rún Friðriksdóttir**

Íslandsmeistari í klassískri bekkpressu í -76kg flokki öldunga 2
Íslandsmeistari í klassískum kraftlyftingum -76kg öldunga 2
Íslandsmeistari í bekkpressu í -76kg flokki öldunga 2
Annar árangur á árinu var með ágætum.

## Árið 2022

Á árinu varð Kristín kjörin íþróttamaður Akraness þriðja ári í röð. Hún var einnig valin kraftlyftingakona ársins af Kraftlyftingasambandi íslands og náði inn í topp 10 í kjöri um íþróttamann ársins.

Á haustmánuðum 2021 kom upp sú staða að við þyrftum að færa okkur um set því aðstaðan þótti ekki viðunandi af heilsufarsástæðum. Illa gekk framan af að finna húsnæði en upp úr áramótum fannst ný aðstaða og verður flutt inn í hana á fyrrihluta ársins 2022.

Árið markaði spor í vegferð félagsins og á máltækið,, margur er knár þótt hann sé smár‘‘ vel við um okkur og þetta ótrúlega öfluga og sterka félag sem við höfum byggt upp á síðustu árum.

Í lok árs eru 77 skráðir í félagið og er það fjölgun frá fyrra ári.

Einar Örn Guðnason

formaður

# Körfuknattleiksfélag ÍA

## Stjórn félagsins 202:

**Formaður:** Fannar Helgason
**Gjaldkeri:** Ómar Helgason
**Ritari:** Jón Orri Kristjánsson
**Meðstjórnendur:** Ragnheiður Gísladóttir

Aðalfundur Körfuknattleiksfélags ÍA var haldinn í mars 2022 og tók ný stjórn við starfinu

Starfsskýrsla frá félaginu barst ekki í tæka tíð fyrir gerð þessarar skýrlsu.

Getum þó sagt frá því að gengi félagsins gekk með ágætum og starfið að eflast mikið.

Fjölgun var í iðkendahópi um 50 árið 2022 úr 122 í 172 sem er mjög gott.

Nýjung varð á starfinu og boðið upp á krílabolta.

Mfl. Karla ágætlega í 1. deild og var mikil stemming á Vesturgötu á heimaleikjum.

Loksins var hægt að taka á móti gestum og bjóða upp á körfubolta skemmtun á heimaleikjum.

Mikill metnaður er í stjórn að gera vel og enn betur í allri uppbyggingu, er því björt framtíð í körfuboltanum á Akranesi.

IA TV stóð sig frábærlega að sýna frá heimaleikjum félagsins og eiga þeir miklar þakkir skildar fyrir.

Köfuboltamaður ársins var valin Júlíus Duranona




Júlíus hefur tekið miklum framförum á þessu ári, er mikill liðsmaður sem leggur mikið á sig innan vallar sem utan. Júlíus  er orðinn byrjunarliðsleikmaður í meistaraflokki og lykil leikmaður í drengjaflokki,

Júlíus var valin í æfingahóp fyrir u-18 ára landslið og eru æfingar núna milli jól og fyrir næsta sumar.

# Sigurfari - Sjósportsfélag Akraness

## Stjórn Sigurfara

**Formaður:** Guðmundur Benediktsson
**Ritari:** Geir Geirsson
**Gjaldkeri:** Anna Guðrún Ahlbrecht
**Meðstjórnendur:** Björn Óskar Andrésson og Sigríður H. Gunnarsdóttir

**Þó ekki hafi borist ársskrýsla frá Sigurfara fyrir gerð ÍA skýrslu er hægt að birta skýrslu síðasta árs því staðan er sú sama og þá sérstaklega í húsnæðismálum**

Starfsemi Sigurfara er komin í nokkuð fastar skorður og starfsárið 2022 var hefðbundið miðað við árin á undan. Tæplega 50 börn á aldrinum 10-14 ára sóttu siglinganámskeiðin okkar. Félagið býr svo vel að hafa eigin þjálfara, auk þess sem aðstoðarþjálfarar koma úr hópi barna sem sótt hafa námskeiðin okkar. Stærri og rótgrónari félög en okkar eiga í vandræðum með að ráða þjálfara og er gaman að segja frá því að við fengum fyrirspurn af höfuðborgarsvæðinu síðasta vor um hvort þjálfarinn okkar væri á lausu. Að þessu leiti er Sigurfari í góðum málum.



Við tókum þátt í föstum viðburðum, sjómannadeginum og írskum dögum og Faxaflóamót kjölbáta var haldið seinni hluta júnímánaðar. Það er orðinn fastur liður að halda öryggisnámskeið fyrir kayakfólk á vorin. Við stöndum ok kar plikt í öryggismálunum og Gísli rakari, sem hélt fyrirlesturinn, er alltaf boðinn og búinn að aðstoða og við erum honum þakklát fyrir.

Það er einnig ástæða til að koma fram þökkum til fleiri sem lögðu okkur lið við starfsemina. Faxaflóahafnir eru þar efst á blaði fyrir að útvega okkur húsnæði undir starfsemina og sérstaklega er ástæða til að þakka Gísla Gíslasyni fyrrverandi hafnarstjóra þá velvild og áhuga sem hann sýndi félaginu í sinni tíð. Arftaki hans, Magnús Ásmundsson, hefur ekki reynst síðri og þökkum við honum á sama hátt. Hafnsögumönnunum Einari Guðmundssyni og Valentínusi Ólasyni þökkum við einnig, sem og Jóni Sigurðssyni fyrrverandi hafnsögumanni og Helga Hallgrímssyni. Jón og Helgi lögðu til keppnisstjórabát á Faxaflóamótinu. Björgunarfélag Akraness lánaði okkur gúmmíbát til afnota sem öryggisbát á námskeiðunum og sendum við þeim þakkir.



Þegar rennt er í gegnum ársskýrslur Sigurfara ber hæst umræða um húsnæði og aðstöðu og verður sá þráður spunninn áfram. Þessi mál eru farin að leggjast nokkuð þungt á formanninn. Sem fyrr segir hafa Faxaflóahafnir leyft okkur að vera í hafnarhúsinu á sumrin meðan námskeiðin vara, og á veturna hefur floti og farviður verið hýstur í sementsskemmunni, sem er guðs þakka vert, en það húsnæði



heldur ekki vatni eða vindum. Það er augljóst að uppgangur félags verður í besta falli mjög hægur ef félagsaðstaðan er engin. Síðasta haust sendi félagið mjög ítarlega þarfagreiningu til bæjaryfirvalda. Viðbrögðin voru jákvæð og fengum við tilkynningu frá Skóla- og frístundaráði um að erindi okkar yrði vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2022. Bæjarráð vísaði svo þessu þarfa og góða máli frá, þegar á hólminn kom. Við minnum á komandi kosningar.

Í þessari stöðu er illmögulegt að þróa áfram, eða yfirleitt að halda uppi öflugu starfi, hvort sem er að stækka flotann eða að koma upp keppnisstarfi. Með bjartsýni í huga segjum við samt að góðir hlutir gerast hægt. Námskeiðin eru eftirsótt og við höfum heyrt frá almenningi og starfsmönnum hafnarinnar að þeim þyki starfsemi Sigurfara setja skemmtilegan svip á hafnarumhverfið á sumrin. Það er enginn uppgjafartónn í okkur, og mikilvægt er að halda málinu vakandi og þrýsta á.

F.h. stjórnar,

Guðmundur Benediktsson formaður.

# Ungmennafélagið Skipaskagi

**Stjórn Ungmennafélagsins Skipaskaga skipa eftirtaldir:**

**Formaður:** Sigfús Agnar Jónsson

**Gjaldkeri:** Anna Bjarnadóttir

**Ritari:** Jóna Adolfsdóttir (JA)

**Meðstjórnendur:**

Á síðasta aðalfundi UMF Skipaskaga mættu ekki aðrir en stjórn, fulltrúi ÍA var Guðmunda Ólafsdóttirátti

## Skýrsla stjórnar

Formaður (AB), sat formannafundi stjórnar ÍA ásamt því að fylgja nýjum formanni á fundi eftir að hann tók við til þess að kynna honum starfið.

## *Starfsárið 2022*

Árið 2022 einkendist af rólegheitum, félagið fór í smá biðstöðu þar sem þurfti að fá fleiri í stjórn til þess að halda starfi áfram.

Á miðju ári var haldin auka aðalfundur til þess að skipa nýja stjórn og tók Sigfús Agnar Jónsson við formennsku í félaginu.

Haustið byrjað með skipulagi á æfingum í frjálsum. Ekki er mikil aðstaða til í augnablikinu á Akranesi

Það húsnæði sem var laust og hægt að nýta var íþróttasalurinn á Jaðarsbökku.

Byrjað var með æfingar þar einu sinni í viku án endurgjalds og mætlist það vel fyrir hjá bæjarbúum.

Formaður vinnu með forstöðumanni íþróttamannvirkja að finna út með aðstöðu til æfinga.

## *Önnur mál*:

Gestabókin á Guðfinnuþúfu er orðið að föstu verkefni félagsins, alltaf eru fleiri og fleiri sem leggja leið sína á þúfuna og keppni hefur myndast í því að fara sem flestar ferðirnar. Skipaskagi hefur veitt verðlaun til þeirra sem fara flestar ferðirnar og svo eru dregnir út aðrir þátttakendur sem hafa ritað nafn sitt í bókina, að þessu sinni voru dregnir út níu aðrir. Svava Hrund fór flestar ferðirnar á síðasta ári eða 130. Bókin var á þúfunni frá 01. jan– 20.desember sl. ár. Síðustu tvö árin höfum við styrkt Krabbameinssjúkbörn með því að kaupa af þeim konfekt í gjafir fyrir þá sem dregnir eru út.

Ekki voru rukkuð félagsgjöld fyrir árið 2022

# Skotfélag Akraness

**Stjórn félagsins og hvert var starf hennar:**
**Formaður:** Stefán Gísli Örlygsson
**Gjaldkeri:** Óskar Arnórsson
**Meðstjórnendur :** Anton Guðmundsson, Elías M. Kristjánsson og Hafsteinn Þór Magnússon.
**Varamenn:** Þórður Fannar Rafnsson og Ólafur Steinn Ólafsson.

**Helstu verkefni stjórnar 2022:**

Helstu verkefni var bygging á skjólvegg milli haglavalla og almennt viðhald á eignum félagsins. Einnig hélt áfram samtal á milli Akraneskaupstaðar og félagins varðandi landið sem við höfum til afnota. Þetta er komið í deiliskipulagsferli og er félagið í góðu sambandi við forráðamenn bæjarins hvað það varðar. Einnig hefur átt sér samtal við Akraneskaupstað vegna skriðu sem féll í október yfir riffilbrautina.



**Fjáraflanir og fjármál:**

Félagið fékk rekstrarstyrk frá Akraneskaupstað og ÍA alls 602.705 kr (A og B styrkir vegna Covid og rekstrarstyrkur ÍA var 250.000 kr af þessari upphæð). Hagnaður félagsins var 1.240.990 kr.

**Iðkendafjöldi**

Félagsmenn sem greiddu félagsgjald eru 140 og teljast 163 félagar í félaginu.

**Helstu viðburðir og þættir í starfi félagsins**

Félagið stóð fyrir hreindýraprófum Umhverfisstofnunar að venju og voru tekin 85 próf sem er töluverð fjölgun frá fyrri árum.

Félagið sá um verklegt skotvopnanámskeið fyrir Ríkislögreglustjóra, það voru 27 sem tóku námskeiðið að þessu sinni.

Félagið hélt tvö landsmót í SKEET á árinu, í maí og ágúst.

Engin starfsemi var í loftgreinum, þar sem aðstaða okkar hefur ekki skilað sér til baka.



**Þátttaka og gengi í mótum:**
Stefán Gísli varð Íslandsmeistari í SKEET árið 2022.
Stefán tók þátt í 5 landsliðverkefnum: Evrópumeistaramóti í Kýpur, Heimsmeistaramóti í Króatíu, Heimsbikarmóti á Ítalíu, Heimsbikarmóti á Kýpur og Norðurlandameistaramóti í Finnlandi, þar sem hann ásamt liðsfélögum lenti í 2. sæti í liðakeppni.



Auk þess átti félagið 3 aðra keppendur á landsmótum á vegum skotsambandsins, þá Elías M Kristjánsson, Björn G Hilmarsson og Guðrún Hjaltalín

**Viðurkenningar og tilnefning til Íþróttamanns Akraness:**

Skotfélag Akraness tilnefndi Stefán Gísla í kjörinu til Íþróttamanns Akraness.

**Framtíðarsýn og aðrar hugleiðingar:**
Unnið verður áfram að uppbyggingu útisvæða og vonumst til að fá inniaðstöðu okkar í gagnið hið fyrsta svo æfingar geti hafist í loftgreinum að nýju eftir langt hlé, en salurinn á Vesturgötu hefur verið ónothæfur síðan byggingarframkvæmdir hófust þar og óvíst hvenær starfsemi hefst þar aftur. Það hillir undir það á árinu að það verði einhverjar framkvæmdir hafnar vegna inniaðstöðu kúlugreina.

**Lokaorð og þakkir:**
Skotfélag Akraness þakkar fyrir veitta styrki á árinu og félagsmönnum fyrir það góða sjálfboðastarf sem er unnið til að halda uppi starfsemi og uppbyggingu félagsins.

Akranesi 28/2 -2023,

fyrir hönd Skotfélags Akraness

Stefán Gísli Örlygsson, Formaður

# Sundfélag Akraness

Sundárið 2022 hjá Sundfélagi Akraness var árangursríkt, þar sem sundstarfið komst í eðlilegt form hvað varðar sundmót og æfingar. Iðkenda fjöldin var svipaður og árið 2021, skráðir voru 450 iðkendur árið 2022, þá eru taldir allir iðkendur frá ungbarnasundi upp í garpaflokk. Stjórn Sundfélags Akraness er afar þakklát og glöð fyrir þennan mikla áhuga á sundíþróttinni á Akranesi undanfarin ár. Akranesmet og persónulegir sigrar voru unnir í sundlauginni hjá sundmönnum í öllum aldurshópum. Einar Margeir Ágústsson var útnefndur Sundmaður Akraness í kjörinu um Íþróttamann Akraness fyrir árið 2022 þar sem Einar Margeir hafnaði í öðru sæti.

**Stjórn og starfsmenn:**
Stjórn SA breyttist á árinu þar sem Daníel Sigurðsson Glad fór úr stjórn (september 2022) og Maríanna Pálsdóttir kom ný inn í stjórn (september 2022).

**Stjórn SA er skipuð þannig:**

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ágúst Júlíusson |
| Varaformaður: | Guðrún Guðbjarnadóttir |
| Gjaldkeri: | Maríanna Pálsdóttir |
| Ritari: | Þórdís Bj. Guðmundsdóttir |
| Meðstjórnendur: | Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, Nína Björk Gísladóttir og Emilia Orlita |

Yfirþjálfari og framkvæmdastjóri SA var sem áður Kjell Wormdal.

**Starfsmenn 2022:**
Kjell Wormdal A+C hópur (vor 2022) + framkvæmdarstjóri 100 % starfi
Bjarney Guðbjörnsdóttir B-hópur
Guðrún Carstensdóttir C-hópur (haust 2022)
Jill Syrstad Yngri hópar í Bjarnalaug í 50% starf i

**Námskeið á vegum SA:**
Fabio La Marca (Vor 2022) (Ungbarnasund)
Hlín Hilmarsdóttir (Haust 2023) (Ungbarnasund)
Drifa Dröfn Sigríðardóttir (Vor 2022) (Krossfiskar/Fjörfiskar)
Heiður Haraldsdóttir (Haust 2022) (Fjörfiskar )

Guðrún Carstensdóttir (Skriðsundnámskeið)

**Aðstoðarmenn:**

Jóhanna Eze, Íris Rakel Áðalsteinsdóttir, Mateusz Kuptel, Sunna Skarphéðinsdóttir, Íris Arna Ingvarsdóttir, Ragnheiður Karen Ólafsdóttir

**Afleysingar:**

Ágúst Júlíusson og eldri sundmenn úr A-hópur

Sundmenn úr A-hóp voru virkir sem aðstoðarþjálfarar og afleysingaþjálfarar.

**Samantekt um árangur á mótum og öðrum verkefnum.**

**ÍM50**

**Einar Margeir Ágústsson** silfur í 50m og 200m bringusundi

**Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir** brons í 100m skriðsundi

**Kristján Magnússon** silfur í 200m skriðsundi og brons í 50m skriðsundi

**ÍM25 (Fullorðinsflokkur)**

**Enrique Snær Llorens** Gullverðlaun í 400m fjórsundi, silfur í 200m fjórsundi og 200m flugsundi.

**Einar Margeir Ágústsson** Brons í 50m og 100m bringusundi

**Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir** Brons í 50m skriðsundi

**Kristján Magnússon** Brons í 50m skriðsundi

**Boðsund karla** Silfur í 4x100m skriðsundi og brons í 4x200m skriðsundi

(Einar Margeir, Enrique Snær, Guðbjarni og Kristján)

**Boðsund blandað**

Brons í 4x50m fjórsundi (Guðbjörg Bjartey, Ingibjörg, Kristján og Einar Margeir).

**ÍM25 (Unglingaflokkur)**

**Einar Margeir Ágústsson** Gull í 100m fjórsund, silfur í 50m bringusund og brons i 100m bringusund

**Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir** Gull í 50m skriðsund, brons í 200m skriðsund og 50m flugsund.

**Kristján Magnússon** Silfur í 50m skriðsundi

**Landsliðsverkefni**

Mikið um að vera hjá sundfólki frá SA í landsliðverkefnum, þar sem sundfólk frá SA tók þátt í æfingarferðum, mótum og æfingadögum á vegum sundsambands Íslands.

**Æfingarbúðir landsliða á Tenerife (janúar 2022)**

Í ferðina fóru þau Enrique Snær Llorens, Einar Margeir Ágústsson, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir

**Glasgow International Swim meet:**

Landslið Íslands tók þátt í alþjóðlegu sundmóti í Glascow. Í verkefnið fóru þau Einar Margeir Ágústsson, Kristján Magnússon, Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir frá SA.

Það var góð reynsla fyrir sundfólkið að keppa á svona stóru móti, þar sem sum af fremstu sundmönnum í heiminum voru einnig að keppa. Einar Margeir var í 4 sæti í 50m bringusundi og í 6 sæti í 100m bringusundi.

**EMU**

Einar Margeir Ágústsson keppti á Evrópumeistaramóti unglinga sem haldið var í Rúmeníu.

Í 100m bringusundi setti hann Íslandsmet í unglingaflokki þegar hann bætti sinn besta tíma um rúma sekúndu og synti á tímanum 1.03.45, Þessi tími skilaði Einari Margeiri 12. besta tímanum í undanrásum og synti hann aftur í 16 manna undanúrslitum og þar synti hann á tímanum 1.03.77 og hafnaði hann í 15. sæti. Einar bætti sig líka í 200m bringusundi um rúma sekúndu og synti á tímanum 2.23.45 og það skilaði honum 34 sæti. Í 50m bringusundi synti hann við sinn besta tíma 29.19 og endaði í 23. sæti og voru aðeins fjórir á sama aldri og Einar sem syntu greinina hraðar.

**World CUP**

Einar Margeir Ágústsson tók þátt í World Cup í Berlin þar sem 6 keppendur frá íslandi tóku þátt ásamt mikið af sterkasta sundfólki heims.

Einar Margeir synti mjög vel þar sem hann bætti sig í þremur af fjórum greinum sem hann synti og setti þar af þrjú Akranesmet og eitt Íslandsmet í unglingaflokki.

Í 50m bringusundi synti hann á 27.94 sem var bæting um rúma sekúndu en gamla Akranesmetið átti hann sjálfur frá því í júní. Með þessu sló hann einnig Unglingamet sem varði þó aðeins í rúmar 5 mínútur þar sem Daði Björnsson frá SH bætti það á tímanum 27.61.

**Þjáfarar í landsliðverkefni:**

Kjell þjálfari: Æfingabuðir Tenerife, Glasgow International, Norðurlandameistaramót í Bergen.

Bjarney fararstjóri: Taastrup í Danmörku.

**AMÍ**

Helgina 24.-26. júní var Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi haldið í Keflavík. Sundfélag Akraness mætti til leiks með 11 keppendur og endaði í 8. sæti í stigakeppninni aðeins tveimur stigum frá 7. sæti.

Sundfólkið okkar stóð sig mjög vel, bætti sig mikið og mörgum markmiðum var náð.

**Bikarkeppni SSÍ**

Bikarkeppni SSÍ var haldið í desember í Keflavík.

Sundfélag Akraness var með bæði stráka og stelpulið í 1. deild. Strákarnir syntu mjög vel og margar góðar bætingar en því miður settu veikindi og meiðsli aðeins strik í reikninginn um að vera með í topp 3 baráttunni og við enduðum í 5. sæti með 8851 stig. Stelpurnar skipuðu mjög ungt lið að þessu sinni en voru að synda mjög vel. Þær vantaði því miður 72 stig til að halda sig uppi í 1. deild en höfum fulla trú á að bætt verði úr því á næsta ári. Stelpurnar fengu 9705 stig.

**Akranesmet:**

Akranesmetin voru bætt 69 sinnum 2022 !

Árið 2022 voru Akranesmet sundfélagsins slegin 69 sinnum og erum við mjög stolt af sundmönnunum okkar. Þau eru að leggja á sig mikla vinnu og eru svo sannarlega að marka sín spor í söguna og ýta undir að sund á Akranesi er á góðum stað varðandi afrek.

Í fullorðinsflokki voru Akranesmet bætt 23 sinnum í einstaklingsgreinum og 8 sinnum í boðsundi.

Akranesmetin bættu þeir : Einar Margeir 17x , Enrique Snær 5x, Guðbjarni 1x.

Í boðsundum voru það sjö einstaklingar sem áttu þátt í metunum:

Einar Margeir, Guðbjarni, Enrique Snær, Kristján, Sindri Andreas, Ingibjörg Svava og Guðbjörg Bjartey

Í pilta og stelpna flokki (15-17 ára) voru 37 Akranesmet sett, 34 einstaklings og 4 boðsund.

Í einstaklingsflokki voru það: Einar Margeir 30x , Kristján 2x og Guðbjarni 2x, og í boðsundi voru það: Guðbjörg Bjartey, Ingibjörg Svava, Karen, Kristján, Einar og Guðbjarni.

Við hlökkum til ársins 2023 og þeirra vinnu að efla sundíþróttina enn meir.

**Opinn flokkur í 50m laug:**

**Enrique Snær Llorens** 100m baksund og 200m fjórsund

**Einar Margeir Ágústsson** 50m, 100m og 200m bringusund

**4x100m skriðsund:** Sindri Andreas Bjarnason, Enrique Snær Llorens, Einar Margeir Ágústsson og Kristján Magnússon.

**4x100m skriðsund blandað:**

Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Ingibjörg Svava Magnúsardóttir, Einar Margeir Ágústsson og Guðbjarni Sigþórsson

**Opinn flokkur í 25m laug:**

**Enrique Snær Llorens** 100m og 200m baksund og 200m fjórsund

**Einar Margeir Ágústsson** 50m, 100m og 200m bringusund

**Guðbjarni Sigþórsson** 200m skriðsund

**4x50m fjórsund 4x100m fjórsund, 4x100m skriðsund, 4x200m skriðsund**
Kristján Magnússon, Einar Margeir Ágústsson, Enrique Snær Llorens og
Guðbjarni Sigþórsson

**4x50m fjórsund og 4x50 skriðsund blandað:** Kristján Magnússon, Einar Margeir Ágústsson
Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir og Ingibjörg Svava Magnúsardóttir

**Unglingaflokkur 18 ára og yngri:**
**50m laug:**
**Kristján Magnússon:** 50m skriðsund
**Einar Margeir Ágústsson:** 100m skriðsund, 50m-100m-200m bringusund og 200m fjórsund
**4x100m skriðsund blandað:**
